

## SKRÍMSLAHEGÐUN Í ÞJÓÐFÉLAGINU

Það er einhver skrípa- eða skrímslahegðan í þjóðfélaginu sem kemur upp við og við og breytir umhverfi okkar.



ALLA SUNNUDAGA

# RE/MAX

Fasteignablað

www.remax.is - öflugur fasteignavefur



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

15. júlí 2007 – 190. tölublað – 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

### SUNNUDAGUR

#### Komin heim frá New York

Ragnheiður Gröndal segir námið hafa verið hálfgerð vonbrigði.

FÓLK 30



#### Leitar sér hjálpar

Kate Moss vill komast í fremstu röð á ný.

FÓLK 22



#### Langlífur Lýður

Lóttóvinnings-hafinn hefur verið á skjánum í tvö ár. Hann er þar með orðinn einn lífseigasti karakter íslenskrar auglýsingasögu.

FÓLK 30

#### ÍA tók stig í Krikanum

FH og ÍA gerðu 1-1 jafntefli í fyrsta leik seinni umferðar Landsbankadeildar karla í gær.

ÍPRÓTTIR 24



#### VEÐRIÐ Í DAG



**BEST VESTAN TIL** - Í dag verður fremur hæg norðlægt eða breytilegt átt. Bjartviðri vestan til og sums staðar til landsins norðan til, annars skjáð og hætt við lítilsháttar vætu með suður- og austurströndinni. Hiti 8-18 stig, hlýjast vestan til.

VEÐUR 4

## Ferðamenn frá Asíu eyða mestu héraendis

Gjaldeyrstekjur af erlendum ferðamönnum eru mun meiri hér á landi en á hinum Norðurlöndunum. Ferðalög Íslendinga innanlands eru að aukast. Þeir ferðast þó fremur lítið um landið sitt ef miðað er við aðrar Norðurlandþjóðir.

**VIÐSKIPTI** Íslendingar ferðast mun sjaldnar um landið sitt en gerist meðal annarra Norðurlandþjóða. Hér eru gjaldeyrstekjur af erlendum ferðamönnum þó mun meiri en í nágrannaríkjunum. Tekjurnar eru 12,6 prósent allra gjaldeyrstekna en eru undir fimm prósentum á hinum Norðurlöndunum.

Erna Hauksdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar, segir þessar háu gjaldeyrstekjur glögglega sýna hve ferðamannaíðnaður er orðinn mikilvæg atvinnugrein á Íslandi. Stöð-

uga fjölgun erlendra ferðamanna segir hún hafa orðið vegna tækifæra sem sköpuðust þegar ríkisstjórnin tók ákvörðun um að veita auknu fé í kynningu á landinu erlendis. „Það sýnir okkur hversu mikilvægt er að setja peninga í markaðsmál,“ segir Erna.

Gjaldeyrstekjur vegna ferðamanna voru í fyrra um 46.805 milljónir króna, hver ferðamaður eyddi að meðaltali um 111 þúsund krónum. Gistinóttum á hótélum fjölgaði um 528.760 nætur á árunum 1997 til 2006, samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands. Íslendingar

eru um fjórðungur gestanna og þykir það fremur lágt hlutfall miðað við það sem tíðkast á öðrum Norðurlöndum. Í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi er hlutfall innlendra ferðamanna yfir 70 prósent.

Ingólfur Einarsson, aðstoðarhótelstjóri á Grand hóteli, segir fjölgun ferðamanna greinilega. Hann segist mest verða var við fjölgun ferðamanna frá Asíu. Þá segir hann góðan markhóp þar sem þeir eyði hlutfallslega mest ferðamanna. Landkynning í Asíu ætti því að vera góður kostur til lengri tíma lítið.

- þeb/ kdk



HELGA MARGRÉT Þykir efnilegasta frjálsíþróttakona landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Helga Margrét Þorsteinsdóttir: Ein af fimm bestu í heimi

**ÍPRÓTTIR** Sextán ára frjálsíþróttastúlka úr Vestur-Húnavatnssýslu náði í gær besta árangri sem Íslendingur hefur náð á HM unglínging þegar hún endaði í fimmta sæti í sjöbraut.

Aðeins ein jafnaldra Helgu var ofar en hún. Helga kom langfyrst í mark í lokagreininni, 800 metra hlaupi, og vakti mikla athygli en þjálfari hennar úti segir hana vera efnilegustu frjálsíþróttakonu sem Ísland hefur eignast. - óój / sjá síðu 26

## Sævar Karl Ólason: Íhugar að selja verslunina

**FÓLK** Hjónin Sævar Karl Ólason og Erla Þórarinsdóttir íhuga alvarlega að selja skilið við verslun sína í Bankastræti en segja þó að ekkert liggi á. Þau ætli að bíða eftir rétta tilboðinu.

Í viðtali við Fréttablaðið ræða hjónin hugsanlegt brotthvarf úr íslenskrí fatamenningu og hvað framtíðin beri í skauti sér en þau geta vel hugsað sér að hjálpa öðrum í viðskiptalífínu. „Við erum ágæt í því sem við erum að gera og höfum í þjálfu ár þurft að læra á íslenskt viðskiptaumhverfi þar sem allt getur gerst,“ segir Sævar.

- jma / sjá síðu 12



**HANDALÖGMÁL** Til átaka kom milli lögreglu og mótælanda á vegum náttúruverndarsamtakanna Saving Iceland í gær. Mótælandur gengu fylktu liði frá Perlunni og var stefnan sett á Laugaveg. Á Snorrabraut töfðu mótælandur umferð og skarst lögregla í leikinn. Bill fór fyrir göngunni og hófust slagsmál þegar lögreglumenn hugðust handtaka bílstjórnann en hópurinn hafði ekki fengið leyfi fyrir göngunni. Þrír voru handteknir og færðir á lögreglustöð til yfirheyrslu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

## Einar Oddur Kristjánsson látinn

Einar Oddur Kristjánsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, varð bráðkvaddur í fjallgöngu á Kaldbaki á Vestfjörðum um hádegisbil í gær. Óskað var eftir aðstoð þyrlu Landhelgisgæslunnar um klukkan 12, og fór hún ásamt lækni í loftið skömmu síðar.

Einar Oddur fæddist á Flateyri 26. desember 1942, sonur Kristjáns Ebezerssonar skipstjóra og Maríu Jóhannsdóttur símstöðvarstjóra. Hann lætur eftir sig eiginkonu, Sigrúnu Gerðu Gísladóttur, og þrjú börn; Brynhildi, Kristján Torfa og Teit Björn.

Einar Oddur varð framkvæmdastjóri Fiskidjunnar Hjalms 1968 og framkvæmdastjóri Útgerðarfélagss Flateyrar 1974. Hann varð síðar stjórnarformaður Hjalms, Vestfirskis skelfisks og Kambs. Einar Oddur hóf snemma afskipti af stjórnámálum, var formaður Sjálfstæðisfélags Ónundarfjarðar 1968 til 1979 og sat í hreppsnefnd Flateyrahrepps 1970 til 1982. Hann varð stjórnarformaður Vélbátáutgerðarfélagss Ísfirðinga 1984 og var formaður Vinnuveitendasambands Íslands 1989 til 1992.


Einar Oddur var kjörinn á Alþingi 1995 og var þingmaður Vestfjarða og síðar Norðvesturkjördæmis



allar götur síðan. Hann átti sæti í efnahags- og viðskiptanevnd 1995 til 1999, sjávarútvegsnevnd 1995 til 1999, umhverfisnevnd 1995 til 1996, fjárlaganefnd 1999 til 2007, landbúnaðarnefnd 1999 til 2005, heilbrigðis- og trygginganefnd 2002 til 2003, iðnaðarnefnd 2003 til 2006, félagsmálanefnd 2006 til 2007, samgöngunefnd 2007 og stjórn Byggingastofnunar 2007.

### Sunnudagar

Lestur meðal 18-49 ára á höfuðborgarsvæðinu



\*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Capacent í maí 2007

ÓPIÐ TIL 18 Í DAG

## ÚTSALAN ER Í FULLUM GANGI

Smáralind BETRI LEIÐ TIL AD VERSLA

## SPURNING DAGSINS



Ólafur Darri, var þetta barnaleikur?

„Já, í þetta skipti, næst verður það foreldraleikur.“

Kvikmyndin Börn hlaut í fyrirmynd gagnrýnendaverðlaun sem besta mynd kvikmyndahátíðarinnar Zerkalo sem haldin var í Rússlandi. Ólafur Darri Ólafsson leikari hlaut verðlaun fyrir besta leik í karlhlutverki.

## Baldvin Halldórsson látinn

Látinn er í Reykjavík Baldvin Halldórsson, leikari og leikstjóri, á 85. aldursári. Baldvin fæddist á Arngerðar-eyri við Ísafjarðardjúp hinn 23. mars 1923. Eftirlifandi eiginkona hans er Vigdís Pálsdóttir og lætur hann eftir sig þrjú uppkomin börn.



Baldvin stundaði nám við Iðnskólann í Reykjavík og lauk sveinsprófi sem setjari. Hann sótti tíma í leiklist í Leikskóla Lárusar Pálssonar og tók þátt í starfi Leikfélags Reykjavíkur. Frumraun sína í burðarhlutverki á sviði vann hann í Kaupmanninum í Feneyjum 1945. Baldvin sótti frekara nám í sviðsleik til Royal Academy of Dramatic Art í London en hóf störf við Þjóðleikhúsið 1950.

Baldvin helgaði Þjóðleikhúsinu ævistarf sitt, lék þar á sviði nær tvö hundruð hlutverk frá 1950 til 1992. Hann var einn helsti leikstjóri Þjóðleikhússins á árunum frá 1955 til 1978 og setti á svið hátt á fjórða tug leiksyninga, auk þess að leikstýra fyrir önnur leikfélög og Ríkisútlitverki.

### LÖGREGLUFRÉTTIR

#### Kveikt í á fjórum stöðum

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins réði niðurlögum sínuelds í Artúnsbrekku um klukkan 19 í gær. Hafði verið kveikt í á fjórum stöðum, en greiðlega gekk að slökkva. Einnig kviknaði í fellihýsi við Njörvasund, en vel gekk að ráða niðurlögum eldsins.

Slapp ómeiddur út um glugga brennandi íbúðar:

## Pakkar vegfaranda fyrir björgunina

**ELDSVÖÐI** Youssef Lakhall, rúmlega þrítugur íbúi á Miklubraut 50, komst ómeiddur út um glugga á brennandi íbúð sinni laust fyrir klukkan átta í gærmorgun. Alls var 21 í húsinu þegar eldurinn kom upp snemma í gærmorgun.

„Bróðir minn varð fyrir áfalli og er að hvíla sig“, sagði Ismail Lakhall, bróðir Youssefs, sem einnig býr í íbúðinni en var fjarverandi þegar eldurinn kom upp. Ismail segir bróður sinn vilja koma á framfæri innilegu þakklæti til ókunnugs vegfaranda sem vakti íbúa hússins og tilkynnti um eldinn.

Talið er að allir íbúarnir hafi verið sofandi þegar eldurinn kviknaði.

Youssef komst ekki fram á gang vegna reyks en tókst að stökkva út um glugga á húsinu. Fallið var ekki hátt og sakaði hann ekki. Eldurinn barst ekki í aðrar íbúðir en slökkvilið rýmdi allt húsið í öryggisskyni. Auk þess voru sjö reykkaðar sendir inn í íbúðina þar sem eldurinn kviknaði þar sem talið var að fleira fólk væri þar inni. Svo reyndist ekki vera.

Töluverðar skemmdir urðu á íbúðinni þar sem eldurinn kom upp. Það tók slökkviliðið skammta tíma að ráða niðurlögum eldsins.

Eldurinn kom upp í eldhúsi en tildrög eldsvöðans eru til rannsóknar hjá lögreglu.



**MIKLUBRAUT 50** Það var heppni að vegfarandi varð eldsins var og gat gert íbúum viðvart.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

## Lögreglan fjölgar eftirlitsmyndavélum

Eftirlitsmyndavélum í miðborg Reykjavíkur verður fjölgað í áföngum. „Dekkar Kvosina að miklu leyti“, segir aðstoðaryfirlögrelubjónn. Upptökur úr eftirlitsmyndavélum lögreglu hafa nýst sem sönnunargögn við réttarhöld í sakamálu.

**PERSÓNUVERN** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hyggst fjölga eftirlitsmyndavélum í miðborg Reykjavíkur. Þetta segir Árni Þór Sigmundsson aðstoðaryfirlögrelubjónn.



**ÁRNI ÞÓR SIGMUNDSSON**

„Það eru hugmyndir um að bæta við vélum á Laugavegi og víðar. Það hefur ekki verið tekin endanleg ákvörðun um hvenær en þeim verður bætt við í einhverjum áföngum“, segir Árni Þór.

„Þær eru á götuhornum þarna niðri í bæ og dekkja Kvosina að miklu leyti“, segir Árni. Hægt er að fylgjast með Austurstræti, Austurvelli, Ingólfstorgi og Bankastræti, svo fátt eitt sé nefnt.

Myndavélarnar eru ljósnæmar og með aðdráttarlínsu. Þeim má stýra og breyta sjónarhorni þeirra. Á veturna getur reynt erfitt að nýta sumar þeirra vegna snjókomu og slæms skyggis.

„Við höfum fastar og ákveðnar



**EFTIRLITSMYNDAVÉL** Eftirlitið hefur gefið góða raun, að sögn aðstoðaryfirlögrelubjóns.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

reglur um notkun. Það þarf að koma fram beiðni og það hafa fáir aðgang að þessu. Við afmörkunum alla notkun við einhver tiltekinn atvik. Þetta er ekki eitthvað sem við látum fólk fá til almennrar notkunar“, segir Árni Þór.

Að sögn Árna hafa upplýsingar úr eftirlitsmyndavélum nýst sem

sönnunargögn í sakamálu. Einnig sé nokkuð um það að fyrirtæki og einstaklingar afhendi lögreglu myndbandsupptökur vegna rannsókna slíkra mála, til dæmis auðgunarbrot.

„Það hefur haft afdrifaríka þýðingu við rannsókn mála, að geta sýnt fram á að menn hafi verið á ákveðnum stað á ákveðnum tíma, þar sem þeir sögðust ekki hafa verið“, segir Árni Þór.

Eftirlitsmyndavélar nýttust meðal annars við hafa uppi á Ólafi Hrafn Magnússyni, sem stakk mann tvívegis í bakki á bílastæði milli Tryggvagötu og Geirsgötu á Menningarnótt 2005. Var þá fylgst með ferðum mannsins með myndavélum þar til hann náðist á flóttu.

steindor@frettabladid.is

### REGLUR UM RAFRÆNA VÖKTUN

■ Vöktun með leynd er óheimil nema hún stýðist við lagaheimild eða úrskurð dómara.

■ Gera skal viðvart um rafræna vöktun á vinnustað eða á almanna-færi með merki eða á annan áberandi hátt.

■ Rafræn vöktun verður að fara fram í yfirlýstum, skýrum og málefnalegum tilgangi, s.s. í þágu öryggis eða eignavörslu.

■ Við alla rafræna vöktun skal þess gætt að ganga ekki lengra en brýna nauðsyn ber til miðað við þann tilgang sem að er stefnt.

Um 150 manna unglingspartí:

## Stúlkur veittust að lögreglu

**LÖGREGLUMÁL** Lögregla handtók tvær fimmtán ára stúlkur í Hafnarfirði í fyrrinótt. Kvartað hafði verið yfir ólátum í húsi þar sem talið er að um 150 unglingar hafi verið samankomnir.

Húsráðandi reyndist 15 ára stúlka sem brást ókvæða við þegar lögregla mætti á staðinn og sló einn lögreglumanna. Hún var sett inn í lögreglubíl og réðust þá unglingar að lögreglumönnum og köstuðu í þá eggjum. Stallsystir stúlkunnar sló svo lögreglumann þegar hann reyndi að skakka leikinn. Stúlkurnar voru báðar látnar gista í fangageymslu til morguns.

- kdk



**RANNSÓKN LÝKUR Í HAUST** Meint fjárvík konunnar ná aftur til 2001 en komust ekki upp fyrr en 2006.

Fjársvikin í Tryggingastofnun:

## Styttist í að rannsókn ljúki

**LÖGREGLUMÁL** Rannsókn á tryggingasvindli fyrrverandi þjónustufulltrúa Tryggingastofnunar er á lokastigi. „Það tekur tíma að hnýta alla lausa enda því þetta er umfangsmikil rannsókn“, segir Björn Þorvaldsson, settur saksóknari efnahagsbrota.

Konan, sem sökuð er um að hafa sviðið 75 milljónir út úr Tryggingastofnun, hafði unnið sem fulltrúi í þjónustumiðstöð stofnunarinnar í yfir tuttugu ár.

Björn vill ekki fullyrða um fjölda þeirra sem tengjast málinu vegna þess að rannsókninni er ekki lokið. Hann segir að margir hafi verið yfirheyrðir sem saksborningar í málinu.

- lbb

Strandlengjur í hættu:

## Frekari olíuleki undan Ibiza

**SPÁNN. AP** Þremur strandlengjum á eyjunni Ibiza var lokað í gær vegna hættu á olíumengun frá skipinu Don Pedro. Skipið sökk á miðvikudag með um 200 tonn af olíu um borð. Kafarar sem reyndu að laga sprungu í skipinu í gær fundu frekari leka, sem leiddi til lokunar strandanna.

- sun

Rússnesk stjórnvöld sögðu upp sáttmála sem takmarkaði uppbyggingu herafila:

## Ákvörðun Rússa hörmuð víða

**RÚSSLAND. AP** Ákvörðun forseta Rússlands um uppsögn á vígbúnaðarsáttmála var hörmuð víða um heim í gær. Sáttmálinn nýst um fækkun í hefðbundnum herafila í Evrópu, og er því Rússland ekki bundið af því að takmarka fjölda skriðdreka og annarra þunga-vopna.

Vladimir Pútín, forseti Rússlands, tilkynnti um uppsögn sáttmálans í gær, og í tilkynningu frá rússneskum stjórnvöldum er ákvörðunin sögð viðbrögð við óvenjulegum aðstæðum sem hafi áhrif á öryggi Rússlands, og þurft hafi að bregðast við. Ákvörðunin kemur lítið á óvart, enda í samræmi við hótanir undanfarið.

Talsmaður Atlantshafsbandalagsins (NATO) sagði þessa ákvörðun Rússa valda bandalaginu vonbrigðum og vera skref í ranga átt. „Bandalagsþjóðirnar líta svo á að þessi sáttmáli sé mikilvægur hornsteinn stöðugleika í Evrópu og myndu vilja að hann yrði staðfestur sem fyrst“, sagði James Appathurai, aðaltalsmaður NATO.

Bandarísk stjórnvöld sögðust í gær harma ákvörðun Rússa, en í yfirlýsingu kemur fram að viðræður milli landanna þar sem reynt verður að komast að



**UPPSÖGN** Vladimir Pútín Rússlandsforseti tilkynnti í gær um uppsögn á vígbúnaðarsáttmála.

NORDICPHOTOS/GHETTY

samkomulagi um varnarmál muni halda áfram. Samband landanna var þegar kuldalegt eftir deilur um eldflaugavarnarkerfi sem bandarísk stjórnvöld hyggjast setja upp í Evrópu.

- bj

Reykjavík  
871 ±2

Landnámssýningin  
The Settlement  
Exhibition

## Lífið á landnámsöld

Aðalstræti 16  
101 Reykjavík  
www.reykjavik871.is

Sýningin er opin  
alla daga frá 10–17

Minjasafn  
Reykjavíkur

# Chevrolet Captiva

Meiri búnaður – bakkskynjari, aksturstölva, loftkæling o.fl., o.fl...

Meiri kraftur – 16 ventla túrbó dísilvél með 320 Nm.....

Meira rými – 7 manna sportjeppi fyrir alla fjölskylduna.....



Chevrolet Captiva  
7 manna sportjeppinn sem tekið er eftir

## Hlaðinn staðalbúnaði

- Tölvustýrð miðstöð og loftkæling
- ESP stöðugleikastýring (aftengjanleg)
- Hraðastillir (cruise control), stjórnað í stýri
- Bakkskynjari
- 18" álfelgur
- Aksturstölva
- ARP veltivörn
- TOD sjálfvirk drifstýring
- DCS eykur öryggi niður brekkur
- Tölvustýrð spólvörn
- LRS heldur hæð við hleðslu
- Og margt fleira

## Captiva

### Áberandi glæsilegur

Chevrolet Captiva er sportjeppi sem tekið er eftir. Bíllinn er hannaður til að mæta kröfum evrópskra öku-  
manna og útkoman er áberandi glæsilegur bíll. **Kraftmikil túrbó dísilvél** með 5 þrepa sjálfskiptingu.  
Þú getur valið **um 5 eða 7 manna bíl** og því fer vel um alla fjölskylduna. Chevrolet er á Tangarhöfðanum  
og við tökum vel á móti þér.

**Benni**

Tangarhöfða 8-12

Sími 590 2000

www.benni.is

Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Lau. 12.00 - 16.00

Umboðsmenn: Bílahornið hjá Sissa, Keflavík. Bílasalan Ós, Akureyri. Bílasala Austurlands, Egilsstöðum



CHEVROLET

GJALDMIÐLAR	KAUP SALA	
Bandaríkjadalur	59,97	60,25
Sterlingspund	121,87	122,47
Evra	82,55	83,01
Dönsk króna	11,105	11,169
Norsk króna	10,419	10,481
Sænsk króna	9,021	9,073
Japanskt jen	0,4898	0,4926

SDR	91,73	92,27
-----	-------	-------

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR  
111,7641  
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

## Olúfélag fór nýstárlega leið til að manna nýja bensínstöð í Norðlingaholti: Auglýstu störf með dreifibréfi

**VINNUMARKAÐUR** Forsvarsmenn Olíuverslunar Íslands (Olís) fóru óhefðbundnar leiðir til að fá starfsfólk til starfa á nýrri stöð félagsins í Norðlingaholti. Sent var út dreifibréf á föstudaginn sem fór inn á þúsundir heimila í nærliggjandi byggðum. Í bréfinu var fólk hvatt til að sækja um störf á stöðinni.

„Þetta er ný stöð þar sem verður á þriðja tug starfsmanna. Hún er aðeins úr alfaraleið, og þó við höfum auglýst í blöðunum vildum við líka vekja athygli fólks sem býr í hagstæðri akstursleið frá stöðinni,“ segir Ragnheiður Björk Guðmundsdóttir, starfsmann-

astjóri hjá Olís. Hún segir kostnaðinn við þessa aðferð sambærilegan við að auglýsa í blöðum.

Ragnheiður segir þessa aðferð hafa verið valda til að ná til þess tiltekna markhóps sem býr á þessu svæði. Auglýsingar hafi þó einnig verið birtar í blöðum og ráðningarstofur settar í verkið.

Gengið hefur misjafnlega að fá fólk til starfa á bensínstöðvum Olís á undanförmum mánuðum, segir Ragnheiður. „Það virðist vera aðeins betra ástand en í fyrra. Ég held að fólk sé farið að átta sig á því að bensínstöðvar eru lítið öðruvísi en litlar verslanir.“



**BREYTT VIÐHORF** Betur hefur gengið að manna bensínstöðvarnar en á síðasta ári en samt er gripið til nýrra aðferða.

- bj

## Pilturinn sem borðaði sveppi: Fluttur heim með einkaflugvél

**SLYS** Nítján ára íslenskur piltur sem slasaðist þegar hann kastaði sér út um glugga á annarri hæð hótels í Amsterdam var fluttur heim til Íslands með einkaflugvél í gærkvöldi. Pilturinn var undir áhrifum ofskynjunarsveppa þegar atvikið átti sér stað.

Maðurinn hæl- og ristarbrotnaði á báðum fótum og þurfti að gangast undir aðgerðir á sjúkrahúsi. Tryggingar mannsins borga ekki flutninginn þar sem hann var undir áhrifum vímuefna en piltinn þurfti að flytja á sjúkrabörum. Faðir hans hafði unnið að því síðustu daga að koma honum heim og með hjálp vina og ættingja tókst það.

- kdk

## Brenndist í gassprengingu: Röng viðbrögð við brunaslýsi

**SLYS** Maðurinn sem brenndist í gassprengingu í Fljótsdal á fimmtudag er enn í lífshættu og haldið sofandi í öndunarvél.

Í kvöldfréttum RÚV kom fram að ekki var kallað á lækni þegar slýsið varð heldur ók félagi hans honum í einkabíl eina og hálfklukkustund á sjúkrahúsi í Neskaupstað. Þegar þangað var komið var fyrst farið að kæla brunasárin. Það var gert í um fjórar klukkustundir eða til tvö um daginn en þá var maðurinn sendur með þyrlu til Reykjavíkur.

- kdk

## Fimm árásir í höfuðborginni: Barinn með vegstólpa í andlitið

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan hafði afskipti af fimm líkamsárásum á höfuðborgarsvæðinu aðfaranótt laugardags. Fjórar voru í miðborginni.



**STÁLSTAUR EINS OG NOTAÐUR VAR**

Alvarlegasta árásin átti sér stað fyrir utan veitingastaðinn Rex en þar kom lögregla að manni sem hafði verið misþyrmt illa með öflugu barefli. Höfðu tennur hans brotnað auk þess sem hann var nefbrotinn. Lögregla segir að árásarmaður hafi náð að skrúfa upp einn af grænu vegstólpunum sem standa við nokkrar götur miðborgarinnar og notað sem vopn. Hinn slasaði var fluttur á sjúkrahús en árásarmaðurinn gisti fangageymslu.

- kdk

# Samstarf um skráningu Geirþjófsfjarðar

Samtök náttúrustofa stöðu nýlega fyrir rannsóknarleiðangri í Geirþjófsfjörð. Meðal mannvirkja frá landnámsöld sem skráð voru eru Auðarbær, þar sem kona Gísla Súrssonar á að hafa búið, og hin meintu byrgi sem Gísli leyndist í.

**UMHVERFISMÁL** Vel heppnuðum rannsóknarleiðangri á vegum Samtaka náttúrustofa (SNS) í Geirþjófsfjörð er nýlökkið. Alls tóku 28 vísindamenn frá öllum sjö náttúrustofum landsins þátt í leiðangrinum auk nemenda frá Landbúnaðarháskóla Íslands. Tilgangur ferðarinnar var að hefja skráningu á svæðum sem hafa verið lítið rannsökuð náttúrufræðilega. Leiðangurinn markar upphaf að samstarfi þar sem markmiðið er að flýta lýsingu Íslands, efla samband náttúruvísindamanna hér á landi og miðla þverfaglegri þekkingu.

Dr. Þorleifur Eiríksson, dýrafraeðingur og forstöðumaður Náttúrustofu Vestfjarða, var leiðangursstjóri. „Hópurinn naut samvista í þessum undurfagra og afskekktu firði í fjóra daga. Þar var unnið frá morgni til kvölds við að tegundaskrá plöntur, rannsaka vatnalíffræði árinna sem þarna rennur og kortleggja fjöruna. Jarðfræðinni var einnig gert hátt undir höfði auk þess sem fornleifafraeðingar skráðu minjar frá ýmsum tímum.“

Ragnar Edvardsson fornleifafraeðingur var ásamt tveimur kollegum sínum við skráningu í firðinum. Alls skráðu þeir 67 minja-



**FRÁ GEIRÞJÓFSFIRÐI** Hér vinna vísindamenn að skordýrasöfnun í hinum ægífraga eyðifirði. Þar er sagan á hverri þúfu og skráðu fornleifafraeðingarnir 67 minjastaði í ferðinni.

MYND/ÞORLEIFUR

staði. „Við skráðum tvo skála frá landnámi í landi Botns. Annar er kallaður Auðarbær þar sem kona Gísla Súrssonar á að hafa búið. Við skráðum líka hin meintu byrgi sem Gísli á að hafa sótt í á flóttanum.“ Ragnar og félagar skráðu einnig hús og aðrar minjar tengdar búskap í gegnum aldirnar en eitt kom þeim sérstaklega á óvart. „Það er skemmtilegt frá því að segja að við fundum kuml frá því 1980. Reynðar er það hluti leikmyndar kvikmyndarinnar Útlagans, en okkur

þótti rétt að skrá það til að forða fornleifafraeðingum framtíðarinnar frá miklum heilabrotum.“

Nýnæmið með leiðangrinum til Geirþjófsfjarðar er að stofnanir taki sig saman um að skrá svæði sem lítið hafa verið rannsökuð náttúrufræðilega. Vel tókst til og þegar hefur verið ákveðið að gera ferðirnar að árlegum viðburði í starfsemi SNS.

Þorleifur leiðangursstjóri segir mikilvægt að vísindamenn komi saman og beri saman bækur sínar. „Þetta var sannkölluð akademía yngri og eldri vísindamanna. Náttúrustofurnar eru litlar og sérhæfðar og nauðsynlegt að kynast vinnubrögðum vísindamanna innan sérgreina náttúrufræðanna. Árangurinn var mikill og þetta sýnir hvers náttúrustofurnar eru megnugar,“ segir Þorleifur.

svavar@frettabladid.is

## FJÖRÐUR GEIRÞJÓFS VALPJÓFSSONAR

Geirþjófsfjörður er einn af suðurfjörðum Arnarfjarða. Hann er nú í eyði.

Þekkt eyðibýli í firðinum eru Langibotn þar sem Geirþjófur Valþjófssson landnámsmaður er talinn hafa búið og Auðarbær þar sem kona útlagans Gísla Súrssonar bjó í

útlegð Gísla. Hjá bæjarinni eru rústir sem sagðar eru vera af Auðarbæ.

Gísli Súrsson var drepinn í Geirþjófsfirði á klettinum Einhamri. Í hann hefur verið höggvin minning um Gísla Súrsson og Auði Vésteinsdóttur.

**FÁÐU SMÁ SUMAR Í KROPPINN**

**Egils APPELSÍN LIMÓNADÍ**

**SUMARUPPBÓTIN ÞÍN**

### VEÐURSPÁ

um hádegi »

» á morgun

Hæg, breytileg átt.

» þriðjudagur

Hæg, breytileg átt.

Stað	23°C	hálfskýjað	London	23°C	rigning	Friedrichshafen	33°C	léttskýjað
Kaupmannahöfn	22°C	hálfskýjað	Paris	31°C	skúrir	Basel	34°C	léttskýjað
Billund	22°C	rigning	Eindhoven	31°C	hálfskýjað	Alicante	29°C	heiðskírt
Osló	21°C	alskýjað	Frankfurt	34°C	hálfskýjað	Algarve	26°C	hálfskýjað
Stokkhólmur	19°C	hálfskýjað	Berlín	32°C	hálfskýjað	Las Palmas	25°C	hálfskýjað
Gautaborg								

\* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# HÁTÍÐ UNDIR HELGAFELLI

## Skemmtun í dag fyrir alla fjölskylduna á athyglisverðum stað

Við bjóðum til sýningar og skemmtunar fyrir alla fjölskylduna á byggingarsvæðinu undir Helgafelli í Mosfellsbæ í dag. Komdu og skoðaðu lóðirnar á einu athyglisverðasta byggingarsvæði landins og gerðu þér glaðan dag í leiðinni.

### Taktu þátt í fjölskyldufjörinu milli 11 og 16

Láttu Pollapönkið koma þér í stuð  
Smelltu þér á hestbak  
Hittu skemmtilegu álfana í Sauðhóli  
Fáðu þér grillaðar pylsur, hamburgara og gos, kaffi og kleinur

### Helgafellshverfi sameinar marga kosti

Stórar lóðir á athyglisverðum stað  
Síðustu suðurhliðarnar á höfuðborgarsvæðinu  
Fágætt útsýni yfir sundin og til Bláfjalla  
Skjólgt svæði  
Spennandi útivistarsvæði í nágrenninu  
Fjölskylduvænt umhverfi og góð þjónusta

### Það er hægt að gera fleira skemmtilegt í Mosfellsbæ í dag

Skoðaðu safnið á Gljúfrasteini  
Skoðaðu listamannaylenduna í Álafoskvosinni  
Röltu um í nágrenni Helgafells eða jafnvel upp á fjallið  
Stingdu þér í nýju og glæsilegu sundlaugina



Láttu Pollapönkið koma þér í stuð



Spennandi útivistarsvæði í nágrenninu  
Fjölskylduvænt umhverfi og góð þjónusta



Fáðu þér grillaðar pylsur, hamburgara og gos, kaffi og kleinur



Stingdu þér í nýju og glæsilegu sundlaugina

Söluaðilar:  
Helgafellsbyggingar  
Sími 575 6800  
  
Miklaborg  
Sími 569 7000  
[www.helgafell.is](http://www.helgafell.is)

  
**HELGAFELL**  
Athyglisverður staður

## KJÖRKASSINN



Finnst þér rétt að fella öll barr-tré innan þinghelgi Þingvalla?

Já	27,4%
Nei	72,6%

## SPURNING DAGSINS Í DAG

Stundar þú reglulega hreyfingu þér til heilsuþóttar?

Segðu þína skoðun á vísir.is



Stjórnvöld í Norður-Kóreu segjast hafa slökkt á kjarnakljúfi eftir að olía barst:

## Eftirlitsmenn til starfa á ný

**KÓREA, AP** Eftirlitsmenn Alþjóðakjarorkumálastofnunarinnar komu í gær til Pyongyang, höfuðborgar Norður-Kóreu, eftir að þarlend stjórnvöld tilkynntu að þau hefðu slökkt á kjarnakljúfi sínum.

Tilkynning stjórnvalda í Norður-Kóreu kom nokkrum klukkustundum eftir að tankskip með olíufarm sigldi í höfn í borginni Sonbong, en samkomulag hafði náðst um að landið fengi olíu í skiptum fyrir að hætta við áform sín um uppbyggingu kjarnorkuvera.

Eftir erfiðar samningaviðræður þar sem stjórnvöld í Norður-Kóreu sögðu kjarnorkuáætlun sína nauðsynlega til að tryggja öryggi

landsins, samþykktu þau yfirlýsingu þar sem fram kom að Norður-Kórea myndi íhuga að slökkva á kjarnakljúfum í kjarnorkuveri sínu í Yongbyon ef olíusending bærist.

Talsmaður bandarískra stjórnvalda sagðist hæfilega bjartsýnn, og varaði við of mikilli bjartsýni á að framhaldið verði hnökralaust.

Norður-Kórea fékk í gær um 6.200 tonn af olíu, en hefur verið lokað samtals 50 þúsund tonnum verði slökkt á kjarnakljúfum. Talið er að Norður-Kóreumenn hafi framléitt nægilegt magn af plútóníum til að búa til í hið minnsta tólf kjarnorkusprengrur. - bj



**AFTUR TIL KÓREU** Eftirlitsmenn Alþjóðakjarorkumálastofnunarinnar komu til Pyongyang, höfuðborgar Norður-Kóreu, í gær með mikið af útbúnaði.

NORDICPHOTOS/AP

Brutust inn í sundlaug í Vík:

## Ölvaðir fengu sér sundsprett

**LÖGREGLUMÁL** Tveir títugir menn brutust inn í sundlauginn í Vík aðfaranótt föstudags og fengu sér sundsprett. Að sögn lögreglu voru mennirnir mjög ölvaðir og ekki í viðurkenndum sundfatnaði.

Þegar starfsfólk kom til vinnu á föstudag voru mennirnir enn í sundlauginn en stungu af þegar þeir urðu starfsfólksins varir. Mennirnir sluppu þó ekki því þeir þekktu á öryggismyndavélum. Þeir voru yfirheyrðir eftir að hafa sofið úr sér áfengismunna. Mennirnir eru aðkomu-menn en hafa tengsl við Vík. Þeir hafa ekki komið við sögu lögreglu áður. - lbb

Pólska ríkisstjórnin:

## Gæti misst meirihluta sinn

**PÓLLAND, AP** Samstarfsflokkur í pólsku ríkisstjórninni, sem kallast Sjálfsvörn, veltir því fyrir sér að draga sig út úr ríkisstjórnarsam-



ANDRZEJ LEPPER

starfinu, segir Andrei Lepper, leiðtogi flokksins og fyrrverandi aðstoðarforsætisráðherra.

Forsætisráðherrann, Jaroslaw Kaczynski, rak Lepper úr ríkisstjórninni í byrjun vikunnar eftir að pólska lögreglan greindi frá því að sá síðarnefndi væri grunaður um spillingu.

Ef Sjálfsvörn dregur sig út úr ríkisstjórnarsamstarfinu mun ríkisstjórnin ekki hafa meirihluta á pólska þinginu og því gæti komið til nýrra kosninga. Kaczynski segir að hugsanlega verði þær þá haldnar í lok þessa árs. - ifv

## BANDARÍKIN

## Útför Lady Bird

Jarðarför Lady Bird Johnson, eigin konu fyrrverandi Bandaríkjaforseta, Lyndons B. Johnson, fer fram í Texas í dag. Hún lést á miðvikudag, 94 ára að aldri. Núverandi forsetafrú, Laura Bush, var á meðal gesta við minningarathöfn til heiðurs Lady Bird í gær.

## BRETLAND

## Þriðji maðurinn ákærður

Breska lögreglan hefur ákært þriðja manninn vegna sprengjutilræðanna í Glasgow og London í lok júní. Maðurinn heitir Dr. Sabeel Ahmed. Hann var ákærður fyrir að hafa búið yfir upplýsingum sem hefðu getað komið í veg fyrir hryðjuverk.

## SVISS

## Eldsvoði á tónlistarhátíð

44 bílar skemmdust í eldsvoða á Frauenfeld-tónlistarhátíðinni í Sviss í gær. Fimm slökkviliðsmenn slösuduðst lítillga í viðureigninni við eldinn. Lögregla rannsakar upptök eldsins og útilokar ekki íkveikju. Engan af 35 þúsund gestum hátíðarinnar sakaði.

# Byggt á Þingvallalóð fyrrverandi forseta

Sumarhús við Þingvallavatn sem Vigdís Finnbogadóttir átti í mörg ár hefur verið jafnað við jörðu. Núverandi eigandi ætlar að reisa nýjan bústað á sama stað. „Það sem er farið úr mínum höndum kemur mér ekki við,“ segir Vigdís.

**FÓLK** Sumarbústaður við Valhallarstíg á Þingvöllum, sem var í eigu Vigdísar Finnbogadóttur, fyrrverandi forseta Íslands, hefur verið jafnaður við jörðu. Núverandi eigandi, Bogi Pálsson, sótti um endurnýjun og hyggst byggja nýjan bústað á sama stað.

Bogi, sem er stjórnarformaður Flögu Group og var forstjóri Toyota, segir ekki ákveðið hvenær ný bústaðurinn verði reistur, en á svæðinu eru nú aðeins rústir gamla bústaðarins. „Ég er bara að endurnýja sumarhús sem var gamalt og illa farið. Þetta er allt eftir reglum og í samráði við þá sem ráða yfir byggingamálaum á Þingvallasvæðinu,“ segir hann.

Nýi bústaðurinn verður örlítið minni en sá gamli, eða 133 fermetrar. Flatarmál nýrra bústaða á Þingvöllum má ekki fara yfir 90 fermetra, en sá gamli bústaður rifinn má reisa jafn stóran bústað í staðinn, þótt hann fari yfir leyfileg stærðarmörk. Bogi segir vissulega heppilegt að hann megi reisa bústað sem er stærri en 90 fermetrar, en það hafi ekki verið ástæðan fyrir kaupunum.

Bústaðurinn var upphaflega í eigu auðkífingsins Sonju de Zorilla, en hún gaf Vigdísi bústaðinn í forsetatíð hennar. Í nóvember 2005 var bústaðurinn skráður á nafn dóttur Vigdísar, Ástríðar Magnúsdóttur. Þremur dögum síðar var hann seldur Ásdísi Höllu Bragadóttur, forstjóra BYKO. Bústaðurinn var síðan seldur Boga í mars í fyrra, og nú hefur hann verið rifinn.

„Ég hafði nú eitthvað heyrt af þessu,“ sagði Vigdís þegar haft var samband við hana. „Þessi bústaður var seldur og það sem er farið úr mínum höndum kemur mér ekki við.“



**RÚSTIR EINAR** Það eina sem er eftir af gamla bústað Vigdísar Finnbogadóttur er grunnurinn og nokkrar spýtur. Nýtt 133 fermetra sumarhús verður reist á sama stað. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



VIGDÍS FINNBOGADÓTTIR



BOGI PÁLSSON

**VIÐ VATNIÐ** Svona leit bústaðurinn út áður en hann var rifinn. Hann stendur við Þingvallavatn, um einn kílómetra suðvestur af Hótel Valhöll.

Sigurður Oddsson þjóðgarðsvörður segir Boga hafa öll tilskilin leyfi til að endurreisa bústað sinn.

Bæði Þingvallanefnd og byggingafulltrúi hafi samþykkt umsókn Boga. „Ég hef ekki farið þangað, en ég veit að þetta verður byggt á nákvæmlega sama stað og gamla bústaðurinn var.“

salvar@frettabladid.is

## Höfrungur AK 91

Lýst er eftir eiganda /eigendum af bátnum Höfrungi AK 91 sem stendur á Grenjum við skipasmíðastöð P&E á Akranesi.

Ef engin gefur sig fram sem eigandi/eigendur eða ábyrgðarmaður fyrir 1. ágúst 2007 verður bátnum fargað, hann brenndur eða fjarlægður á annan hátt.

Vinsamlegast hafið samband hið fyrsta við bæjarstjórn á Akranesi.

Bæjarstjórnin á Akranesi Sími: 433 - 1000.

... í öruggum höndum

**FASTEIGNASTOFAN**

Fjarðargötu 19 565 5522

**OPIÐ HÚS Í DAG MILLI KL. 15 - 16**

**VESTURBERG 8 - ÍBÚÐ 203**

From

Nýkomin í einkasölu falleg og vel skipulögð íbúð á 2. hæð í mjög góðu fjölbýli. Eldhús nýlega endurnýjað. Íbúðin er 95 fm auk þvottahúss í kjallara. stutt í skóla og leikskóla. Verð 19,9 millj.

Eliás á bjöllu. - Sölumenn verða á staðnum.

Hægt að skoða myndir á [www.fasteignastofan.is](http://www.fasteignastofan.is)

Félag frönskumælandi á Íslandi hélt franska veislu á þjóðhátíðardaginn:

## Bastilludeginum fagnað

**ÞJÓÐHÁTÍÐ** Þjóðhátíðardegi Frakka var fagnað hér á landi í gær, eins og hefð er fyrir. Franska sendiráðið á Íslandi bauð til veislu í Ráðhúsi Reykjavíkur, en að henni lokinni stóð Félag frönskumælandi á Íslandi fyrir hátíð og kvöldverði.

„Félagið hefur verið starfrækt síðan 2001 og við höfum gert eitthvað svona á hverju ári,“ sagði Muriel Léglise, formaður félagsins. Hún segir Bastilludaginn, eins og 14. júlí er iðulega kallaður, jafnan einkennast af miklum hátíðahöldum. „Þetta er mikill hátíðardagur úti, alveg eins og sautjándi júní er hér á landi,“ sagði hún.

Samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands búa rúmlega þrjú hundruð Frakkar hér á landi. Þegar Fréttablaðið náði tali af Muriel í gær bjóst hún við því að stór hluti þeirra myndi leggja leið sína í Ráðhúsið. „Eftir móttökuna þar erum



**FRÖNSK VEISLA** Um sextíu manns fögnuðu þjóðhátíðardegi Frakka á nýjum frönskum veitingastað á vegum Félags frönskumælandi á Íslandi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

við svo um sextíu talsins sem höldum á nýjan franskan veitingastað á vegum Félags frönskumælandi á Íslandi,“ sagði Muriel. Veitingastaðurinn ber nafnið Le Rendez-vous og er í eigu Frakkans Jean-Fran-

çois Guy. „Við höfum verið á mismunandi stöðum á hverju ári, en þetta er sérstaklega skemmtilegt,“ sagði Muriel, sem bjóst við frönskri hátíð og söng fram á kvöld. - sun


http://www.myphotos.com/sumarhus

MY PHOTOS

You aren't signed in [Sign In](#) [Help](#)

Home The Tour Sign Up Explore


Search  Search

 **Sumarbústaðurinn okkar** [View as slideshow](#)  
(New window)

Collections Sets Tags Map Archives Favorites Profile


---

**Lagt af stað**




© All rights reserved.  
Uploaded on Apr 15, 2007  
7 comments

**Allir beint í pottinn!**




© All rights reserved.  
Uploaded on Apr 15, 2007  
11 comments

**Aðalskvísan**




© All rights reserved.  
Uploaded on Apr 15, 2007  
2 comments

**Hvað ertu sterkur?**




© All rights reserved.  
Uploaded on Apr 15, 2007  
1 comments

**Fíni nýi bústaðurinn okkar!**




© All rights reserved.  
Uploaded on Apr 15, 2007  
6 comments

**Lubbi alltaf vinsæll (þ.e. hundurinn)**




© All rights reserved.  
Uploaded on Apr 15, 2007  
15 comments

**Bestu vinir**




© All rights reserved.  
Uploaded on Apr 15, 2007  
0 comments

**Blómarós**



© All rights reserved.  
Uploaded on Apr 15, 2007  
3 comments

**Frábært að ferðast um landið**



© All rights reserved.  
Uploaded on Apr 15, 2007  
12 comments

## Sumarhúsalán

Hjá okkur geturðu fengið Sumarhúsalán til kaupa eða endurbóta á sumarhúsinu þínu.

Kannaðu málið nánar á vefsíðu okkar, [www.byr.is](http://www.byr.is), komdu í heimsókn eða hringdu í síma 575 4000.

\*ATH! Útlán eru háð lánareglum BYRS - sparisjóðs.



BYR - sparisjóður | Sími 575 4000 | [www.byr.is](http://www.byr.is)

Miklar hækkar á hlutabréfamarkaði án stórra fréttakalla á varúð.

## Mikilvægt að áhættan sé ljós

HAFLIÐI HELGASON SKRIFAR

Uppgangur hlutabréfamarkaðar á Íslandi undanfarin ár hefur verið ævintýri líkastur. Árangur við uppbyggingu margra félaga hefur verið ótrúlegur, þar sem tekist hefur að stýra miklum vexti án þess að missa sjónar af arðsemi. Niðurstaða þessa er hópur sterkra fyrirtækja sem hafa byggt undir sig styrkar stoðir.

Ekki er nema á fjórða ár síðan markaðsverðmæti fyrsta félagsins fór yfir hundrað milljarða. Pharmaco, sem nú heitir Actavis, var fyrst til að ná þeim áfanga. Nú hillir undir brotthvarf félagsins úr Kauphöllinni og er þá verðmætið ríflega 300 milljarðar. Áhrif svo mikils innlausnarhagnaðar á markaðinn hafa verið töluverð, enda hafa losnað við þetta á annan tug prósent landsframleiðslunnar þegar eigendur hlutafjár fyrir hátt í tvö hundruð milljarða fá greitt fyrir hlut sinn.

Hættan er, þegar svo miklir fjármunir leita nýrra verkefna, að markaður spennist upp umfram það sem raunsað getur talist. Þegar slíkar hækkar fara af stað freistast margir til að stökkva á vagninn til að taka þátt í veislunni. Langtíma styrkur verðs á markaði ræðst af afkomu og arðsemi fyrirtækjanna. Óraunsæjar skammtímasveiflur leiðréttast sig með tilheyrandi tjóni fyrir þá sem síðastir koma og ekki síður þá sem skuldsætja sig glannalega inn á markaðinn.

Arðsemi fyrirtækjanna hefur verið afar góð og margt sem bendir til að hún verði það áfram. Hins vegar er nauðsynlegt að átta sig á því að það árferði sem ríkt hefur í hagkerfinu og í vexti fyrirtækja mun að öllum líkindum gefa verulega eftir. Þar kemur margt til.

Í fyrsta lagi eru líkur á því að hér innanlands hægi á og því lengur sem tímabil hárra vaxta og sterkrar krónu varir, því meiri er hættan á snarpri leiðréttingu og harðri lendingu. Innlend hagsveifla mun hafa áhrif á eftirspurn á hlutabréfamarkaði, en á móti kemur að tekjur íslenskra stórfyrirtækja og starfsemi þeirra eru nú mestanpart erlendis. Banki eins og Kaupþing náði annað félagi yfir hundrað milljarða virði í ársbyrjun 2004. Virði Kuþþings í dag er yfir níu hundruð milljarðar. Útlit er fyrir að bankinn skili góðri afkomu á fyrri helmingi ársins sem réttlæti fyllilega virðið í dag. Vöxtur bankans hefur byggst á framsýnum stjórnendum og samhentum liði. Hitt hefur svo hjálpað verulega að bankinn réðst inn á völinn þegar ládeyða var á evrópskum mörkuðum og vextir í sögulegu lágmarki. Þar fór því saman ódýrt fjármagn og lágt verð á fyrirtækjum.

Þetta umhverfi hefur breyst. Vextir hafa farið hækkandi og samkeppni um kaup á fyrirtækjum aukist verulega. Verðkennitölur fyrirtækja hafa hækkað. Þetta ástand gerir meiri kröfur til fjárfesta um markviss vinnubrögð og þekkingu á þeim geirum sem fjárfest er í.

Sem betur fer virðist ekki ástæða til að óttast stóra skelli. Stærstu fyrirtækin hafa reynst afar farsæl og innan þeirra hefur orðið til mikil reynsla og þekking á skömmum tíma. Sú reynsla ætti að nýtast til skynsamlegrar uppbyggingar til lengri tíma. Hins vegar er ekki hægt að gera þá kröfu um alla framtíð að stjórnendur skili hlutfallslega sambærilegum árangri á næstu árum og við höfum orðið vitni að þau síðustu. Bjartnýni er góð og mikilvægur eiginleiki til að ná árangri. Hún getur hins vegar breyst í óraunsæi með tilheyrandi tjóni. Hádegisverðurinn er aldrei ókeyppis og því síður dýrðlegar kvöldmáltíðir.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson. AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinnunn Stefánsdóttir. FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir. FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvín Baldvinnson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



## ÁRBÆJARSÁFN - GOTT HEIM AÐ SÆKJA

OPÍÐ ALLA DAGA Í SUMAR FRÁ 10 - 17

Nánari upplýsingar á vefsíðu okkar  
www.minjasafnreykjavikur.is



ÁRBÆJARSÁFN  
Kistuhyl • 110 Reykjavík • Sími 411 6300  
www.minjasafnreykjavikur.is

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Hagfræðingaráðið

Guðmundur Ólafsson, sem margir kalla Lobba, upplýsti í þætti Jóhanns Haukssonar á Útvarpi Sögu að hann hefði sagt sig úr „hagfræðingaráði“ Samfylkingarinnar. Ástæðan hefði verið „arfaviltlausar“ tillögur um hvernig lækka ætti matvælaverð á Íslandi. Hann hefði ekki verið sammála félögum sínum um að rétta leiðin væri að lækka virðisaukaskatt. Stuttu síðar hefði Samfylkingin lagt fram þær tillögur. Hann hefði sent póst og beðist lausnar. Hins vegar vildi hann ekki upplýsa það fyrir kosningar til að valda ekki aftur usla – eins og fræg ummæli hans um Samfylkingu og efnahagsmál ollu.



#### Friðrik V

Friðrik Valur Karlsson matreiðslumeistari og Arnún Magnúsdóttir kona hans opnuðu í vikunni Friðrik V í glæsilegu húsnæði í Kaupvangsstræti, gegnt Hótel KEA á Akureyri. Veitingahúsið nýtur gríðarlegra vinsælda enda maturinn á heimsmælíkvarða. Friðrik ætlar sér stóra hluti í matargerð í framtíðinni. Eru dæmi um að frægir kaupþingismenn í London hafi flogið á einkaþotum sínum til Akureyrar til þess eins að fá sér kvöldverð á Friðriki V. Svo víða hefur hróður hans borist.

#### Biðraðamenning

Margir pirrast út í tilraunir um hraðleið í gegnum öryggishlið á

Keflavíkurflugvelli. Telja þetta forréttindi. Hafa þú þó huga að oft fara þarna í gegn menn og konur sem þurfa vinnu sinnar vegna að fljúga til útlanda fjórum sinnum í mánuði. Lítilt sjarmi yfir því. Þeir sem hneykslast á þessu hljóta líka að vera ósammála því að fólk borgi sig fram fyrir röð í heilbrigðisgerfinu, sem Sjálfstæðisflokkurinn og Björn Bjarnason hafa talað fyrir, þótt það gagnist bæði þeim sem bíða og þeim sem fara fram fyrir og greiða fyrir þá þjónustu. Það sama ætti að ganga yfir alla á þeim vettvangi eins í öðrum.

bjorgvin@frettabladid.is



## Umhverfisvernd með dísil

Að minnsta kosti tvisvar hafði afromvarp fjármálaráðherra um breytingu á skattlagningu dísilbílanna verið svæft í nefnd á Alþingi áður en það var samþykkt og breytingin tók gildi 1. júlí 2005. Ráðgjafar fjármálaráðherra gleymdu virðisaukaskattinum og eftir að bent hafði verið á að Ísland yrði að athlægi ef dísilólía kostaði 10% meira en bensín var olíugjaldið lækkað tímabundið úr 45 kr. í 38 kr. Af einhverjum ástæðum hefur sá 3% mismunur, sem var á verði dísilólíu og bensíns, fyrst eftir breytinguna horfið smám saman!

Nýlega keypti forsetaembættið nýjan bíl. Í stað þess að velja umhverfisvænustu gerð, þ.e. bíl með dísilvél, valdi embættið tvinnbíl en áhrif þeirra á umhverfisvernd orka tvmáelis sé tillit tekið til förgunar þunga rafgeyma þegar þar að kemur.

Nú er annar hver nýr fólksbíll sem seldur er í norðvestanverðri Evrópu með dísilvél. Ástæðan er sú að dísilbílur eru sparneytnari og umhverfisvænari en bensínbílur. Þeir eru heldur ekki háðir neinum þeim annmörkuðum sem takmarka áhuga fólks á rafbílum, tvinnbílum (raf/bensín eða lífgas/bensín) og metanknúnnum bílum.

#### 60-65% virkari varmavél

Þótt hvorug geti talist mjög virk varmavél vegna orku sem tapast í útblæstri, núningi og kælingu, er eðlisfræðilegur munur á bensín- og dísilvél sem gerir dísilvélinu mun virkari en hún nýtir um 35-36% af varmaorku eldsneytis sem hreyfiafl en bensínvélin 21-23%. Brunni í dísilvél á sér stað við stöðugan þrýsting en við stöðugt rúmtak í brunahólfi bensínvélar. Flestir vita að dísilvél togar meira en bensínvél og margir telja það vera vegna meiri slag lengdar. Hið rétta er að vegna þess að bruninn á sér stað og heldur áfram (í mörgum þrepum með rafspissum í nýjustu vélum), eftir að stimpillinn hefur byrjað aflslagið, er hægt að hafa átaksmarm sveifarássins



LEÓ M. JÓNSSON  
Í DAG | Dísilbílur

lengri í dísilvélinni; – hringferill stimpilstangarinnar á sveifarásnum er stærri og því er slag lengdin afleiðing meira snúningsáttaks/togs en ekki orsök. Þessi grundvallarmunur á vélunum skýrir jafnframt hvers vegna eyðsla dísilvélar eykst hlutfallslega minna við aukkið álag (þungur vagn dreiginn upp brekku) og við breytilegt álag (borgarakstur) en bensínvélur.

#### Virk umhverfisvernd

Af einhverjum ástæðum hefur skipulögðum áróðri verið beitt hérhendis gegn fólksbílum með dísilvél. Meira að segja var gerð tilraun til að telja almenningi trú um að það tæki því ekki að hvetja fólk til að skipta yfir í dísilbíla því vetnisbílar væru svo að segja á næsta leiði!

Sparneytni dísilbílur er staðreynd – nágrannaþjóðir hafa hvatt til kaupa á dísilfólksbílum og er það einn þáttur í umhverfisvernd þeirra. Í ágúst í fyrra sýndu starfsmenn FÍB sparneytni nýs dísilbíls af meðalstærð sem þeir óku rúmlega einn og hálfan hring umhverfislandið á einni tankfylli. Meðaleyðsla reyndist 3,5 lítrar af dísilólíu/100 km. Á þessu ári vann sams konar dísilbíl sparakturskeppni með svipaðri meðaleyðslu sem ekki verður leikin eftir á bensínbíll sömu stærðar.

#### Fordómar

Vegna slægs eftirlits lögreglu eru hér í notkun úrsérgengnar dísilruðslur; illa farnir dísilvörubílar og gamlar rútur sem spúa svörtum

reyk vegna slits og ólags – bílar sem umsvifalaust væri kliept af t.d. í Þýskalandi. Þetta gamla drasl viðheldur fordómum gagnvart dísilbílum. Um síðustu áramót var brennisteinsinnihald dísilólíu í Evrópu og Bandaríkjunum lækkað niður í næstum því ekki neitt (nýr staðall). Þar með var hægt að nota hvarfakúta í útblásturskerfum dísilvéla sem ásamt öragnasium gera það að verkum að skaðsemi þeirra, með tilliti til umhverfis og andrúmslofts, er miklu minni en bensínbílur af sömu stærð. Dísilvélar endast að jafnaði lengur en bensínvélar og efnainnihald útblásturs er mun stöðugra en bensínbílur (t.d. að vetri).

Minn dísilfólksbíll eyðir sex lítrum og hefur gert sl. tíu ár eða þá 340 þúsund km sem bílurinn hefur verið ekið. Vélin er í fínu lagi, hreyfir ekki smurólíu og hefur einungis þurft eðlilegt viðhald. Á blinn hef ég notað rúmlega 20 þúsund lítra af dísilólíu. Hefði ég ekið bíl af sömu tegund og gerð með bensínvél jafn lengi hefði ég notað 34 þúsund lítra af bensíni. Þetta er virk umhverfisvernd!

En hvað gerir ríkisstjórnin til að stuðla að umhverfisvernd? Lítum á eldsneytisverðið með sjálfsþjónustu nú um miðjan júlí: Ísland: Orkan Ak. ódýrast. Bensín 119 kr. Dísil 118,70 Dísil lægra um 0,25%.

England: Ódýrast meðalverð. Bensín 93,9 p. Dísil 93,8 p. Dísil lægra um 0,1%.

Danmörk: Shell, meðalverð. Bensín 10,40 Dkr. Dísil 8,91 Dkr. Dísil lægra um 14,3%.

Þýskaland: Shell, meðalverð. Bensín 1,36 E. Dísil 1,15 E. Dísil lægra um 15,4%.

Svíþjóð: Q8, meðalverð. Bensín 11,84 Skr. Dísil 10,29 Skr. Dísil lægra um 13,1%.

Færeyjar: Shell, meðalverð. Bensín 9,04 Dkr. Dísil 6,55 Dkr. Dísil lægra um 27,5%.

Höfundur er iðnaðar- og vélataeknifræðingur.

## Að hlúa að sprotum

### UMRÆÐAN

Palestína

Ímeira en hálfu öld hefur „ástandið fyrir Íbotni Miðjarðarhafs“ verið eitt helsta fréttaefti af vettvangi alþjóðamála. Eftir að lokaviðræður um frið fóru út um þúfur árið 2000 hófst á ný uppreisn á sjálfstjórnarsvæðum Palestínumanna og samhlíða hertu Ísraelsmenn á hernámstökum sínum á svæðunum. Aðgangsharka Ísraelsmanna hefur grafið undan fylgi við hófsöm stjórnmálaöfl meðal Palestínumanna.

Ástandið í Palestínu er nú afar viðkvæmt. Palestínumenn búa við vonleysi og óbeita á hernámsvaldinu. Vonleysi elur af sér öfgastefnur og ofbeldi. Ný ríkisstjórn Palestínumanna er völt í sessi og þarf að geta bætt kjör og aðstæður venjulegs fólks og bundið enda á óvissu, ótta og óöryggi. Því skiptir miklu að þjóðir heims vinni hratt og vel að því að binda Ísraelsmenn og palestínsk stjórnvöld við raunhæfa friðaráttelun og hefji nú þegar efnahagslega uppbyggingu á herteknu svæðunum.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra heimsækir nú Palestínu. Hún mun í heimsókninni fá



ÁRNI PÁLL ÁRNASON

beina og milliliðalaus sýn á stöðu mála og leggja þannig grunninn að vandaðri stefnumörkun íslenskra stjórnvalda í málefnum Palestínu. Utanríkisráðherra hefur þegar rætt stöðu mála í Palestínu við utanríkisráðherra Noregs, en Norðmenn hafa um áratugaskeið gegnt lykkihlutverki í friðarumleitunum þar.

Þegar utanríkisráðherra kemur heim frá Palestínu mun hann gefa utanríkisráðgjafi skýrslu um heimsókn sína og viðræður við erlend starfssystkin. Í kjölfar þess er óskandi að viðtæk samstaða náist í utanríkisráðgjafi um aðgerðaaætlun Íslands í málefnum Palestínu, enda löng hefð fyrir viðtækri samstöðu á Alþingi um stefnumörkun í málefnum Palestínu. Mestu skiptir að við stöðjum við pólitísku og efnahagslega uppbyggingu í Palestínu. Það er gömul saga og ný að ef friðflytjendur eru þess ekki umkomnir að bæta kjör fólks og breyta aðstæðum þess til hins betra, eykst spurn eftir boðberum öfga og haturs. Það er verkefni okkar allra að stöðja við sprota vonar og uppbyggingar í Palestínu.

Höfundur er varaformaður utanríkisráðgjafi Alþings.





abc

BARNAHJÁLP

# Gefðu barni tækifæri

**Pú getur lagt þitt af mörkum með því að kaupa ABC spjald**

ABC barnahjálp sér þúsundum barna í þróunarlöndum fyrir skólagöngu, mat og læknisaðstoð auk heimila þar sem þörf er á.

ABC barnahjálp er íslenskt hjálparstarf, sem sendir framlög stuðningsaðila og söfnunarfé óskert til hjálpar þurfandi börnum.

**Upphæðin á ABC spjaldinu rennur óskert til hjálpar þurfandi barni**



**ABC spjöldin fást í  
verslunum 10-11**

1011

...alltaf opið!

[www.10-11.is](http://www.10-11.is)

JACQUES DERRIDA FÆDDIST Á ÞESSUM DEGI ÁRIÐ 1930.

„Ég hef aldrei látið undan þeirri freistingu að vera óskiljanlegur bara til þess að vera óskiljanlegur. Það væri bara fáránlegt.“

Franski heimspekingurinn Jacques Derrida, sem þekktur var fyrir að vera forspakki afbyggingarinnar, lést árið 2004, 74 ára að aldri.



# tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 15. JÚLÍ 1606

## Meistari kemur í heiminn

Rembrandt Harmenszoon van Rijn fæddist 15. júlí árið 1606 í Leiden í Hollandi. Hann er talinn einn mikilvægasti og besti málari í evrópski listasögu.

Faðir Rembrandts var málari og móðir hans dóttir bakara. Hann gekk í latínuskóla sem drengur en hugur hans hneigðist fljótt til lista og fór hann í læri til málara. Eftir námið opnaði hann vinnustofu í Leiden.

Árið 1929 var Rembrandt uppgötvaður af stjórnmálamanninum og skáldinu Constantijn Huygens, sem vakti athygli Friðriks Hinriks prins á málaranum. Prinsinn keypti málverk af Rembrandt í mörg ár.

Í upphafi tuttugustu aldar var talið að Rembrandt hefði gert yfir 600 málverk, 400 ætímyndir og um 2.000 teikningar á ævinni. Nýlegar rannsóknir benda þó til þess að málverk hans hafi verið færri, um 300.

Hann var afkastamikill í sjálfmyndum en til eru um hundrað slíkar.

Það sem einkenndi verk hans var tækni byggð á ljósi og skuggum sem rekja má til Caravaggio en Rembrandt lagaði að eigin stíl. Þá þykir hann sýna fyrirmyndir sínar í raunverulegu og lífleðu ljósi auk þess sem málverkin endurspeglar samúð hans með fólki óháð aldri og auð.



SJÁLFSMYND Málarrinn gerði um hundrað sjálfsmýndir.

## MERKISATBURÐIR

- 1815** Napóleón gefst upp og er síðar fluttur til Sankti Helenu.
- 1830** Þrír þjóðflokkar indjana; Sioux, Sauk and Fox, undirrita sáttmála þess efnis að þeir gefi Bandaríkjunum stærstan hluta Minnesota, Iowa og Missouri.
- 1939** Fyrsta konan til þess að fljúga í kringum jörðina, Clara Adams, nær takmarki sínu.
- 1961** Spánverjar samþykkja að kynin eigi að njóta jafnréttis.
- 1970** Þrjár strætisvagnar brenna í stórbruna sem verða í verkstæðisbyggingu Strætisvagna Reykjavíkur.

KRISTJÁN ÞÓR JÚLIÚSSON: FIMMTUGUR Í DAG

## Gleði í góðra vina hópi

„Það leggst alveg dásamlega í mig að verða fimmtugur,“ segir Kristján Þór Júlíusson, alþingismaður og fyrrverandi bæjarstjóri á Akureyri, og bætir við: „Við hjónin héldum upp á afmælin okkar sameiginlega í gær því við eigum bæði fimmtugsafmæli á árinu. Guðbjörg, konan mín, varð fimmtug 12. janúar svo okkur fannst alveg kjörið að gleðjast í góðra vina hópi og buðum því til okkar vinum, kunningjum og samstarfsmönnum.“

Kristján stefndi að því að taka það rólega í júlímánuði og vera sem mest í frí en segir það hafa þó gengið upp og ofan. „Maður er náttúrulega að búa sig undir nýjan vinnustað. Það var stutt þing í vor og gaman að kynnst því hvernig hlutirnir ganga fyrir sig þar. Þar er að koma inn mikið af nýju fólki með nýtt vit og verklag svo það verður spennandi að sjá hvernig það spilar saman á haustþinginu,“ segir Kristján, sem kosinn var á þing í alþingiskosningunum í vor. Hann bætir því við að hann hafi alltaf haft gaman af að taka við nýjum áskorunum, hvort sem þær varða aldur, áhugamál eða vinnu.

Spurður að því hvort hann muni flytja til höfuðborgarinnar þegar þingsetan hefst segir Kristján: „Nei, ég ætla ekki að flytja suður heldur ætlum við fjölskyldan að búa áfram á Akureyri. Ég mun hins vegar fá mér íbúð í Reykjavík til að eiga þar afdrep.



GLÖÐ UNDIR GULLREGNI Hjónin Guðbjörg og Kristján Þór eiga bæði fimmtugsafmæli á þessu ári og glöddust yfir áfanganum í góðra vina hópi í gærkvöldi.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA.JS

Þar ætlum við að búa saman í vetur ég á milli þegar með þarf,“ segir hinn fimmtugi alþingismaður Kristján Þór Júlíusson.

sigridurh@frettabladid.is



Elskulegur eiginmaður minn, pabbi okkar, tengdafaðir og afi,

**Ólafur Ólafsson**

Njálsgötu 43a, Reykjavík,

lést á Landspítala Hringbraut miðvikudaginn 11. júlí sl. Útförin verður auglýst síðar.

Jenney Þorlákadóttir

Vigdís Ólafsdóttir

Guðmundur Agnar Ernuson

Ólafur Ólafsson

Jóna Guðrún Sigurðardóttir

Þorlákur Magnús Sigurðsson

Ólafur Guðmundsson

Thelma Rut Guðmundsdóttir



Okkar ástkæra eiginkona, móðir, dóttir, systir, barnabarn, tengdadóttir og mágkona,

**Hildur Sif Helgadóttir**

Katrínarlind 5, Reykjavík,

lést á krabbameinsdeild LHS, mánudaginn 9. júlí. Útför hennar verður gerð frá Hallgrímskirkju mánudaginn 16. júlí kl. 13.00. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á Ljósið, endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð fyrir krabbameinsgreinda og aðstandendur þeirra.

Áspórr Sædal Birgisson

Þórður Helgi Friðjónsson

Helgi Björnsson

Kristín Guðmundsdóttir

Björn Helgason

Magnús Yngvason

Helga Heiða Helgadóttir

Björn Helgason

Jensína Óskarsdóttir

Birgir Guðmundsson

Björgvin Þorleifsson

Hanna Ásgeirsdóttir

Sigríður Birgisdóttir

Pétur Elvar Birgisson

Bryndís Ósk Birgisdóttir

Ásdís Björgvinsdóttir



Yndisleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Gyða Sigvaldadóttir,**

fyrirverandi leikskólakennari,

andaðist á Líknardeild Landakotspítala að kvöldi 11. júlí.

Kristján Guðmundsson

Hólmfríður Kristjánsdóttir

Jón Eiríksson

Kristján Jónsson

Gyða Dögg Jónsdóttir

Daníel Þór Hafsteinnsson

Eiríkur Jónsson

Sara Antonía Danielsdóttir



Okkar ástkæra

**Gréta S. Svavarsdóttir,**

Grundarsmára 3, Kópavogi,

andaðist 12. júlí á líknardeild Landspítalans í Kópavogi. Útförin fer fram frá Digraneskirkju fimmtudaginn 19. júlí kl. 15.00.

Guðmundur Gunnlaugsson

Óskar Bragi Guðmundsson

Ingvar Geir Guðmundsson

Óliver Aron Guðmundsson

Svavar B. Bjarnason

Gunnlaugur B. Óskarsson

og systkini hinnar látnu.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og bróðir,

**Pétur G. Jónsson**

vélvirki, Holtagerði 13, Kópavogi,

sem lést á Landspítalanum við Hringbraut fimmtudaginn 12. júlí verður jarðsunninn frá Hallgrímskirkju miðvikudaginn 18. júlí kl. 13.00.

Margrét Veturliadóttir

Jóna Lilja Pétursdóttir

Jón Pétur Pétursson

Gunnar Pétursson

Katla Þorsteinsdóttir

Þorlákur Pétursson

Margrét P. Cassaro

afabörn, langafabörn og systkini.

Kristín Guðmundsdóttir

Lísabet Grímsdóttir

Sigríður Sigmarsdóttir

Sigurgeir Gunnarsson

## Lummur á hlóðum

Í gamla bænum Laufási við Eyjafjörð verður hægt að fylgjast með fólki við ýmsa iðju sem tíðkaðist í gamla daga sunnudaginn 15. júlí milli 13.30 og 17.00. Þar getur fólk fengið svör við því hvernig smjör verður til, hvernig fólk fór að því í gamla daga að gera skyr, hvernig hægt er að gera við gamla torfbæi og hvernig fólk fór að við heyskap fyrir tíð heyrinnsluvéla.

Dagskráin hefst í kirkjunni klukkan 13.30 þar sem Gerður Bolladóttir syngur við undirleik Hlínar Erlendsdóttur fiðluleikara og Sophie Schoonjans hörpu-leikara.

Í gamla bænum verður fólk að störfum. Tóvinnna verður í baðstofunni. Kynt verður undir hlóðum og bakaðar gömsætar lummur. Gestum



LAUFÁS Ýmislegt verður á döfni í Gamla bænum í Laufási í Eyjafirði.

og gangandi verður boðið að smakka á ýmsu góðgæti sem unnið verður í gamla bænum. Torfmenn verða að störfum við endurgerð hlóðaeldhússins og litlu stofu og því hægt að fylgjast með þeirri merkilegu vinnu.

Veitingasala er í gamla presthúsinu, en þar er hráefni úr héraði í hávegum haft.

Opnunartími í Laufási er 9-18 alla daga.



## Legsteinar og fylgihlutir

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

MOSAÍK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík  
Sími 587 1960 www.mosaik.is



## 60 ára afmæli

**Þorgrímur Benjaminsson**

skipstjóri

er sextugur í dag.

# MAX

## RAFTÆKI

### Playstation 3

**58.989 kr.**

Fullt verð ~~64.989~~



Playstation 3  
fylgir frítt með!

**47" LCD**

#### Philips 47PFL7642D

- 47" LCD Pixel Plus breiðtjaldssjónvarp
- Full HD 1080p
- Upplausn: 1920x1080 punktar
- Pixel Plus HD myndtækni
- Progressive Scan
- HD Ready
- Skerpa: 5.000:1 og svartími: 8ms
- Anti-Reflection - minnkar glampa
- Innbyggður digital DVB-T móttakari
- 2 x 20w Nicam Stereo hljóðkerfi með Incredible Surround
- 3 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi

**399.989 kr.**

Fullt verð ~~509.978~~



**32" LCD**

**69.989 kr.**

Fullt verð ~~99.989~~

#### DiBOSS LT32A2HM

- 32" HD Ready LCD breiðtjaldssjónvarp
- Upplausn: 1366x768 punktar
- Progressive Scan
- Skerpa: 800:1 og svartími: 8ms
- Antireflex og Digital Comb Filter
- 14w Nicam Stereo hljóðkerfi
- 2 Scart (með RGB), HDMI, Component, SVHS og heyrnartólstengi
- VGA tengi



**32" LCD**

**99.989 kr.**

Fullt verð ~~149.989~~

#### Samsung LE32R32

- 32" LCD veggssjónvarp
- HDTV háskerpusjónvarp
- 1366 x 768 punkta upplausn
- Mynd í mynd (1 tuner)
- DVI, Component, SCART x 2, PC (D-sub), Composite og S-video



**17.989 kr.**

Fullt verð ~~21.989~~

#### Apple IPOD NANO 2GBS

- 2GB iPod Nano MP3 spilarir - Silfur
- 1.5" LCD lítaskjár (176x132 pixlar)
- Allt að 500 lög eða 25.000 myndir
- Endist í 14 tíma á einni hleðslu
- Þyngd aðeins 43gr

### DVD ferðaspilari

12 og  
220 volt

Má festa aftan  
á sætispuða  
í bílnum!



**9.989 kr.**

Fullt verð ~~16.989~~

#### United DVD7046

- 7" TFT skjár
- Upplausn: 480 x 234
- Format: 4:3 / 16:9
- Built-In Dolby Digital Decoder
- Multi OSD
- Innbyggðir 2x 1W hátalarar
- Anti Shock

- Spilar DVD, DVD-R, DVD+R, DVD-RW, DVD+RW, VCD, S-VCD, CD, CD-R, CD-RW, JPEG, DivX (MPEG-4, DivX 3.11, DivX 4.x, DivX 5.x), WMA



**79.989 kr.**

Fullt verð ~~94.989~~

#### Permasteel 35452 gasgrill

- 55.000 BTU
- Ryðfrítt stál
- 3 línubrennarar
- 1 bakbrennari "infraréd"
- 1 hliðar eldunarhella
- Grill snúningsteinn og mótör
- Grillgrind úr ryðfríu stáli
- Efri grind úr ryðfríu stáli
- Raf kveikja

**FRÍ HEIMSENDING  
FRÍ SAMSETNING**

Ef grillið er keypt  
fyrir kl. 16.00  
sendum við það  
heim í dag!

**7.989 kr.**

Fullt verð ~~11.488~~

#### Exido 244002

- Óflug 700w safapressa
- Tekur hart grænmeti og heila ávexti
- Óþarfi að taka fráen úr eða börkin af
- Tveir hraðar
- 1,8 lítra matari
- Auðvelt að hreinsa



Bókin fylgir á meðan birgðir endast!

**5.989 kr.**

Fullt verð ~~7.989~~

#### Melissa 640061

- Einföld og góð 1800w ryksuga
- 5 filtera kerfi með HEPA útblásturssíu
- Stíllanlegt króm rör
- Gúmmihjól
- Notar MNI2160 ryksugupoka

**5.489 kr.**

Fullt verð ~~5.489~~

**Úrval PS3 leikja**



2xCD  
í Brekkunni: Eyjalögin  
Tveir CD með öllum  
vinsælustu eyjalögunum

**1.689 kr.**

Fullt verð ~~2.289~~

OPNUNARTÍMI

Mánudaga til föstudaga kl. 11-19.

Laugardaga kl. 11-18 og Sunnudaga kl. 12-18.

**Frábær  
tækjakaup**

MAX / Kaupþúni 1 / 210 Garðabæ / Sími 412 2200

**Við erum beint á móti IKEA**

**MAX**

# Engin silfurskeið í munni

Gangir þú niður Bankastrætið skaltu svipast um eftir snaggaralegum og gráklæddum manni sem skýst yfir götuna eins og elding, býður glettnislega góðan daginn og bregður á leik með samborgurum sínum. Maður þessi selur sum af flottustu vörumerkjum fata-menningar heimsins og er sjálfur eins konar vörumerki Bankastrætis. **Sævar Karl Ólason** og **Erla Þórarinsdóttir** hafa í meira en þrjátíu ár breytt götmynd Íslendinga svo að um strætin hafa ýmist blásið ferskir Burberry-vindar eða Prada-strekkingur. **Júlía Margrét Alexandersdóttir** hitti hjónin, sem standa nú á tímamótum.

**P**ótt kaupmannshjónin hafi oft sett áberandi mark á klæðaburð Íslendinga er víst að Bankastrætið sem slíkt væri ekki samt ef Sævars sjálfs nyti þar ekki við til að lífga upp á mannlífið. Í síðustu viku bárust engu að síður fréttir um að Sævar Karl og Erla væru reiðubúin til að selja fyrirtækið, bærst gott tilboð. „Jú, það er svo sem rétt að við höfum fengið tilboð en við erum samt ekkert á förum á stundinni, það er nóg að gera í búiðinni,“ segir Sævar og Erla bendir út í garð þeirra á Smáragötu og segir að þau kvíði síður en svo verkefnaleysi fari svo að þau breyti til. „Það hefur enginn tíma verið til að sinna garðinum og svo eigum við börn og barnabörn erlendis sem væri gaman að geta eytt meiri tíma með en við erum bara ekki farin að hugsa það langt.“

Sævar segir aldrei að vita nema þau hjón, með alla sína reynslu, fari út í að hjálpa og ráðleggja öðrum með sinn rekstur. „Við erum ágæt í því sem við erum að gera og höfum í þrjátíu ár þurft að læra á íslenskt viðskiptaumhverfi þar sem allt getur gerst. Og það er auðvitað eins og rússíbani – þar sem allt fer upp eina mínútu og þá næstu niður – endalausar öfgar. Hver veit nema við förum út í það að leiðbeina einhverjum – konan mín er eldklár,“ segir Sævar spöskur án þess að vilja fara út í það nánar.

## Sjö ár í slökkviliðinu

Þótt verslunargatan Bankastræti og Sævar séu eins og samstiga mæðgin eiga Sævar og Erla sér þó sögu sem hefst á allt öðrum stað. Sú saga hefst um miðbik síðustu aldar og í þeirri sögu er hvergi að finna silfurskeið í munni. Dömunar fyrst: „Foreldrar mínir, Sigríður Björnsdóttir og Þórarinn Þorkelson unnu bæði lengst af í Þjóðleik-húsinu, faðir minn næstum því frá upphafi. Hann var húsgagnasmiður og sinni ýmsum störfum í leikhúsinu og þegar hann féll frá árið 1988 var hann yfirvörður þar á bæ og móðir mín sá um gestamóttöku. Við bjuggum í Hlíðunum fyrstu 11 ár ævi minnar en fluttum svo í Laugarneshverfið og úr Laugarnesskólunum fór ég í Kvennaskólann í Reykjavík,“ segir Erla en tungumál lágu vel fyrir henni og sem ung stúlka dvaldi hún meðal



annars eitt ár í Ameríku og sumar í Þýskalandi.

Sævar átti einnig heima í Laugarneshverfinu og var í Laugarnesskóla. Faðir hans, Óli Þóríksson, vann alla sína starfsævi hjá Shell og móðir hans, Bergljót Ólafsdóttir var eftirsóttur kjóla-meistari og sá borgarfrúnur fyrir flottustu ballkjólunum. Eplið fellur þar stutt frá eikinni en Sævar segir þó að hann hafi aldrei ætlað að vinna við það sama og móðir hans. „Hún var alltaf að vinna og kunnarnir voru kröfuharðir og létu sig engu skipta hvort það voru jól eða annað. Hún helgaði sig starfinu og svo fór hún að kenna greinina við Iðnskólann en hún var svolítt frumkvöðull í því að sækja sér menntun erlendis sem og í kennslunni.“

Hvað sjálfan mig snertir þá hefur mér alltaf legið svo óskaplega á og ég hafði frétt af því að á heima-vistarskólunum að Núpi væri hægt að taka gagnfræðaskólann á tveimur árum í stað fjögurra.“ Eftir gagnfræðapróf frétti Sævar svo af öðrum skóla sem hann gæti einnig tekið á skömmum tíma, en það var Loftskeytaskólinn og kláraði Sævar hann á tveimur árum. „Eftir námið fór ég á sjó og var loftskeytamáður á togara í þrjú ár.“ Þegar hér var komið sögu áttu Sævar og Erla orðið tvö börn en einhvers staðar þarna í ódagotinu höfðu þau kynnst á dansleik á Borginni og féllt hugi saman 17 ára gömul. Loftskeytamenn voru eftirsóttir starfskraftar á Vellinum og úr varð að Sævar sótti þar um og fékk vinnu hjá slökkviliðinu og starfaði þar í nærri sjö ár.

## Alltaf með fatadellu

Unnið var myrkranna á milli við að framfleyta fjölskyldunni en úr varð að meðfram vinnunni hjá slökkviliðinu ákvað Sævar að nema klæðskurð. „Það má segja að ég sé fæddur handverksmaður og mig langaði til að leggja stund á einhverja iðngrein, en af hverju klæð-

skerinn varð fyrir valinu – ja, hvað segir þú Erla? „Jú, þú varst með þessa fatadellu. Hefur verið með hana frá því að ég man eftir þér.“ „Kannski það. Mann langaði bara alltaf til að vera flottur og finn til fara og á þessum árum var maður alltaf blankur og gat ekki keypt sér fót þannig að þarna eygði ég ef til vill leið, að ég gæti bara saumað fötin sjálfur.“ Á meðan Sævar vann hjá slökkviliðinu og stundaði námið vann Erla einnig fyrir þeim sem flugfreyja.

„Ég lærði hjá Vigfúsi Guðbrandssyni en fyrirtæki hans hafði verið starfrækt á Vesturgötu 4 frá því árið 1922. Þegar ég var búinn með sveinsstykkið fór ég til Danmerkur og dvaldi þar í nokkra mánuði við að skoða verklag danskra klæðskera. Ég sá það fljótt að það var ýmislegt sem við á Vesturgötu gætum lært af þeim en þeir gerðu hlutina talsvert öðruvísi en við heima. Þeim hjá Vigfúsi og Co. leist ekkert á tillögum um breytta starfshætti og úr varð að ég leigði mér þá sjálfur húsnæði í Hafnarstræti 22, keypti mér 20 efnisstranga og rak þar verkstæði í tæpt ár. Eftir þann tíma komu þeir frá Vesturgötunni og spurðu mig hvort ég vildi ekki bara koma aftur til þeirra og taka við rekstrinum, en hann hafði ekki gengið nógu vel, og gerði ég það.“

## Áttu ekki pening til að leysa út úr tollinum

Árið var 1975 og klæðaskeraiðnin var deyjandi atvinnugrein og Sævar segir hana endanlega dána í Norður-Evrópu í dag. „Í dag eru fáir sem vita hvað klæðskerasaum- uð fót eru í raun og veru. Alvöru klæðskerasaum uð fót eru þannig að mál er tekið af viðkomandi, klæðskerinn pælir í hlutföllum manneskjunnar og saumar þau svo þannig að þau þjóna líkamsbyggingu manneskjunnar sem best og mætist þar svo smekkur beggja; klæðskerans og viðskiptavinarins,

## LEIÐIR MANN AÐ RÉTTRI NIÐURSTÖÐU

Fyrir rúnum tuttugu árum rambaði ungur maður inn í verslun Sævars Karls í Bankastrætinu. Hann hafði þá nýfengið starf hjá fréttastofu Sjónvarpsins og vantaði fót til að vera í. Sævar brást skjótt við og nú tveimur áratugum síður sér Sævar enn um að velja réttu fötin á þennan kúnna. Fréttamaðurinn ungi er Páll Magnússon, núverandi Útvarpsstjóri, sem las reyndar inn á fræga auglýsingu fyrir Sævar sem oft hefur verið vitnað til. „Ég hef mjög einfaldan smekk, vel aðeins það besta.“ Páll mundi vel eftir þessari auglýsingu og segir að hún hafi fyrst og fremst verið hugarsmið Sævars sjálfs. „Mig rámar í að þetta sé tilvitnun í Oscar Wilde,“ segir Páll.

Eiginkona Páls, Hildur Hilmarsdóttir, sagði í samtali við Sirkur fyrir nokkru að hún hefði ekkert um fót Páls að segja. Sævar Karl veldi þau öll. Páll vildi í fyrstu ekki viðurkenna að þetta væri alveg rétt en staldraði síðan eilítið við. „Eða jú, kannski að það sé bara rétt. Sævar beitir nefnilega miklum klókendum þegar hann aðstoðar þig og þegar þú ferð út með fötin í pökunum heldurðu að þú hafir valið þetta sjálfur. En þegar farið er yfir atburðarásina aftur uppgötvarðu fljótleiga að Sævar valdi þetta allt saman,“ segir Páll og hlær. „Hann leiðir mann eiginlega bara að réttri niðurstöðu,“ bætir hann við. Páll segist varla geta á sér heilum tekið eftir að hann frétti af hugsanlegu brotthvarfi Sævars. „Ég hef reyndar ekkert talað við



PÁLL MAGNÚSSON Hugsar til þess með hryllingi að Sævar Karl selji búðina.

hann um þetta og ég verð bara að viðurkenna að ég yrði mjög svekkur,“ segir Páll í léttum dúr. „Sævar verður að gera einhverjar ráðstafanir fyrir mig. Hann getur ekki bara skilið mig eftir í reiðleysi.“

er nú. Sævar opnaði síðar verslun í Kringlunni meðfram þeirri á Laugaveginum en veðjaði svo algerlega á miðbæinn og hætti rekstri í verslunarmiðstöðinni og segist hafa veðjað á réttan hest þar.

Erla segir að þegar þau hafi verið komin á kaf í verslun á herraftötum hafi þau séð að einnig vantaði kvenföt í sama gæðaflokki. „Það gekk mjög vel og við opnuðum fyrstu svokölluðu „monobrand“-verslunina hér á landi þar sem við fengum alla umgjörð búðarinnar, innréttingar og allt og versluðum með þeirra vörur í þeirra alþjóðlega umhverfi.“ Erla segir að á þeim tíma hafi þótt flottast að vera með heildarútlit allt frá sama merkinu, þar sem konur voru með leðurskó, -tösku og -hanska í stíl. „Við kynntumst mörgum kvenkyns viðskiptavinum okkar á þeim tíma en það er þó fátt sem toppar Burberry-tímabilið en þá keyptu mörg hundruð konur, já og karlar, af okkur Burberry-frakka.“ Margir Íslendingar muna eftir hinu drapplitaða tímabili þegar Burberry-frakkar sigldu upp og niður Laugavegin og Meryl Streep og aðrar stjórnur skörtuðu

þeim í nýjustu bíomyndunum. Kiljan sjálfur gerðist meira að segja svo frægur að skrifa um flikurnar og á Alþingi skammaði Ólafur Ragnar Grímsson Friðrik Sophusson fyrir að vera hallærislegur í Burberry-frakka.

Þetta æði fleytti Sævari Karli og Erlu langt fram og á endanum var markaðurinn orðinn svo mettur að þau gátu ekki einni sinni gefið frakkana. „En jú, jú, það eru mörg svona tímabil þar sem maður hefur farið í bióhús og séð jakkana úr buðinni í annarri hverri sætaröð – þessir sem voru mittissíðir í skærum litum voru til að mynda mjög vinsælir um tíma. Og bleiserjakkarnir með skjaldarmerkinu slógu líka í gegn,“ segir Erla.

#### Viðskiptavinir keyptu sér fót í grófina

Þær eru ótrúlegar sögurnar sem heyrst hafa af sambandi Sævars og Erlu við viðskiptavinina sína. Oftar en ekki heyrir maður viðskiptavinina þeirra tala um þau hjón sem staðarhaldara í musterí fatamenningar á Íslandi. Nokkrir segja frá skemmtilegum og einstökum vinskap sem

myndast hafi og jafnvel sé slegið upp veislum þegar vel lætur. Erla fer um heiminn í innkaupum sínum og kaupir inn með kúnnana sína og smekk þeirra í huga – finnur eitt-hvað sem væri fint fyrir Guðrúnu og annað sem væri fallegt á Jónu. Og svona mætti áfram telja. Sævar er líka afar „spontant“ karakter og má sjá til hans kippa fólki inn af götunni – jafnvel fólki í hjólastólum og flestir hafa gaman af líflegheitunum í kringum hann.

En er samband þeirra við viðskiptavinina ekki óvenjulegt? „Það er mikilvægt fyrir okkur að það sé gott. Það geta allir haft falleg fót í boði en það eru mun færri sem vita að þetta snýst fyrst og fremst um andrúmsloftið sem þú skapar og þjónustuna. Við leitum að besta samstarfsfólkinu sem er okkur sem synir og dætur. Það er algengt að viðskiptavinir okkar séu úr sömu fjölskyldunni og afarnir koma með barnabörnin og kaupa á þau jakkaföt fyrir útskriftina. Oft kemur fólk sem ætlar að sækja um vinnu og biður um hjálp, prestar sem eru að sækja um braud, verkfræðingar sem eru að sækja um

vinnu í New York, flugmenn og svo framvegis og við klæðum það fyrir viðtalið. Það er ómetanlegt að fá þetta fólk svo inn á gólf aftur og heyra það segja að það hafi fengið vinnuna,“ segir Sævar og bætir því við að viðskiptavinur þeirra hafi jafnvel keypt sér græna húfu og vesti fyrir eigin útför. Sævar Karl og Erla hafa í 30 ár tekið þátt í gleði og sorgum viðskiptavina. „Það gefur okkur svo mikið fólkið, sem kemur jafnvel daglega við hjá okkur - kíkir við í kaffi.“

Enda hafi þau kynnst óborganlegum karakterum í gegnum árin. „Ég mátaði fót á Kristján Eldjárn í Stjórnarráðinu, hann var lítill fatakarl, en vildi vönduð fót,“ segir Sævar. „Jón Múli kom líka oft við og kenndi mér margt um tónlist. Kristján Davíðsson er góður vinur okkar og alltaf vel klæddur, einnig Kristján Karlsson skáld, ég veit að þeir misvirða það ekki við okkur þótt við nefnum þá, enda flottir karlar. Og þeir eru ótal karakterarnir sem hafa kíkt til okkar á þessum þrjátíu árum og við átt samleið með. Fólk missir af svo miklu fari það ekki í miðbæinn. Hér er lífið.“

„Aðrir kaupmenn í bænum vissu í fyrstu einfaldlega ekkert af mér og datt ekki einu sinni í hug að spá í mig. En viðskiptavinirnir streymdu inn. Og við vorum bara tvö við Erla og höfum hvorki fyrr né síðar haft jafn mikið að gera.“

#### Hafa bundist mörgum böndum

Sævar Karl Ólason og Erla Þórarinsdóttir segja að í þau 30 ár sem verslun þeirra hafi verið starfrækt hafi þau eignast marga viðskiptavinina sína sem vini og algengt sé að inni í búðinni þeirra versli heilu fjölskyldurnar og hafi gert í margar kynslóðir.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

en klæðskerinn stjórnar að vísu alltaf ferðinni. Þá voru fötin öll unnin í höndunum – meira að segja hnappagötin. Jakkinn þótti ekki flottur nema það færu að minnsta kosti 40 tímar í að vinna hann og það var því list að eiga fyrir salti í grautinn þegar eyða þurfti svo miklum tíma í hverja flik, því ekki voru allir viðskiptavinir til í að borga fyrir alla þá vinnu sem í flikinni lá.“

Sævar tók reksturinn á Vesturgötunni í gegn og fór að líta í kringum sig í íslensku verslunum. Hann skoðaði fötin og fann fljótt að í búðirnar vantaði vandaðan fatnað. „Ég sá bara að þetta voru léleg fót. Ég er klæðskeri og vissi hvað ég var að tala um.“ Erla segir að svo hafi farið að þau fóru að skoða það sem í boði var erlendis og pöntuðu fyrstu 12 jakkafötin í búðina en gátu þó ekki leyst nema þrenn út í einu þar sem þau höfðu ekki meiri pening á milli handanna. „En þau ruku út og það var greinilegt að það var eftirspurn eftir fötum sem þessum.“

#### Leynivíðskipti og fullt að gera

Og ævintýrið fór að rúlla og Sævar opnaði verslun á Laugavegi 51, annarri hæð. „Þetta voru svona leynivíðskipti í fyrstu,“ segir Sævar glettinn. „Aðrir kaupmenn í bænum vissu í fyrstu einfaldlega ekkert af mér og datt ekki einu sinni í hug að spá í mig. En viðskiptavinirnir streymdu inn. Og við vorum bara tvö við Erla og höfum hvorki fyrr né síðar haft jafn mikið að gera.“ Verslunin á Laugavegi var starfrækt til ársins 1983 en þá var hún flutt í Bankastrætið, nokkrum húsum ofar en þar sem verslunin



**MEGANE**  
VERTU Á ÖRUGGASTA BÍLNUM

## Megane Expression Comfort sjálfskiptur

Öruggur sumarþaðningur

Verð áður kr. 2.340.000

**Verð nú kr. 2.190.000**

kr. 29.990 á mánuði m.v. enga útborgun.



#### Megane Expression Comfort;

1.6 l bensínvél, 115 hö, sjálfskiptur, eldsneytisnotkun í blönduðum akstri frá 7,7l/100km.

ABS með EBD bremsuöfnun, regnskynjari, beltastrekkjarar með dempurum í öllum sætum, þar af tvöfaldir í framsætum, leðurklætt stýri, aksturstólva, úthitamælir, loftkæling, RDS fjarstýrð hljómtæki með 6 hátölurum, CD og Mp3 spilara, armpúði milli sæta, rúmgóð geymsluhólf milli sæta í hurðum og í gólfi, þokuljós og samlitun.

Bill á mynd: Renault Megane Expression Comfort með álfelgum. www.renault.is

**B&L** - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is



Með bílinn handa þér

# Skrímslahegðun í þjóðfélaginu

Í Ráðhúsi Reykjavíkur hafa litrík gúmmískrímli í Íslandslíki hreiðrað um sig í sýningarsalnum. Ólafur Þórðarson, arkitekt, hönnuður og listamaður í New York, ber ábyrgð á þessum skrímstum. Hanna Björk Valsdóttir hitti hann í Ráðhúsinu þar sem túristar fylla kaffistofuna.

Ásamt því að setja upp þessa sýningu, sem ber titilinn „Skrímli og verk í vökva“, gaf Ólafur út veglega bók um farsælan feril sinn. Það fyrsta sem þarf að hafa í huga er að Ólafur er mikill húmoristi. Hann byrjar á að sýna mér bókina, sem er með gati í miðjunni. „Þetta er afsláttur,“ segir hann og hlær. Bókin, Gegnumgangur: Passage 1977-2007, hefst þegar Ólafur er fjórtán ára og endar á þessari sýningu. „Í 9. bekk fór í ég tækni-teiknitíma og byrjaði að teikna hús. Bókin byrjar á þessum húsum sem ég var að teikna sem unglingur.“

Ráðgátan með Ólaf er hvort á að kalla hann arkitekt, hönnuð eða listamann. Eða allt þetta. Það er erfitt staðsetja hann í hefðbundnum skilningi. Hann fór til Bandaríkjanna 1983 og lærði arkitektúr í Milwaukee og síðan í Columbia í New York þaðan sem hann útskrifaðist sem arkitekt. Hann hefur búið í New York alla tíð síðan og vinnan hans snýst um eitthvað annað og meira en bara arkitektúr þó að líklega hangi þetta allt saman.

„Ég hef verið að vinna í New York að eigin verkum en hef líka unnið með arkitektum og alls konar listafólki í alls konar verkefnum. Sumt áhugaverð listaverk og sumt bara brauðstrit, dagleg vinna.“

## Þörfin fyrir að skapa

Ólafur segist alltaf hafa haft þörf fyrir að búa til hluti og skapa. „Ég bara bý þá til af því að ég hef þörf fyrir það. Ég er ekki að búa til hluti fyrir viðskiptavinum eða af því að einhver ætla að kaupa. Ég bý þetta til af því að mér finnst gaman að teikna og velta fyrir mér hugmyndum og búa til hugmynda. Ég er sannfærður um að kjarninn í list almennt og í skapandi list er það að búa til af eigin rammleik. Um leið og peningum er blandað í spilið breytist verkið. Þó að peningur sé nauðsynlegur hafa þeir oft þannig áhrif á vinnuna að hún verður að einhverju öðru. Þetta er kannski í andstöðu við það hugarfar í dag að allt snúist um peninga. Það sem skiptir máli er að gera eitthvað sjálfur og að gera það af einhverri frumþörf.“

## Vinnustofa/heimili

Hugmyndin um listamanninn sem býr í stórríki íbúð í New York og hefur tíma til að gera það sem honum hentar er í rauninni draumurinn sem Ólafur lifir. Hann býr í Downtown Manhattan, beint fyrir aftan Trinity Church, með konu sinni Donnu Fumoso og Lilju dóttur þeirra.

„Í haust byrjaði Lilja í skóla þannig að ég get unnið þrjá fjórðu úr degi en ég var heima með henni allveg fyrstu þrjú árin. Það var allveg frábært. Við ákváðum að annað okkar yrði heima og það skipti ekki máli hvort okkar það var þannig að Donna vann úti.“

Donna er farðari og vinnur með ýmsum ljósmyndum og hefur líka verið að vinna með skartgrip. „Við búum saman í stórríki, langri íbúð. Ég er með vinnupláss í öðrum endanum, við sofum í hinum endanum og í miðjunni er íbúðin. Ég hef ágæta vinnuaðstöðu þar, allveg nóg til að ég geti fúnkerað og búið til næstum hvað sem er. Ég er til dæmis með hefilbekk og hrærivél til að blanda plast þarna heima.“

Það er erfitt að lýsa hlutunum sem hafa fæðst í hugmyndasmíðju Ólafs en einhvern veginn mynda þeir ákveðna veröld eða stemningu. Hann vinnur mikið með gúmmí og formin eru óregluleg og mjúk. Sniglaklukkan, vinnrekinn og lampar, oft í orma-líki, eru hlutir sem hafa notið talsverðrar velgengi og verið á hönnunarsýningum um allan heim, sýndir í öllum helstu hönnunarbliðunum og seldir í hönnun-



SKRÍMSLAMABUR „Það er til einföld list, sem hefur ekki verið hugsað mikið út í, þar sem menn hafa unnið sömu hugmyndina aftur og aftur.“

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

arbúðum. Ólafur er samt mjög rólegur yfir þessari velgengi.

„Ég hef vinnuaðstöðu til að búa til mína hluti. Það er það sem skiptir máli. Og ef það gengur vel þá er það í lagi. En aðalmálið er að fá vinnufrið og frið til að hugsa og búa til hluti. Ég bý alla þessa hluti til sjálfur heima á vinnustofunni eða eftir pöntunum.“

## Hugmyndasmíður

„Hugmyndirnar sjálfar eru áhugaverðasti hlutinn af ferlinu. Framleiðslu- og söluferlið er nokkuð sem ég lít á sem annað fag í rauninni. Ég vil helst bara vera í hugmyndavinnunni. Maður þarf að ákveða hvort maður vill vera í hugmyndavinnu eða í framleiðsluferlinu.“

Starf Ólafs er fjölbreytilegt og stundum er hann arkitekt sem teiknar vinnuteikningar. „Ég hef unnið sjálfstætt og líka með arkitektum. Ég vann með arkitekt og listamanni í sjö ár. Þá ákvað ég að aðskilja alveg starfið og hitt sem er kannski mitt eiginlega starf eða köllun. Þetta er svona eins og ef rithöfundur væri að vélrita ársskýrsluna hjá Glitni og fær ágætislaun fyrir það. En ég held þessu algjörlega aðskildu frá því þegar ég kem með hugmyndir eða tek þátt í samkeppnum. Annað er peningavinna og hitt er hugmynda-vinna. Þessi vinna kemur í skorpum. Ég vinn fyrir mér peningalega með því að gera vinnuteikningar og slíkt og svo stoppa ég þá vinnu og hef þá tíma til að þróa og vinna að öðrum hlutum sem mér finnst áhugaverðir. Þetta er spurning um að afmarka tímann þannig að maður geti leyft sér að búa til hluti.“

## Eilífðardraumurinn

Á sýningunni í Ráðhúsinu eru nokkur verk sem öll snúast í kringum vökva, útskýrir Ólafur. Skrímli eru aðalverkin á sýningunni. Annað verk er 365 málaðar myndir af

veðurkortinu. Og það er alltaf rigning. Það er sýnt eins og ein stór mynd sem liggur á gólfinu og er samsvörum við líkanið af Íslandi sem þar er til sýnis.

Á miðju gólfinu er líkan af skúlptúr sem Ólafur er að vinna fyrir Landsvirkjun, verkefni sem hann er afar spenntur fyrir.

„Þetta er risastór útskúlptúr sem verður í útfallinu hjá vélstöðinni í Fljótsdal. Þar sem vatnið kemur úr fjallinu verður þessi skúlptúr sem svona fljóandi skúlptúr í laginu eins og bátur. Hann er þarna alltaf að sigla upp ána og sigla upp strauminn. Mér finnst skemmtilegt að nota strauminn og nota ána sem aðalatriði í verkinu.“

Báturinn verður um fimmtán metrar á lengd og á honum er hús og bíll. „Þetta er eins og skip sem er að koma með ákveðnar

ekki verið hugsað mikið út í. Þar sem menn hafa unnið sömu hugmyndina aftur og aftur í árafjölda. Ég hef alltaf horft á landakortið og ímyndað mér Ísland sem þetta skrímli og hef skissað það oft upp síðustu árin en ákvað svo að gera þetta þema. Þetta þróast út í að vera tjáning á einhverjum öflum sem eru í gangi í þjóðfélaginu. Það er einhver skrípæða skrímslahegðan í þjóðfélaginu sem kemur upp við og við og breytir umhverfi okkar.“

Ólafur hlær þegar hann er spurður hvort það að búa erlendis í rúm tuttugu ár sé ástæðan fyrir því að hann sjái Ísland fyrir sér sem skrímli. „Þetta er bara ein ímyndað mynd. Þetta er ákveðin landafræðilist. Gömlu kortin af Íslandi voru teiknuð með skrímli í hafinu. Þetta er myndlist og ég er að hugsa um

„Ég er sannfærður um að kjarninn í list almennt og í skapandi list er það að búa til af eigin rammleik. Um leið og peningum er blandað í spilið breytist verkið.“

vörur eða væntingar og heitir því Eilífðardraumurinn. Aðallega af því að hann er alltaf á siglingu.“

Hugmyndina fékk Ólafur um borð í flugvél, teiknaði hana upp og sendi í samkeppni sem Landsvirkjun hélt um útilistaverk. „Ég veit ekki hvort þetta hefur verið gert áður en skúlptúrin verður settur í útfallið næsta vor. Það er mikil verkfræði í þessu og móta-smíðin verður flókin. Vinnan við að smíða skúlptúrin er rosalega mikið verkefni.“

Ólafur glottir þegar hann er spurður hvað honum finnst um virkjanamálið á Íslandi og Landsvirkjun, sem hefur verið hitamál undanfarin ár. „Ég er bara að búa til skúlptur,“ svarar hann. „Og ég tek þessu sem skúlptúrverkefni. Ég hef lesið mikið af því sem hefur verið skrifað um þessi mál og það er misjafnt hvernig er tekið á þessu,“ segir hann en vill ekki blanda sér mikið frekar í þá umræðu. Hann leggur þó áherslu á þá skoðun sína að fyrirtækið eigi ekki að vera í einkaeign og auðhringir megi ekki ná völdum á Íslandi.

## Skrímlið Ísland

Skrímli eru aðalverkin á sýningunni og þau hanga í loftinu saman í hóp og mynda ímyndaðan vegg í salnum. „Það er til rosalega einföld list sem hefur

FRÉTTABLAÐIÐ Ólafur hefur gefið út bók sem rekur litríkan feril hans en kinnin er aldrei langt undan.

einhverja ákveðna hluti sem eru í þessum dár og svo sé ég hvaða meaning kemur út úr þessu. Sumir koma hingað inn og hrópa af aðdáun og svo koma aðrir inn og finnst þetta ógeðslegt,“ en það finnst Ólafi fyndið. „Flestir sjá húmorinn í þessu,“ bætir hann við.

Húmorinn er augljós en þarna er líka undirliggjandi þjóðfélagsádeila þó að Ólafur vilji sem minnst tjá sig um hana. „Þetta eru náttúrulega ákveðin öfl í þjóðfélaginu og þau valda breytingum. Þau koma í pollinn og þurfa að éta, gera það kannski vegna þess að þau geta það. Þau eru skrímli. Skrímli eru alls konar. Í borgarskipulagi er billinn skrímli, auglýsingar eru skrímli sem eru rosalega fyrirferðarmikil og ágeng og erfitt að komast frá þeim, sölumennska er ákveðið skrímli, þeir sem tala rosalega hátt en hafa ekkert að segja eru ákveðin skrímli,“ tekur Ólafur sem dæmi um skrímli í samfélaginu en svona mætti líklega lengi telja.

„Svo er annað,“ bætir hann við. „Oft þegar ég sé Ísland fyrir mér sem þetta skrímli þá sé ég landið sem einn fisk í hafinu. Þessi skrímli á sýningunni eru þá hálfgerð fisktorfa í hafinu. Einhver dýr sem eru að éta hvert annað. Þegar maður hefur búið til heila torfu af þessum fiskum eða skrímstum hafa þau sínar þarfir og éta og reyna að bjarga sér. Hafa hvert sinn persónuleika og eiginleika. Ísland er þessi lífvera sem er að borða úr umhverfi sínu allveg villt og stöðugt.“

## Heima

Ólafur heldur góðu sambandi við Ísland þó að hann máli það sem skrímli. „Ég kem alltaf heim einu sinni til þrisvar á ári. Ég les alltaf íslensku blöðin. Áður en netið kom til og faxvélarnar sendi þabbi mér alltaf blöðin út og gerir enn. Ég fæ rúllu tvisvar í mánuði frá honum. Núna les ég mikið á netinu þannig að ég er alltaf með annan fótinn heima.“



**Frábært  
verð!**

GODI

**889** kr/kg. áður 1.098 kr/kg.  
Goða lambalæri - Frosið

**20%  
afsláttur**

**Ótrúlega  
lágt verð!**

SPARIÐ  
20%

SPARIÐ  
20%

**1.199** kr/kg. áður 1.499 kr/kg.  
Kjötsels grill lambalæri

**30%  
afsláttur**

**Frábær gæði!**

SPARIÐ  
30%

**909** kr/kg. áður 1.299 kr/kg.  
Kjötsels grill svínaríf BBQ

**35%  
afsláttur**

ÞU MIG  
SKAÐU  
MIG!

GODI

**1.093** kr/kg. áður 1.682 kr/kg.  
Gourmet hunangs grísakótiletur

**38%  
afsláttur**

**Þú sparar 800 kr/kg**

**1.299** kr/kg. áður 2.099 kr/kg.  
Fjörfisks reyktur og grafinn lax

**26%  
afsláttur**

**Gæða fiskur  
fyrir grillara**

**899** kr/kg. áður 1.219 kr/kg.  
Fjörfisks fiskspecial steinbítur

**Alvöru pizzur**

**Frábært verð**

**399** kr/pk.

Freschetta Brickoven pizzur

**799** kr/kg. áður 1.021 kr/kg.

Goða blandað hakk

**129** kr/stk.

Egils Appelsín - 2 ltr.

**allt í matinn á einum stað**

Birt með fyrirvara um prentvillur  
Tilboðin gilda: 12. júlí til 15. júlí eða á meðan birgðir endast  
[www.netto.is](http://www.netto.is)

**netto**

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn

# Hagnaður af tónlist vanmetinn

Fyrir ekki svo löngu var stigið geysilega mikilvægt og stórt skref í frekari landvinnungum íslenskrar tónlistar þegar Útflutningsskrifstofu íslenskrar tónlistar var komið á laggirn- ar. **Steinþór Helgi Arnsteinsson** settist niður með **Önnu Hildi Hildibrandsdóttur**, framkvæmdastjóra ÚTÓN, á kaffihúsi í miðbæ Árósa fyrir stuttu og ræddi við hana um nýju skrifstofuna og möguleikana fyrir íslenska tónlist.

Útflutningsskrifstofa íslenskrar tónlistar (ÚTÓN) var stofnuð í nóvember í fyrra fyrir tilstuðlan Samtóns, sem er uregnhlífarsamtök réttshafasamtaka í tónlistargeiranum. Samstarfsaðilar að skrifstofunni eru Landsbanki Íslands og Útflutningsráð Íslands, en þar að auki leggja utanríkisráðuneytið, menntamálaráðuneytið og iðnaðarráðuneytið fram fé til rekstursins. Þegar nægilegs fjár hafði verið aflað til þess að reka skrifstofuna í þrjú ár var auglýst eftir framkvæmdastjóra. Anna Hildur var síðan ráðin framkvæmdastjóri um miðjan febrúar síðastliðinn en ÚTÓN hefur einnig fimm manna stjórn. Hana skipa Gunnar Guðmundsson lögfræðingur sem er stjórnarformaður, tónlistarmennirnir Sigtryggur Baldursson og Gunnar Hrafnsson, Jón Ásbergsson framkvæmdastjóri Útflutningsráðs og Björgólfur Guðmundsson, stjórnarformaður Landsbankans. „Mjög öflug og jákvæð stjórn,“ eins og Anna Hildur kemst að orði.

Anna Hildur er búsett í London en fyrstu viku hvers mánaðar sinnir hún störfum sínum hér heima. Hinar þrjár vinnur hún í Englandi. „Það er betra fyrir mig að vera meira úti þar sem ég þarf að rækta stærra tengslanet,“ útskýrir Anna Hildur. Hún segir ÚTÓN vera fyrst og fremst stoðskrifstofu fyrir viðskipti og markaðssetningu á íslenski tónlist en fyrirmyndin er sótt til hinna Norðurlandanna sem starfrækja öll skrifstofur af sama toga.

## Frá Bellatrix í framkvæmdstjórn

Anna Hildur starfaði áður sem blaðamaður og flæktist í tónlistarbransann þegar hún vann með japanska ríkissjónvarpinu að þáttum um mannlíf og menningu á Íslandi. Upp úr því varð Anna Hildur umboðsmaður hljómsveitarinnar Bellatrix. „Elísu[söngkona Bellatrix], sem var ansi þrjúkona, fannst það merkilegt að einhver gæti komið þeim fram úr rúminu fyrir klukkan tíu á morgnana og í tókur. Henni fannst að það hlýti þá líka að vera manneskjan sem gæti komið þeim á framfæri erlendis,“ segir Anna Hildur og brosir út í annað. Sú varð líka raunin og naut Bellatrix þó nokkurra vinsælda í Bretlandi og víðar. Anna Hildur kynntist síðan mörgum góðum mönnum í gegnum bransann í Bretlandi sem hún lærði mikið af. Má þar til dæmis nefna Keith Harris, umboðsmann Stevie Wonder, og Peter Jenner, fyrsta umboðsmann Pink Floyd. Seinna vann Anna Hildur einnig með Botnleđu, Mínus, Smekkleysu og fyrir Iceland Airwaves-hátíðina svo fátt eitt sé nefnt.

Frá því Anna Hildur var ráðin framkvæmdastjóri hefur hún haft í nógu að snúast. „Ég hef setið gríðarlega marga fundi til þess að átta mig á hvaða væntingar fólk hefur, hvar má finna sameiginlega fleti og hvernig við nýtum þessa skrifstofu sem best til að ná mestum árangri í útrás. Anna Hildur nefnir einnig bransahátíðir sem hún hefur heimsótt, vefsíðu sem verið er að setja upp og fjölmörg stór verkefni sem tengjast síðunni, sem ætlað er að verða öflugt markaðstæki fyrir tónlistarmenn og tónlistarviðburði á Íslandi. „Eins erum við ásamt Útflutningsráði að vinna með hljóðverum og hljóðupptökustjórum til að sjá hvort hægt verði að vinna að sameiginlegri markaðssetningu til að laða að verkefni erlendis frá. Við erum líka að skoða hvort þetta sé verkefni sem gæti fengið endurgreiðslu eins og kvikmyndabransinn hefur fengið. Það er af nógu að taka en vefsíðan er ákveðinn grunnur og ef hann er traustur þá á framhaldið að verða skilvirk.“

Nú hefur þú fengið smjörþefinn af þessu starfi en hvernig ætlar þú að móta starfið, hvernig viltu að módelið að ÚTÓN líti út?

„Ég horfi á hvað hefur virkað best hjá Norðurlöndunum, stel því og hendi svo öðru sem virkar illa hjá þeim. En það sem ég vil

fyrst og fremst að komi út úr þessu er að við verðum í sókn til þess að fá fjárfestingar inn í tónlistarbransann og stuðla að auknum viðskiptum sem aftur skila sér í blómlegum vexti fyrir lífæðarnar sem er alltaf kreatívi talentinn. Við leggjum mikla áherslu á að byggja góða heimasíðu sem verður grunnurinn að markaðssetningunni og sókninni,“ svarar Anna. „Ég held að það sé gríðarlega mikilvægt að fókusera á markaðssetninguna og draga út það sem er einstakt, það sem fær athygli og hljómgrunn. Ég held líka að mikilvægt sé að þora að bakka út úr því þar sem mesta hæpið er, því ekki eru alltaf mestu viðskiptin gerð þar, og þora að taka þátt í litlum hlutum til þess að fá meiri athygli. Mig langar líka að sjá módelið byggja á sterku og virku alþjóðlegu tengslaneti, öllum til heilla í íslenska bransinum. Skilvirk og lýðræðislegt, þannig vil ég hafa þetta.“

## Útflutningurinn verður innflutningur

En finnst Önnu Hildi hagnaður af tónlist, til dæmis af útflutningi á íslenski tónlist, vanmetinn?

„Já, hann er alveg stórlega vanmetinn. Uppáhaldsdæmið mitt er norræn könnun, sem gerð var fyrir tveimur eða þremur árum á Iceland Airwaves-tónlistarhátíðinni. Þá kom í ljós að þeir 1700 útlendingar sem koma á hátíðina eyða 300 milljónum króna hér á



Uppáhaldsdæmið mitt er norræn könnun, sem gerð

var fyrir tveimur, þrem árum á Iceland Airwaves tónlistarhátíðinni. Þá kom í ljós að þeir 1.700 útlendingar sem koma á hátíðina eyða 300 milljónum á Íslandi, á þessari einu helgi í október. Ég held að fólk setji ekki alltaf í samhengi hvað þetta er stórt dæmi.

Íslandi á þessari einu helgi í október. Ég held að fólk setji ekki alltaf í samhengi hvað þetta er stórt dæmi. Þetta er ekki bara einhver tónlistarmaður að spila í klúbba eða að gefa út eina plötu. Þetta er menningargeiri sem skapar viðskipti fyrir margar tengdar greinar. Í kringum einn tónlistarmann eins og Björk eru kannski tuttugu Íslendingar með vinnu, í hljómsveitinni hennar eða í vinnu við vefsíðuna fyrir utan hina sem koma að því að hanna kjóla, skjóta vídeó og svo framvegis. Við eigum einfallega eftir að ná utan um það hvaða verðmæti liggja í þessu, sýna fram á það með mælikvörðum sem efnahagsspeklantar og pólitikúsar skilja og skilgreina sóknarfærin.“

Anna Hildur minnir einnig á að einn liður í útflutningi geti verið innflutningur. „Airwaves er besta dæmið og við sjáum dóminó-áhrif af þeim tækifærum sem opnast hjá tónlistarmönnum eftir að erlent bransa- og fjölmódelið uppgötvar þá á Airwaves.“

En hvað með allar gagnrýnisráðirnir. Nú kemur þú til dæmis úr þessum popprókk geira, er ekki verið að hylla tónlistarmönnum úr þeirri deild af mikid? Þarf ekki að stuðla að fjölbreyttari útflutningi?

„Ég held að það sé alveg klárlega vilji til þess að stuðla að fjölbreytni í bæði poppi/rokki, klassík og djassi,“ svarar Anna Hildur mjög ákveðið. „Hins vegar er alveg ljóst að markaðssetning á poppi og rokki er að sumu leyti komin lengra, því þar er hreinlega meiri þekking og reynsla.“

Og meiri peningar?

„Hugsanlega að einhverju leyti en fórnarkostnaðurinn við að ná langt í þeim geira er líka mikill eins og hjá öðrum sem gefa sig tónlistargögnunni á vald. Það er hins vegar mjög gaman að sjá hvað gengur vel hjá Gardari Cortes sem er „cross-over“ verkefni og við Einar Bárðar erum reglulega í sambandi. Ég átti líka mjög góðan fund með djassfólki á Íslandi og við munum vinna með Jazzhátíð Reykjavíkur. Ég hef líka verið á reglulegum samráðsfundum með Tónverkamiðstöðunni og Sigfríði Björnsdóttur, framkvæmdastjóra Íslenskrar tónverkamiðstöðvar, og það er mjög góður skilningur okkar á milli. Við vilj-



MAMMAN Í ÚTLANDINU Anna Hildur Hildibrandsdóttir, framkvæmdastjóri ÚTÓN, vinnur hörðum höndum að því að kynna íslenska tónlist á erlendu grundu.

um vinna saman, við erum lítið land og fámenn þjóð og við þurfum að deila með okkur verkum og líka að leyfa upplýsingum að fljóta á milli þar sem þær virka. Það verður hins vegar auðvitað líka að gera raunhæfar kröfur á skrifstofu sem hefur sautján og hálfa milljón króna á ári til þess að hrinda háleitum markmiðum í framkvæmd.

En hvernig svarar þú þeim „heldri“ mönnum í þessum bransa sem segja þetta eingöngu sjóði fyrir ungt íslenskt fólk til þess að fara á frítt fylliri og skemmta sér úti í löndum?

„Grasróttin er framtíðin og það hlýtur að vera markmið okkar að hlúa að henni. Í sambandi við veitingar á styrkjum og öðru er mjög auðvelt að sigta út þá sem eru ekki að gera þetta af alvöru. Og ég held að Íslendingar ráði almennilega við þetta. Auðvitað slæðast samt inn einhverjir sem detta of harkalega í ða enda partur af lífinu og þeir „heldri“ eru geta lent í því sama. Púlínn verður samt að vera í grasrótinni því þar er sköpunargleðin í gangi og framtíðin líka. Að sjálfsgögu verður maður líka að láta reynsluna og þekkinguna vinna saman, og leyfa því að flæða á milli.“ Anna Hildur skýtur því einnig inn í, milli þess sem hún sótrna rölega á kaffinu sínu, að hún hafi fengið mikinn innblástur af góðum viðtökum fólks síðan skrifstofan opnaði og að almenn ánægja sé með að ÚTÓN sé orðið að veruleika.

## Opnar dyr fyrir aðra

vantar verkamann strax til verksmiðjustarfa. Vinnutími breytilegur. Sköffum mat og vinnuföt. Upplýsingar á staðnum eða í síma 554 5544 & 825 0712, Ólafur.

## Búr ehf - Vaktstjóri +

**Lagerstarfsmaður**  
Búr ehf óskar eftir að ráða vaktstjóra með lyftaréttindi & lagerstarfsmann. Vaktavinnna. Framtíðarstarf. Ekki yngri en 25 ára  
Upplýsingar í síma 896 2836. Umsóknir einnig á staðnum, Bæjarflöt 2, Grafarvogi á skrifstofutíma.



## Laus störf.

Súfistinn bókaþjóni Laugavegi 18 Fullt starf við afgreiðslu og þjónustu. Súfistinn Hafnarfirði. Fullt starf við afgreiðslu og þjónustu. Bæði störf eru laus frá 1. ágúst.  
Upplýsingar gefur Elin í síma 699 3743

**Umsóknareyðublöð á kaffihúsum Súfistans og á [www.sufistinn.is](http://www.sufistinn.is)**

Okkur vantar málara í vinnu eða menn vana málingarvinnu. Lítalínan ehf. S. 898 9591 & 896 5445.

Óskum eftir starfsfólki við brunapéttingar. Uppl. í s. 894 8509. [www.reykur.is](http://www.reykur.is)

## Sportbarinn Ölver

Getum bætt við okkur duglegum og hressum dyrvörðum og barþjónum. Lágmarksaldur 20 ára. Uppl. í s. 533 6220.

## Sportbarinn Ölver

Vaktstjóri óskast í fullt starf, verður að vera vanur. Uppl. í s. 533 6220.

Gröfumann vantar á 17" Komasu hjóla-vél þarf að vera vanur og með vinnu-vélaréttindi. Uppl. í s. 822 2660.

Óskum eftir að ráða vöru og trailerbilstjóra. Einnig verkamenn vegna aukinna verkefna. Áhugasmir hafi samband í s. 891 8338. Mikil vinna í boði!

Meiraprófsbilstjóri. Framsækið fyrirtæki óskar eftir meiraprófsbilstjóra, akstur á Rvk-svæðinu. Mikil vinna framundan. Uppl. í s. 694 7785.

## Ráðningarþjónusta

## Sjávarútvegsins.

Allar frekari upplýsingar á nordicsailor.com og í síma 615 0250. Fyrir umsóknir er hægt að hafa samb. á skrifstofutíma alla virka daga í s. 615 0250.

Snyrtivörulager-starf. Óskum eftir lagerstarfsmanni hálfan daginn. Ir-ísland@internet.is

Hársnirti vantar á hársnirtistofuna Zone á Akureyri Uppl. í síma 891 6252 Íris & ghgunn@simnet.is

## Atvinna óskast

## Útvegam starfsfólk frá

**Póllandi og Portúgal**  
í eftirtalin störf : Smiði, Múrara, Pípara, Rafvirkja, Vélvirkja, Meiraprófsbilstjóra, Tækjastjórnendur, Verkamenn, Hjúkrunarfólk og önnur störf samkvæmt óskum atvinnurekanda.

**SAS Starfsmannaleigan. Uppl. gefur Sverri í s:661-7000**

Er 41 ára kk. vantar gott framtíðarstarf. Er vanur akstri ofl. er með lyftara og meirapróf, er opin fyrir öllu. Uppl. í s. 696 0048 get þyrjað strax.

## TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið

Kötturinn okkar Kodama týndist við Hrígbraut. Sást við Grandaveg. Hvítur með svart stak og bletti á bök og eyru. Vinsamlegast hafið samband them-ace@internet.is og kiddyokk@internet.is ef hann finnst.

## Einkamál

## 18plús.is.

XXX samfélag íslendinga á netinu. Sýndu þig, sjáðu aðra. Vertu velkomin/n. [www.18plus.is](http://www.18plus.is).

## Celebrity.is

Núna 12.000+ myndir af fræga fólkinu á flöttum vef. Nýjar myndir daglega.



## TILBOÐ / ÚTBOÐ



## Útboð

## Leikskóli við Ketilsflöt Akranesi 1. áfangi

Tækni- og umhverfissvið Akraneskaupstaðar óskar eftir tilboðum í byggingu nýs leikskóla við Ketilsflöt á Akranesi. Um er að ræða 1182 m<sup>2</sup> timburhús á einni hæð og skal byggingunni skilað fullbúinni að utan og foheldri að innan þann 31. des 2007

Útboðsgögn verða afhent á skrifstofu Tækni- og umhverfissviðs Akraneskaupstaðar, Dalbraut 8, Akranesi, f.o.m mánudeginum 16. júlí 2007.

Tilboð skulu hafa borist Tækni- og umhverfissviði Akraneskaupstaðar, Dalbraut 8, fyrir 1. ágúst 2007 kl 14:00 og verða þau opnuð þar í viðurvist þeirra bjóðenda sem viðstaddir verða.

Tækni- og umhverfissvið Akraneskaupstaðar

## ÚTBOÐ

## F.h. Reykjavíkurborgar:

## Rammamningur um Tölvur og netbúnað EES útboð nr. 10941.

Útboðsgögn verða seld á kr. 3.000, frá og með 17. júlí 2007 í upplýsingaþjónustu Ráðhúss Reykjavíkur.

Opnun tilboða: 9. ágúst 2007, kl 10:00, í Ráðhúsi Reykjavíkur. 10941

Nánari upplýsingar er að finna á [www.reykjavik.is/utbod](http://www.reykjavik.is/utbod)



Reykjavíkurborg  
Þjónusta- og rekstrarsvið

Innkaupa- og rekstrarskrifstofa  
Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík  
Sími 411 1042 / 411 1043, bréfsími 411 1048  
Netfang: [utbod@reykjavik.is](mailto:utbod@reykjavik.is)

## ÚTBOÐ

## F.h. Framkvæmdasviðs Reykjavíkurborgar, mannvirkjaskrifstofu:

## Gervigrasvöllur Víkings 1. áfangi.

Helstu verkþættir:

Fering svæðis. Færsla 0 600mm regnsvatnslög ofl.

Útboðsgögn eru seld á kr. 3.000, í upplýsingaþjónustu

Ráðhúss Reykjavíkur. Opnun tilboða: 24. júlí 2007 kl 10:00,

í Ráðhúsi Reykjavíkur. 12004

Nánari upplýsingar er að finna á [www.reykjavik.is/utbod](http://www.reykjavik.is/utbod)



Reykjavíkurborg  
Þjónusta- og rekstrarsvið

Innkaupa- og rekstrarskrifstofa  
Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík  
Sími 411 1042 / 411 1043, bréfsími 411 1048  
Netfang: [utbod@reykjavik.is](mailto:utbod@reykjavik.is)

## ÚTBOÐ

## F.h. Framkvæmdasviðs Reykjavíkurborgar, Orkuveitu Reykjavíkur, Gagnaveitu Reykjavíkur og Mílu ehf.:

## Höfðatún. Endurnýjun 1.áfangi. Gatnagerð og lagnir

Útboðsgögn verða seld á kr. 5.000, frá og með 17. júlí

2007, í upplýsingaþjónustu Ráðhúss Reykjavíkur.

Opnun tilboða: 1. ágúst 2007 kl. 10:00, í Ráðhúsi

Reykjavíkur. 12016

Nánari upplýsingar er að finna á [www.reykjavik.is/utbod](http://www.reykjavik.is/utbod)



Reykjavíkurborg  
Þjónusta- og rekstrarsvið

Innkaupa- og rekstrarskrifstofa  
Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík  
Sími 411 1042 / 411 1043, bréfsími 411 1048  
Netfang: [utbod@reykjavik.is](mailto:utbod@reykjavik.is)

## Ert þú kennari og hefur áhuga á að sérhæfa þig í kennslu og kennsluráðgjöf blindra og sjónskertra?



**Blindrafélagið annast ráðningu og tímabundið utanumhald kennsluráðgjafa vegna blindra og sjónskertra í umboði skólayfirvalda, og leitar því að blindrakennurum / kennsluráðgjöfum til starfa. Kennarar á öllum skólastigum og greinasviðum eru hvattir til að sækja um.**

Þeir sem verða ráðnir en hafa ekki sérmenntun sem blindrakennarar þurfa að vera tilbúnir að leggja stund á nám í blindrakennslu í fjarnámi við University of Birmingham ([http://www.education.bham.ac.uk/programmes/cpd/courses/visual\\_impairment.shtml](http://www.education.bham.ac.uk/programmes/cpd/courses/visual_impairment.shtml)), samhliða vinnu í 18 mánuði frá lokum ágúst 2007. Menntunarsjóður til blindrakennslu, stofnaður af Blindrafélaginu og Blindravinafélaginu, mun greiða skólagjöldin fyrir þá sem fara í fjarnámið.

### Starf kennsluráðgjafa / blindrakennara felst m.a. í:

- faglegri ráðgjöf, kennslu og stuðningi við blindra og sjónskertra nemendur á öllum skólastigum um allt land
- fræðslu og ráðgjöf til starfsmanna allra skólastiga vegna blindra og sjónskertra nemenda
- fræðslu og ráðgjöf til aðstandenda blindra og sjónskertra barna
- námskeiðahaldi fyrir blindra og sjónskertra nemendur, fjölskyldur, faghópa og aðra sem að þeim koma
- þátttöku í rannsóknum, þróun og uppbyggingu þekkingar og þjónustu á sviði kennslu blindra og sjónskertra

### Menntunar og hæfniskröfur

- Kennaramenntun á leik-, grunn eða framhaldsskólastigi, háskólamenntun á sviði fullorðinsfræðslu eða menntunarfræða
- Mikil lipurð í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfileikar, sjálfstæði, sveigjanleiki og frumkvæði í starfi
- Áhugi á uppbyggingu þekkingar og þróun í mállefnum blindra og sjónskertra einstaklinga
- Góð færni í ritaðri og munnlegri ensku er skilyrði, færni í norðurlandamáli er kostur

**Nánari upplýsingar veitir Hrönn Pétursdóttir í síma 690 2700, en umsókn ásamt ýtarlegri ferilskrá sendist til Blindrafélagsins, Hamrahlíð 17, 105 Reykjavík fyrir 27. júlí 2007.**



BLINDRAFÉLAGIÐ  
BANTER BÍLDRUM OG SJÓNKERTRUM



## ÚTBOÐ – JARÐVINNA

**Eignarhaldsfélagið Fasteign hf.** óskar fyrir hönd Háskólans í Reykjavík hér með eftir tilboðum í verkið:  
**Háskólinn í Reykjavík – Jarðvinna**

Verkið felst í því að grafa fyrir nýbyggingu Háskólans og endurfylla að hluta með burðarhæfum fyllingum undir nýbyggingu.

### Helstu magnþölur eru:

Gröftur 59.000 m<sup>3</sup>  
Fyllingar 15.000 m<sup>3</sup>

Verkinu skal skilað í áföngum og vera að fullu lokið 15. maí 2008. Útboðsgögn fást afhent á skrifstofu VGK Hönnunar hf., Grensásvegi 1, Reykjavík, frá og með þriðjudeginum 17. júlí 2007 kl 14.00.

Tilboð verða opnuð á skrifstofu VGK Hönnunar hf., fimmtudaginn 2. ágúst 2007 kl. 11.00.



### Auglýsingasími

# 512 50 50



– Mest lesið

# FASTEIGNA MIÐLUN GRAFARVOGS

Sími 575 8585 – Spönginni 37 – 112 Reykjavík – www.fmg.is

## KAFFI og VEITINGASTAÐUR

Af sérstökum ástæðum er til sölu þekktur **Kaffi & veitingastaður** í stórrí verslunarmiðstöð. Mjög góð framlegð.

**Hafirðu áhuga,  
vinsamlega pantaðu tíma.**

**Fasteignamiðlun Grafarvogs  
Karl Dúi sími 898 6860  
eða Sverrir sími 896 4489**

# Stökktu til Fuerteventura 24. júlí.

frá kr. **39.990**

### Allra síðustu sætin

Verð kr. **39.990**

Netverð á mann, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára, í íbúð í viku. Aukavika kr. 14.000.

Heimsferðir bjóða frábært tilboð á síðustu sætunum til Fuerteventura í 1 eða 2 vikur þann 24. júlí. Þú bókar og tryggir þér sæti og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir. Griptu tækifærið og tryggðu þér sumarfrí á frábærum kjörum á vinsæla sumarleyfisstað.



**Heimsferðir**

Skógarhlíð 18 • sími 595 1000  
Akureyri • sími 461 1099  
www.heimsferdir.is

Verð kr. **49.990**

Netverð á mann, m.v. 2 í herbergi/stúdíó/íbúð í viku. Aukavika kr. 14.000.

## STUÐ MILLI STRÍÐA

Eru ekki allir geðveikislega afslappaðir í sumarfríinu?

MARGRÉT HUGRÚN GÚSTAVSDÓTTIR KAUPIR GELIÐ SITT Í ÚTLÖNDUM.



Þá er komið að því að við getum tekið út sumarfríð okkar og sumir eru metnaðarfullir hvað þetta varðar. Eftir heilmikla vinnu og fjarveru frá maka og fjölskyldu á virkilega að slappa af og hafa það gaman. Það á að verða rosalega gaman. Svipað og á jólnunum þegar allir eiga að vera „góðir“ og allt voða skemmtilegt. Það bara „á“ að vera þannig.

Stundum verður þetta að hrikalegri pressu fyrir þá fjölskyldumeðlimi sem ekki eru æstir og metnaðarfullir í afslöppun. Til dæmis er ekki alltaf auðvelt að vera unglíngur í sumarbústað með

fjölskyldu sem vanalega er lítið saman. Í raun er frekar erfitt fyrir allt fullorðið fólk að vera mikið ofan í hvort öðru. Það er í mesta lagi að fólk þoli mikla samveru við maka sinn og stundum er ekki einu sinni hægt að þola hana. Sumir fá sjokk í sumarfríinu. Eru með makanum allan daginn og hafa engan privat tíma. Flyja bara í bjórinn. Það sem átti að verða til sameiningar verður til sundrunar og svo er bara farið fram á skilnað þegar beðið er eftir töskunum í Leifsstöð.

Úff hvað þetta er allt saman erfitt!

Ög lausnin?

Nú, í fyrsta lagi að gera ráð fyrir því að allir þurfa sitt „speis“, í öðru lagi að spila þetta allt saman eftir

eyranu, í þriðja lagi að vera viðbúin því að einhver fari í fýlu, í fjórða lagi er nauðsynlegt að nota sólarvörn og vera inni um hádegisbilið ef farið er til heitu landanna (of mikið af sólböðum getur gert fólk skapvont og klikkað) og í fimmta lagi, síðast en ekki síst, er nauðsynlegt að hafa smá hómur fyrir þessu öllu saman; lesa bækur, spila, fara í sjóinn, fara í HM, gera ferskan appelsínusafa, kaupa glingur, borða kirsuber og hnetur, drekka áfengi í miklu hófi, dansa, labba, skoða, vera aaaaaaa við hvort annað og njóta þess að fá að sofa út. Svo er líka möst að kaupa allar hárvörur í útlöndum. Dolla af gæðageli, vaxi eða álíka kostar um 2.500 krónur hér en 400 krónur í EU. Ha?

## myndasögur

### ■ Pondus

Eftir Frode Øverli



### ■ Geljan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



### ■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



### ■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



### ■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



**BRJÁLÆDISLEGA SVÖL**

ÞESSAR 8 KONUR MUNU HITTA 1 BRJÁLADAN MANN

KURT RUSSELL  
QUENTIN TARANTINO  
**"DEATH PROOF"**

16  
Ekki við hæfi yngri en 16 ára

FRUMSÝND  
18.07.07  
SENDU SMS JA DPF  
Á NÚMERIÐ 1900  
OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ  
MÍÐA FYRIR TVO!  
FLOTTR AUKAVINNINGAR Í BÓTI!

9. HVER VINNUR

SMS LEIKUR

BIOMIDI

# Sölusýning í dag

Arnarneshæð  
á móti hækkandi sól

milli kl. 14 og 16

## Glæsilegar íbúðir sólarmegin



### Velkomin á Arnarneshæð

Má bjóða þér í heimsókn á skrifstofu okkar að Hofakri 1, jarðhæð. Þar erum við með ítarlegar upplýsingar um íbúðir og raðhús, teikningar og myndir, kort af hverfinu. Flestar íbúðir og raðhús eru í göngufæri. Hver veit nema rétta eignin fyrir þig sé á Arnarneshæð.



### Nýjar gerðir íbúða

Við kynnum nýjar íbúðagerðir og ný verð á Arnarneshæðinni. Nánasta umhverfi húsanna er því sem næst fullfrágengið. Hverfið er í suðurhlíð og horfir móti hækkandi sól. Umhverfið er yndislegt, enginn gegnumakstur í hverfinu, gönguleiðir fjölmargar og stutt í alla þjónustu.



### Verðdæmi

- 2ja herb. íbúð, **93,7 fm**, verð frá **26,7 mkr**
- 3ja herb. íbúð, **106,3 fm**, verð frá **27,5 mkr**
- 4ra herb. íbúð, **138,2 fm**, verð frá **34,9 mkr**
- Raðhús frá **248,9 fm**, verð frá **55 mkr**

### Við bjóðum

- Glæsilegt útsýni
- Íbúðir fyrir alla
- Stórar svalir á móti sól
- Bjartar íbúðir
- Viðhaldsfri hús
- Allt að 90% fjármögnun

### Frábært umhverfi

- Glæsilegt hverfi á besta stað í Garðabæ
- Bjart og opið hverfi
- Skjólsælar suðurhlíðar
- Lágrest byggð
- Græn svæði og göngustígar
- Enginn gegnumakstur í hverfinu
- Stutt í verslun og þjónustu

[www.arnarnes.is](http://www.arnarnes.is)

**IOI ISLEIFUR JONSSON**  
Drágháls 14 - 16 · 110 Reykjavík  
Sími 4 12 12 00 · Fax 4 12 12 01

# Djarfar myndir sem þó valda vonbrigðum



**LEGID Á MAGAVÖÐVUNUM** Victoria segir í viðtalinu við W að henni og David finnst fátt skemmtilegra en að ganga um nakin á heimili sínu.

Myndirnar sem birtast af David og Victoriu Beckham í tískutímaritinu W hafa vakið mikið umtal ytra síðustu daga, enda höfðu ritstjórar blaðsins lýst því yfir að þær sýndu Beckham-hjónin í glænýju ljósi.

Myndirnar hafa nú lekið á internetið og eru flestir á því að

myndirnar valdi töluverðum vonbrigðum, þó vissulega séu þær „djarfar og seiðandi“ eins og einhverjir ónefndir álitsgjafar úti í heimi hafa haft á orði.

Þær eru að minnsta kosti ekki eins djarfar og ritstjórnarnir vildu láta í fyrstu.

Dæmi hver fyrir sig.



**KYNÆSANDI?** David stendur yfir Victoríu sinni sem liggur fáklædd á sportbíl. Ekki það frumlegasta sem ljósmyndara gæti dottið í hug, en magavöðvar Becks fá þó að njóta sín.



# VILTU VINNA?

Við stækjum hratt og vantar því starfsfólk í eftirtalin störf



## Sölumaður

Fjölbreytt starf sem felst í ráðgjöf við val á tölvubúnaði til viðskiptavina. Góð þekking á helstu iðlum og tölvubúnaði skilyrði.

## Fyrirtækjasvið

Sölumaður á fyrirtækjasviði sinnir séróskum stærri viðskiptavina. Rík þjónustulund og viðtæk þekking á tölvubúnaði skilyrði.

## Tæknimaður

Öflugur tæknimaður með góða reynslu í PC viðgerðum og tölvusamsetningum óskast í öflugan hóp reynðra tæknimanna Tölvuteks.

## Innkaupafulltrúi

Innkaupafulltrúi sér um samskipti við innlenda og erlenda birgja og þarf að vera talnaglóggur einstaklingur og með grunnþekkingu í Excel.

## Markaðsdeild

Hlutastarf sem felst í almennri grafískri vinnslu ásamt vefhönnun og gerð auglýsinga. Þekking og reynsla á helstu forritum skilyrði.

## Bókhald

Hlutastarf með skóla, aðstoðarmanneskja bókara og gjaldkera, bókhaldsvinnsla, tollskjalagerð, innheimta og almenn skrifstofustörf.

Sendið tölvupóst á [starf@tolvutek.is](mailto:starf@tolvutek.is) með ferilskrá • Góð laun í boði • Fullum trúnaði heitið



# TÖLVUTEK

Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • [www.tolvutek.is](http://www.tolvutek.is)

Tölvutek er einn stærsti dreifingar- og söluaðili á tölvum og tölvubúnaði til einstaklinga og smærri fyrirtækja í dag. Við erum ört vaxandi fyrirtæki með 17 starfsmenn í dag. Tölvutek er dreifingaraðili á Íslandi fyrir Gigabyte, Packard Bell, OCZ og Creative. Tölvutek er viðurkenndur samstarfsaðili Microsoft með fjölda viðurkenninga og gráða frá Microsoft, CompTIA, Trend ofl.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Courtney Love** hefur viðurkennt að hafa tekið upp rapplag í gríni og vonar innilega að það leki ekki út. „Ég fór einu sinni til **Lindu Perry** og tók upp rapplag. Ég var með það á heilanum að **Eminem** væri minn stærsti keppinautur og að ég yrði að vinna hann. Við Linda vorum vakandi alla nóttina og sugum ógeðslegt hvítt duft upp í nösina. Ég gerði þetta hrikalega rapplag og ef það lekur einhvern tíma á netið þá held ég að ég þurfi að drepa mig.“



Ný lína af gallabuxum frá **Paris Hilton** er væntanleg í búðir í Bandaríkjunum en Paris hitti ráðamenn hjá Macy's á miðvikudaginn. „Viðbrögðin frá Macy's voru rosalega góð og buxurnar verða til sölu eins fljótt og mögulegt er,“ sagði heimildarmaður. Talið er að Paris hafi verið í einu pari úr línunni þegar henni var sleppt úr fangelsinu. Þetta voru svartar þröngar gallabuxur með demantsrönd niður hlið fótleggins.



Talið er að kynlífsmyndband **Nick Lacheys** og **Vanessu Minnillo** sé svo gróft að sjái aðáendur hans það í heilu lagi muni það hafa alvarleg áhrif á feril hans. Parið fór í til Mexíkós þar sem ástaratlot þeirra í heitum potti voru mynduð. Tímaritið OK! hefur greitt ljósmyndaranum fjögurhundruð þúsund dollara fyrir myndirnar til þess að koma í veg fyrir birtingu og í staðinn fær blaðið persónulegt viðtal við Nick og Vanessu.



**Jim Carrey** mun að öllum líkindum leika í jólamynd næsta árs en það er endurgerð á jólasögu Charles Dickens um nirfilinn Skrógg. **Robert Zemeckis** mun leikstýra myndinni, sem verður gerð með sömu tækni og **Polar Express** en þar breyttist **Tom Hanks** í teiknimyndahetju á örskotsstundu. Að öllum líkindum mun **Bob Hoskins** leika **Hr. Fezziwig**.



# Galdrafár um alla Reykjavík

Sjöunda og síðasta bókin um galdratrákinn, **Harry Potter and the Deathly Hallows**, kemur í verslanir á föstudaginn og mikill spenningur er kominn í aðdáendur bókanna.

Gluggi bókabúðarinnar Máls og menningar er orðinn ansi myndarlegur enda hafa tveir efnilegir listamenn tekið sig til og málað á þá mynd af Potter. Starfsmenn búðarinnar, þeir Baldur Helgason og Rúnar Logi Ingólfsson, skreyttu gluggana en báðir eru þeir útskrifaðir úr Listaháskóla Íslands.

„Það er svona þegar maður vinnur með hæfileikaríku fólki; þá reynir maður að ná því sem þau kunna fram,“ segir Elsa María Ólafsdóttir verslunarstjóri. „Við gerðum þetta fyrst fyrir tveimur árum síðan enda erum við svo heppin að hafa fjölhæfa starfsmenn í vinnu. Þeir tóku um það bil einn dag í að mála og úr varð þetta líka dásamlega listaverk.“

Eflaust munu myndast stórar raðir hjá bókabúðum á föstudaginn eins og fyrri útgáfudaga bókanna og hyggst Mál og menning ekki láta viðskiptavinum leiðast. „Þetta er langur og strangur dagur fyrir fólkið í röðinni og við ætlum að reyna að skemmta því og gefa þeim í gogginn. Hérna mætir eldgleypir um kvöldið og við



**HARRY POTTER-LISTAVERK** Rúnar Logi Ingólfsson og Baldur Helgason hafa málað glæsilegt Harry Potter-listaverk á glugga Máls og menningar sem mun eflaust byggja upp spennu hjá þeim sem bíða æstir eftir næstu bók.

höfum líka rætt við Fjölleikahúsið í Mosfellsbæ en einnig verðum við með spurningakeppni sem ætti að mynda góða stemningu. Ætli þýðandinn verði svo ekki fremstur í röðinni?“ segir hún og hlær. Verslunin Nexus hefur opnað nýja heimasíðu helgaða

galdradrengnum og nýjustu bókinni en slóðin er [www.harrypotter.is](http://www.harrypotter.is). Starfsmenn Nexus gera einnig ráð fyrir mikilli aðsókn og fjöri í röðinni en fólk er hvatt til að mæta í búningum og skemmta sér og öðrum. Auk þess stendur verslunin fyrir teiknakeppni í tilefni útgáfunnar.

Íslensk útgáfa af bókinni er væntanleg hinn 15. nóvember en það er Helga Haraldsdóttir sem sér um þýðinguna eins og áður. „Hún er orðin mjög spennt að fá bókina eins og flestir en við erum

að fara af stað með stórkostlega forsölu í gegnum netbúð Hagkaupa á [www.hagkaup.is](http://www.hagkaup.is),“ segir Þorgerður Agla Magnúsdóttir hjá Bókaútgáfunni Bjarti. „Forsalan byrjar á miðvikudaginn en þeir sem ná sér í bók þar fá hana senda heim til sín viku fyrr en hún kemur í búðir, hinn 8. nóvember. Auk þess verður happdrætti fyrir þá sem kaupa hana í forsölu, óvæntur glaðningur fyrir þá fimmtíu fyrstu og alls kyns Harry Potter húllum-hæ.“

[hilda@frettabladid.is](mailto:hilda@frettabladid.is)

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Nú stýttist í að tilkynnt verði um leikhóp næstu **Star Trek** myndarinnar, sem á að verða ein sú flottasta og dýrasta í þessari seríu. Reiknað er með aðstandendur myndarinnar geri allt opinbert á myndasöguháttíðinni í San Diego. Orðrómur hefur verið á kreiki um **Matt Damon** leiki í myndinni og **Sam Rockwell** hefur einnig lýst yfir áhuga á að leika í henni. Þá eru bæði **Saga Film** og **Pegasus** væntanlega einnig spennt yfir ákvörðunum frá Hollywood en kvikmyndafyrirtækin hafa barist um að fá myndina hingað til lands.



**Nicole Kidman** mun að öllum líkindum snúa sér næst að kvikmynd sem hlotið hefur vinnuheiðið Monte Carlo. Myndin fjallar um þrjár

einhleypar grunnskólakennslukonur sem fresta fríu sínu til Parísar og halda til spilaborgarinnar Monte Carlo. Þar spila

þær sig vellauðugar í þeim tilgangi að krækja sér í menn, loðna um lófana. Kidman hefur þegar biðlað til þeirra **Meryl Streep** og **Reese Witherspoon** um að leika með sér í myndinni.



## ERT ÞÚ MEÐ GOLFKORTIÐ?

FRÍDAGAR fyrir Golfkorthafa  
á **HÓLMSVELLI** í Leiru\*  
16. og 18. júlí.

Golfkorthafar eiga frátekin 50 pláss hvorn daginn. Þeim býðst að spila golf frítt í boði Kauppings.

Hægt er að panta rástíma á [www.golf.is](http://www.golf.is) eða í síma 421 4100.

**VAKNAÐU SNEMMA**  
– fyrstir koma, fyrstir fá.

Skráðu þig í netklúbbinn á [www.golfkort.is](http://www.golfkort.is) og tryggðu þér fleiri spennandi tilboð af þessum toga.

\*Nauðsynlegt er að sýna Golfkortið við skráningu.



KAUPPING



**NÝTT Í BÍÓ!** **LÚXUS**



**Harry Potter**  
AND THE ORDER OF THE PHOENIX



**1408**  
BYGGÐ Á SÖGU STEPHEN KING



**TAXI**  
NÚ VERÐUR ALLT GEFIÐ Í BOTNI



**Evan ALMIGHTY**  
STÆRSTA GRÍNMYND SUMARSINS



**DIE HARD 4.0**  
YIPPEE KI YAY

<b>SMÁRA BÍÓ</b> Sími 564 0000	<b>REGNBÖGINN</b> Sími 551 9000
HARRY POTTER kl. 12-1-3-4-6-7-9-10	TAXI 4 kl. 3-6-8-10
HARRY POTTER LUXUS kl. 12-3-6-9	THE LOOKOUT kl. 3-5:50-8-10:10
EVAN ALMIGHTY kl. 12-2-4-6-8-10	DIE HARD 4.0 kl. 3-5:30-8-10:40
DIE HARD 4.0 kl. 2-5-8-10:45	PREMONITION kl. 3-5:45
	FANTASTIC FOUR 2 kl. 10:45
	DEATH PROOF FORSYNING kl. 8

<b>HÁSKÓLABÍÓ</b> Sími 530 1919	<b>ALFREYDUBÓ</b> Sími 462 3500
TAXI 4 kl. 4-6-8-10	1408 kl. 8-10
1408 kl. 3:40-5:50-8-10:10	EVAN ALMIGHTY kl. 4-6-8
DIE HARD 4.0 kl. 5:15-8-10:45	DIE HARD 4.0 kl. 5:40-10
	FANTASTIC FOUR 2 kl. 4

MIDASALA Á [midi.is](http://midi.is)

**SAMBÍÓ** www.SAMBio.is t 575 8900 [midi.is](http://midi.is)



**UPPREISNIN ER HAFIN**



**EVAN ALMIGHTY**

<b>ÁLFABAKKA</b>	HARRY POTTER 5 kl. 12:30-2:30-5:30-8-9:30-11	SHREK 3 M-ÍSL TAL kl. 2-4-6
HARRY POTTER 5 kl. 2-5-8-11	DIGITAL 10	SHREK 3 M-Ensku TAL kl. 8-10:10
HARRY POTTER 5 kl. 2-5-8-11	VIP 10	OCEAN'S 13 kl. 10:10
EVAN ALMIGHTY kl. 2-4-6-8-10:10	L	PIRATES CARRIBEAN 3 kl. 4
BLIND DATING kl. 8	10	

<b>KRINGLUNNI</b>	<b>AKUREYRI</b>
HARRY POTTER 5 kl. 1-2:15-4-5:15-7-8:15-10-11:15	HARRY POTTER 5 kl. 2-4-6-8-10
SHREK 3 M-ÍSL TAL kl. 2-4	SHREK 3 M-ÍSL TAL kl. 2
SHREK 3 M-Ensku TAL kl. 6	L
PIRATES CARRIBEAN 3 kl. 8	10
OCEAN'S 13 kl. 11:15	7
<b>KEFLAVÍK</b>	
HARRY POTTER 5 kl. 2-5-8-11	10
EVAN ALMIGHTY kl. 4-8	L
SHREK 3 M-ÍSL TAL kl. 2-6	L
DIE HARD 4 kl. 10	14

**SPARBÍÓ 450 kr**

**Nýtt í bíó** Sími: 553 2075 - bara lúxus



**1408**



**EVAN ALMIGHTY**

**LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR**

1408	kl. 6, 8 og 10	16
EVAN ALMIGHTY	kl. 2, 4, 6, 8 og 10	L
DIE HARD 4.0	kl. 7:30 og 10	14
SHREK 3 íslenskt tal	kl. 2, 4 og 5:45	L
ÚTI ER ÆVINTÝRI	kl. 2 og 4 (450 kr.)	L

[www.laugarasbio.is](http://www.laugarasbio.is) - Miðasala á [midi.is](http://midi.is)

# Seltjarnarnesbúgí

Hljómsveitin Bertel! er ættuð alla leiðina frá Seltjarnarnesi en þar hlustar fólk á tónlist og spilar eins og annars staðar, slíkt sanna piltarnir í Bertel! Meðlimir sveitarinnar eru enn allir á menntaskólaaldri og er þetta fyrsta skífa þeirra. Hér er þó ekki um heila breiðskífu að ræða en á þessari stuttskífu má finna sjö lög. Lögin gefa til kynna að Bertel! er ágætlega efnileg sveit sem virðist hafa eitthvað fram að færa. Betur má samt ef duga skal.

Fyrst ber að nefna að hljómurinn á plötunni er ekkert til þess að hrópa húrra fyrir. Gítarinn er oft einum af þurr og mér finnst vanta allan grodda í heildarhljóminn, eitthvað svipað og maður finnur fyrir í Love Police sem er safaríkt topplag. Vel er þó hlúð að bassanum, sem kemur oft vel út en hefði jafnvel mátt fá enn meira pláss. Varðandi hljóminn vil ég þó sérstaklega

nefna viðlagið í partíslaganum He-Man sem vantar meiri fyllingu. Lagið í heild minnir líka óþarflega mikið á Jakóbínarínu en er samt gott í sjálfu sér.

Gallarnir varðandi hljóminn eru þó ekki stórvægilegir, hann þarfnast einfaldlega örlitillar lagfæringar sem væntanlega kemur með tíð og tíma. Bak við tónlist Bertel! reynist nefnilega margt mjög sniðugt. Greinilegt er að meðlimir sveitarinnar búa yfir fínum tækjabúnaði, sem endurspeglast fyrst og fremst í fjölbreyttri flóru ýmissa hljóðgervla. Fá líka stóran plús fyrir frjálslega notkun sína á saxófónum.

Ég ætla samt að vona að Bertel! leiðist ekki of mikið í áttina sem farin er í Jericho Space Station, sem er því miður sorglegur endir á finni plötu. Þar fer líka söngvarinn algjörlega af sporinu en hann hafði gert prýðilega hluti fyrir á plötunni. Er til dæmisskemmtilega



## TÓNLIST

**Bertel!**

Bertel!

★★★

Þó margt megi laga gefur platan fólki vísbandingu um að fylgjast vel með Bertel! í framtíðinni.

sjarmerandi í Hetjuborg, sem er lag með smellið grúv. Í Bertel! eru greinilega engir vitleysingar þótt húmorinn sé vissulega til staðar.

Steinþór Helgi Arnsteinnsson

# Moss hyggur á endurkomu

Líf Kate Moss tók stakka-skiptum fyrir skömmu en hún sagði loks skilið við ólátabelginn og fíkilinn Pete Doherty. Og nú hyggst hún endureisa feril sinn sem fremsta fyrirsæta heims.

Samkvæmt breska blaðinu Daily Mail hefur Moss leitað aðstoðar hjá Söruh Doukas, konunni sem gerði hana heimsfræga á sínum tíma. Moss hyggst fá Söruh til að hjálpa sér við að byggja upp feril sinn að nýju en hann ku vera ein rjúkandi rúst eftir ævintýrin með Doherty. Þarið var áberandi á síðum slúðurblaðanna, ekki síst fyrir villt líferni. Steininn tók úr öllu þegar kókaínneysla fyrirsætunnar náðist á mynd sem var birt á forsíðu The Sun. Síðan þá hafa öll helstu vörumerkin verið treg við að fá Moss til vinnu fyrir sig af ótta við að samband hennar og Pete myndi skaða vöruna.

Doukas uppgötvaði Moss á JFK-flugvælinum í New York þegar Kate var aðeins fjórtán ára. Sarah tók stúlkuna algjörlega upp á sína arma og heimildarmaður Daily Mail segir hana hafa nánast gengið Moss í móðurstað. „Og

**DOHERTY** Var þungur baggi á ferli Moss og orsakaði samband þeirra meðal annars að fyrirsætan missti dýrmat atvinnutilboð.



**MOSS** Hefur losað sig við Doherty og hyggst endurnýja kynnin við manneskjuna sem uppgötvaði hana á sínum tíma.

til hvers er betra að leita einmitt slíks áhrifavalds þegar lífið hefur tekið stefnuna svona lódrétt niður á við,“ sagði heimildarmaður blaðsins. Hlutverk Doukas verður fyrst og fremst að endurnýja bæði fataskápinn og lífsstílinn sem svo oft hefur orðið að safaríkum fjölmiðlamat. Doukas hefur þegar látið til skarar skrifa og fyrirskipað Moss að skera niður reykingarnar, frá fjórutíu

sígarettum í tuttugu stykki á dag. Þá hefur Doukas krafist þess að Moss sofi í sjö tíma á dag og sett hana á strangan Miðjarðarhafskúr sem samanstendur af fiski og tómötum. „Sarah er meira en lítið reiðubúin að hjálpa Moss og hún hefur mikla trú á læringu sínum. Hún hefur meðal annars krafist þess að Moss skeri niður allt partístand en hvort þetta ráðabrukk gengur upp verður síðan bara að koma í ljós.“

**SparBíó 450kr** Á EFTIRTALDAR SÝNINGAR laugardag og sunnudag



**SHREK 3** M-ÍSL TAL kl. 2 Í ÁLFABAKKA, KEFLAVÍK OG Á AKUREYRI



**EVAN ALMIGHTY** KL. 2 Í ÁLFABAKKA OG KL. 4 Í KEFLAVÍK

Sími: 553 2075 - bara lúxus

**Ódýrt í bíó**



**SHREK 3** HINN DRIDJI



**EVAN ALMIGHTY**



**ÚTI ER ÆVINTÝRI**

**450 kr. á fyrstu sýningar dagsins**

LEIKARAR FRAMTÍÐARINNAR **Sigrún Huld Skúladóttir**

# Dræpi mig ef ég yrði ein í heiminum

Nú leikarar útskrifuðust frá Listaháskóla Íslands fyrir skemmstu og er ábyggilega ekki langt að bíða þar til andlit þeirra verða Íslendingum að góðu kunn. Sigrún Huld Skúladóttir er sú síðasta sem situr fyrir svörum hjá Fréttablaðinu.

**Aldur:** 27 ára.

**Draumahlutverkið:** Fullt af draumahlutverkum. Galdurinn felst í að finna innra líf persónunnar, það sem drífur hana áfram.

**Bókin á náttborðinu:** The Catcher in the Rye eftir J.D. Salinger (reglugleg skyldulesning), Fragile Things eftir Neil Gaiman og ljóðabók eftir Megas.

**Besta æskuminningin:** Afi Magnús passaði mig mikið þegar ég var lítil

og bestu æskuminningarnar eru frá þeim tíma. Hann lagði alls kyns verkefni fyrir mig, eins og að telja alla rauðu bílana sem keyrðu framhjá glugganum á einni klukkustund. Hann lét eins og þessar upplýsingar væru upp á líf og dauða og ég tók þessari ábyrgð mjög alvarlega.

**Ef ekki leikari, hvað þá?** Leikstjóri. Þú sérð gamla konu missa 5.000 kall. Hvað gerir þú? Auðvitað tek ég upp seðilinn og rétti henni og ef hún býður mér í kaffi og bakkelsi þá þigg ég það með þökkum.

**Sátt við nýju ríkisstjórnina?** Sátt? Ég efast um að ég hefði orðið sátt sama hver niðurstaðan hefði orðið. Ég væri sátt ef ég gæti notað atkvæði mitt almennilega í kosningum, kosið



SIGRÚN HULD SKÚLADÓTTIR  
Segir galdurinn í leiklist vera að finna innra líf persónunnar.

manneskjur en ekki flokka.

**Hvar er best að vera?** Í örmum þess sem ég tengi við.

**Myndir þú koma nakin fram?** Ef það þjónar hlutverkinu sem ég er að leika og því sem er verið að reyna að koma á framfæri þá myndi ég að sjálfsögðu koma nakin fram.

**Hvers getur þú síst verið án?** Meðvitundar.

**Hefur þú kysst einhvern af sama kyni?** Já, hver hefur ekki gert það? Kyssti Söru bekkjarsystur reglulega í útskriftarverkinu Lífið - Notkunareglur og það var mjúkt og gott, í stíl við hana.

**Versta starf sem þú hefur unnið:** Vann sem símasöllumanneskja um tíma. Mikið tal um „Fólk með Sirrý“

og misheppnuð hjónabönd. Stimpilkort og steiktur kjúklingur í hádeginu. Dálítið eins og að vera staddur í Mike Leigh mynd ... Leið ekki vel.

**Ef þú værir ein í heiminum, hvað myndir þú gera?** En hræðileg tilhugsun. Ég myndi líklega enda á að drepa mig vitandi það að ég gæti ekki einu sinni fjölgað mér (þar af leiðandi haldið kynstofninum við).

**Hvar pantar þú pitsuna þína?** Löngu hætt að panta pitsur. Eldsmíðjan er samt sem áður með bestu pitsurnar.

**Hvar er besta vídeóleigan?** Aðalvídeóleigan á Klapparstíg áður en Bónusvídeó keypti hana.

**Hvernig týpa ertu?** Ég er manneskja.



CHARLIE SHEEN Hann er ekki að tvínóna við hlutina og er búinn að trúlofa sig en aðeins eitt ár er síðan hann skildi við fyrri eiginkonu sína.

## Sheen kominn með nýja

Leikarinn Charlie Sheen er búinn að ná sér í nýja skvísu og hefur tilkynnt trúlofun sína og hinnar 29 ára gömlu Brooke Mueller. Hún er fyrrum leikkona sem starfar núna sem fasteignasali en hinn 41 árs gamli Sheen bað hennar á Kosta Ríka. Trúlofunarhringurinn var heljarinnar ellefu karata gullhringur með gulum demanti.

Skötuhrjúin hittust í fyrra í partí hjá leikstjóranum Brett Ratner en Sheen var þá ennþá giftur leikkonunni Denise Richards.



CLAIRE DANES Leikkonan mun fara með hlutverk Elizú Doolittle í endurgerð á leikritinu Pygmalion sem verður frumsýnt í október.

## Leikur Elizú Doolittle

Leikkonan Claire Danes hefur tekið við sínu fyrsta hlutverki á Broadway og mun fara með hlutverk Elizú Doolittle í endurgerð á leikritinu Pygmalion eftir George Bernard Shaw. Danes mun leika á móti leikaranum Jefferson Mays sem fer með hlutverk Henry Higgins. Pygmalion var fyrst sýnt á Broadway árið 1914 en var seinna yfirfært í söngleikinn My Fair Lady.

Leikritið er frumsýnt í október og segir frá tilraun Prófessor Higgins til að breyta hinni fátæku og ómenntuðu Elizú í fagaða dömu. Danes ætti að fara létt með hlutverkið enda þaulreynd leikkona og vann meðal annars Golden Globe-verðlaunin árið 1995. Hún skaut fyrst upp á yfirborðið þegar hún lék aðalhlutverkið í sjónvarpsþáttunum My So Called Life.

## Mr. Skallagrímsson

### Sýningar í júlí

13. kl. 20 Uppselt,  
14. kl. 15 Uppselt,  
14. kl. 20 Uppselt

### Sýningar í ágúst

lau 11. kl. 20 Uppselt,  
su. 12. kl. 15 aukasýning,  
su. 12. kl. 20,  
lau. 18. kl. 20 Uppselt  
su. 19. kl. 15 aukasýning,  
su. 19. kl. 20,  
lau. 25. kl. 20,  
su. 26. kl. 20,  
fi. 30. kl. 20,  
fö. 31. kl. 20 Uppselt

### September

lau 8. kl. 20,  
su 9. kl. 20,  
fö 14. kl. 20,  
lau 15. kl. 20,  
lau 22. kl. 20,  
su 23. kl. 20,  
fö 28. kl. 20,  
lau 29. kl. 20



## Ert þú kennari og hefur áhuga á að sérhæfa þig í kennslu og kennsluráðgjöf blindra og sjónskertra?

**Blindrafélagið annast ráðningu og tímabundið utanumhald kennsluráðgjafar vegna blindra og sjónskertra í umboði skólayfirvalda, og leitar því að blindrakennurum / kennsluráðgjöfum til starfa. Kennarar á öllum skólastigum og greinasviðum eru hvattir til að sækja um.**

Þeir sem verða ráðnir en hafa ekki sérmenntun sem blindrakennarar þurfa að vera tilbúnir að leggja stund á nám í blindrakennslu í fjarnámi við University of Birmingham ([http://www.education.bham.ac.uk/programmes/cpd/courses/visual\\_impairment.shtml](http://www.education.bham.ac.uk/programmes/cpd/courses/visual_impairment.shtml)), samhliða vinnu í 18 mánuði frá lokum ágúst 2007. Menntunarsjóður til blindrakennslu, stofnaður af Blindrafélaginu og Blindravinafélaginu, mun greiða skólagjöldin fyrir þá sem fara í fjarnámið.

### Starf kennsluráðgjafa / blindrakennara felst m.a. í:

- faglegri ráðgjöf, kennslu og stuðningi við blindra og sjónskertra nemendur á öllum skólastigum um allt land
- fræðslu og ráðgjöf til starfsmanna allra skólastiga vegna blindra og sjónskertra nemenda
- fræðslu og ráðgjöf til aðstandenda blindra og sjónskertra barna
- námskeiðahaldi fyrir blindra og sjónskertra nemendur, fjölskyldur, faghópa og aðra sem að þeim koma
- þátttöku í rannsóknum, þróun og uppbyggingu þekkingar og þjónustu á sviði kennslu blindra og sjónskertra

### Menntunar og hæfniskröfur

- Kennaramenntun á leik-, grunn eða framhaldsskólastigi, háskólamenntun á sviði fullorðinsfræðslu eða menntunarfræða
- Mikil lipurð í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfileikar, sjálfstæði, sveigjanleiki og frumkvæði í starfi
- Áhugi á uppbyggingu þekkingar og þróun í málefnum blindra og sjónskertra einstaklinga
- Góð færni í ritaðri og munnlegri ensku er skilyrði, færni í norðurlandamáli er kostur

**Nánari upplýsingar veitir Hrönn Pétursdóttir í síma 690 2700, en umsókn ásamt ýtarlegri ferilskrá sendist til Blindrafélagsins, Hamrahlíð 17, 105 Reykjavík fyrir 27. júlí 2007.**



> **Ragna komin í úrslitaleikinn**

Badmintonkonan Ragna Ingólfsdóttir er að standa sig frábærlega á alþjóðlega Viktoríumótinu í badminton sem fram fer í Melbourne í Ástralíu. Ragna spilar til úrslita í dag við Larisu Griga frá Úkraínu en hún vann Kristínu Ludíkovu frá Rússlandi í undanúrslitum með 2 lotum gegn einni, 19-21, 21-19 og 21-15. Ragna vann Michelle Chan frá Nýja-Sjálandi í átta manna úrslitum og stigin sem hún fær fyrir þetta mót koma til með að hjálpa henni inn á Ólympíuleikana í Peking á næsta ári.



**sport**  
sport@fretta-

**KR-INGURINN SIGÞÓR JÚLIÚSSON: BÚINN AÐ NÁ SÉR AF MEIÐSLUNUM OG BYRJAÐUR AÐ ÆFA**

**Styttist í það að ég geti hjálpað liðinu**

Sigþór Júlíússon var lykilmáður í góðum endaspretti KR-inga í fyrra en hefur ekkert getað verið með það sem af tímabilinu eftir að hann meiddist á kálfa viku fyrir upphaf Landsbankadeildarinnar. Það styttist nú í að þessi reyndi bakvörður komi inn í KR-liðið. „Það vill enginn lenda í því að meiðast rétt fyrir mót og missa af öllu mótinu. Maður var búinn að æfa vel allan veturinn og því mjög svekkjandi,” segir Sigþór. „Ég er búinn að æfa á fullu með liðinu í eina viku. Ég er klár um leið og þjálfarinn velur mig. Ég er kannski ekki tilbúinn í heilan leik en það styttist í það að ég geti hjálpað liðinu,” segir Sigþór en KR náði í 17 af 21 mögulegu stigi eftir að hann byrjaði að spila í fyrra. „Ég kom inn í liðið á góðum tíma í fyrra og það var þá einhver viðsnúningur en ég

veit ekkert hvort það var mér að þakka,” segir Sigþór hógvæ. „Það hefur verið bölvanlegt fyrir alla KR-inga að horfa upp á gengi liðsins í sumar. Það er erfitt að finna einhverjar ástæður fyrir þessu og ef við værum búnir að finna einhverja töfralausn værum við löngu búnir að beita henni. Það er ekkert töframeðal í fótbolta,” segir Sigþór, sem á að baki 166 leiki í efstu deild, þar af 107 með KR. Sigþór verður ekki með í Keflavík í kvöld. „Ég var ekki valinn í hópinn og fer bara

sem áhorfandi. Meðan ég gat ekkert gert það ég um að vera nær liðinu,” sagði Sigþór, skýrslu í leikjunum á móti Fram og KR. „Nú er maður farinn að æfa eins og hinir og þá verð ég bara á leikskýrslu ef ég er valinn sem leikmaður,” segir Sigþór, sem sér erfiða fallbaráttu fram undan. „Við þurfum að byrja á því að vinna einn leik. Það er ekkert hægt að horfa neitt lengra en það. Við erum allir sammála um það að við tökum bara einn leik í einu og fyrir okkur er hver einn og einasti leikur bara úrslitaleikur. Eina raunhæfa markmiðið hjá okkur úr þessu er bara að halda sæti okkar í deildinni,” segir Sigþór að lokum.



1-1  
FH 1A  
Kaplakrívavöllur, áhorf.: 2212 Magnús Þórisson (7)  
1-0 Tryggvi Guðmundsson, víti (8.)  
1-1 Ellert Jón Björnsson (80.)

**Frábært jöfnunarmark Ellerts Jóns**

FH-ingar sáu á eftir tveimur stigum gegn varnarsinnuðum Skagamönnum í Kaplakrika í gær. Nýja leikaðferðin á Skaganum er ekki vinsæl hjá andstæðingunum, sem gengur illa að finna leiðir til þess að opna fjölmenna og hávaxna vörn Skagamanna. Valur getur minnkað forskot FH í tvö stig annað kvöld.

**TÖLFRÆÐIN**

Skot (á mark)	18-7 (9-3)
Varin skot	Daði 2 – Páll Gísli 7
Horn	11-1
Aukaspymur fengnar	23-10
Rangstöður	6-0

<b>FH</b> 4-3-3	<b>ÍA</b> 5-4-1
Daði Lárusson 6	Páll Gísli Jónsson 7
Guðmundur S. 6	Ellert Jón Björnsson 6
Sverrir Garðars 7	Árni Thor Guðmunds 6
Tommy Nielsen 7	<b>Dario Cingel 8</b>
Freyr Bjarnason 7	Hemir Einarsson 6
David Þór Viðars 7	Guðjón H. Sveinsson 6
Ásgeir Gunnar 6	(80. Kári Steinn -)
(65. Bjarki Gunnl. 5)	Helgi Pétur Magnúss. 5
Dennis Siim 7	Bjarni Guðjónsson 5
Matthias Guðm. 6	Þórður Guðjónsson 6
Matthias Vilhjálmss. 5	(61. Andri Júlíússon 5)
(76. Arnar Gunnl. -)	Jón Vilhelm Ákason 4
(85. Atli Guðnason -)	Vjekoslav Svadumovic 4
Tryggvi Guðm. 7	(70. Björn Bergmann 6)

*\*Maður leiksins*

**FÓTBOLTI** Ellert Jón Björnsson tryggði Skagamönnum 1-1 jafntefli og eitt stig heim úr Kaplakrika með stórglæsilegu marki tíu mínútum fyrir leikslok þegar liðin áttust við í fyrsta leik seinni umferðar Landsbankadeildar karla í gær. Valsmenn eiga því möguleika á að minnka forskot FH-inga í tvö stig þegar þeir mæta Frömurum á morgun. FH-ingar voru með boltann nánast allan leikinn og fengu mörg ágæt færi til þess að bæta við mörkum en oftar en ekki strönduðu fyrirgjafir liðins á hávaxinni Skagavörninni þar sem Dario Cingel var allt í öllu. Markvörðurinn Páll Gísli Jónsson varði einnig nokkrum sinnum vel þegar FH-ingar komust nær markinu. FH-ingurinn Tryggvi Guðmundsson gat ekki leynt pirringi sínum út í leikaðferð Skagamanna og hann er ekki einn um það en málið er að leikaðferð Guðjóns Þórðarsonar er að skila árangri því eftir þrjá góða sigra í röð náðu Skagamenn í stig á heimavelli meistarananna þrátt fyrir að lenda undir eftir aðeins níu mínútna leik.

„Við fengum fullt af færum og enn fremur náðum við fullt af fyrirgjöfum þar sem við vorum ekki mættir inn í teiginn. Það var ágætis fótbolta hjá okkur á köflum en við mætum hér frekar leiðinlegu liði ef ég segi alveg eins og er. Það er frekar erfitt að mæta svona pakka en við vissum svo sem alveg að við værum að fara spila þennan leik á móti ellefu manna vörn,” sagði FH-ingurinn Tryggvi Guðmundsson, sem veit hvað þarf að taka fyrir á næstu æfingum.

„Við þurfum að vera aðeins gráðugari inni í teig og þurfum nú að fara að vinna í því.” Guðjón Þórðarson, þjálfari ÍA, breytti um leikskipulag eftir 0-3 tap fyrir Blikum fyrir mánuði síðan og í kjölfarið hefur liðið náð í 10 stig af 12 mögulegum. „Eftir þetta leiðindatap sem við horfðumst í augu við eftir Breiðabliksleikinn var kominn tími fyrir róttækar breytingar. Þetta er leikaðferð sem ég þekki því ég notaði hana mikið með landsliðið og ég veit alveg hvernig hún virkar,” sagði Guðjón, sem var sátur með stigið.

„Það var mjög erfitt að fá á sig víti og lenda undir á móti FH á heimavelli og við þurfum að passa upp á að halda einbeitingu og fara ekki út í neina vitleysu,” sagði Guðjón, sem sagðist hafa fært menn fram í hálfleik sem skilaði meðal annars markinu. „Markið hjá Ellerti var frábært. Hann átti líka að fara fram í seinni hálfleik. Ellert er góður leikmaður þegar hann leggur sig fram,” sagði Guðjón, sem hafði ekki áhyggjur af fyrirgjöfum FH-inga.

„Við erum með sterka menn inni í teig og ég vil heldur að menn fái færi úti á kanti en að þeir komist inn í teig. Við erum mjög sterkir í loftinu og það segir kannski meira en nokkuð annað að FH skorar úr víti,” sagði Guðjón og bætti við: „Stig hér hlýtur að auka sjálfstraustið í okkar herbúðum. Við spilum alls ekki vel og þurfum að þróa okkar leik. Við þurfum að passa boltann betur því við gefum hann of auðveldlega frá okkur. Þetta er verkefni sem tekur lengri tíma en nokkrar vikur en við erum



**BARÁTTA Í LOFTINU** Leikmenn FH og ÍA háðu ófa skalla einvígin í gær og hér hefur FH-ingurinn Tommy Nielsen betur í baráttunni við Helga Pétur Magnússon. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

svo sannarlega á réttari leið.“ FH-ingar geta verið svekkir því þeir höfðu alla burði til þess að taka öll stigin. Þess í stað eiga þeir á hættu að bæði Valur og Keflavík fari að narta í hælana á þeim, sem er ólík staða þeirri í fyrra sumar þegar Íslandsmeistarnir voru með

tíu stiga forskot á sama tíma. Skagamenn eru heldur ekki langt frá toppnum þó að Guðjón sjálfur búist ekki við að komast upp fyrir Val og Keflavík. Hann leggur áfram ofurkapp á að forðast fallbaráttuna og það er að takast. ooj@frettabladid.is

**STADAN**

**Landsbankadeild karla**

<b>FH</b>	10	7	2	1	21-10	23
Valur	9	5	3	1	19-10	18
<b>Keflavík</b>	9	5	2	2	16-11	17
ÍA	10	4	3	3	17-15	15
<b>Fylkir</b>	9	3	3	3	7-8	12
Breiðablik	9	2	4	3	11-8	10
<b>HK</b>	9	3	1	5	6-16	10
Fram	9	2	2	5	10-14	8
<b>Vikingur</b>	9	2	2	5	8-15	8
KR	9	1	2	6	7-15	5

**MARKAHÆSTU MENN**

Helgi Sigurðsson, Val	7
Tryggvi Guðmundsson, FH	6
Bjarni Guðjónsson, ÍA	5
Matthias Guðmundsson, FH	5



Förum varlega í akstri um Ísland og höfum hugfast að ferðalagið er jafnmikil upplifun og áfangastaðurinn. Landið hefur upp á ótalmargt að bjóða og aldrei að vita hverju þú missir af þegar farið er um í óðagoti. Stillum hraðanum í hóf, göngum vel um landið okkar og komum heil heim.

[www.ferdalag.is](http://www.ferdalag.is)

**Ljósmyndasamkeppni**

Á ferdalag.is finnurðu ýmiss konar upplýsingar sem tengjast ferðalögum um Ísland. Kynntu þér fáséðar perlor utan alfaraleiðar og sjáðu með eigin augum. Safnaðu ljósmyndum og sendu inn í ljósmyndasamkeppnina okkar. Sú stendur í allt sumar og vegleg verðlaun eru í boði.





**MAGNADIR** Þessir tveir kappar munu örugglega sýna listir sínar í kvöld; Lionel Messi hjá Argentínu og Robinho hjá Brasilíu. NORDICPHOTOS/AFP

Úrslitaleikur Suður-Ameríkukeppninnar í kvöld:

## Nú spilar Argentína sambaboltann

**FÓTBOLTI** Enginn knattspyrnu-áhugamaður má missa af leik kvöldsins þegar Argentína og Brasilía mætast í úrslitaleik Suður-Ameríkukeppninnar sem fer fram í Venúsúela.

Leikurinn hefst klukkan 20.45 og er í beinni útsendingu á sjónvarpsstöðinni Sýn. Suður-Ameríkukeppnin í ár er álitin vera ein sú besta frá upphafi en alls hafa verið skorud 79 mörk í leikjunum 24, sem gerir 3,3 mörk í leik.

Það eru breyttir tímar frá því sem áður var í leikstíl Argentínuaðmanna og Brasilíumanna. Nú er sambatakturinn í argentínska liðinu en Brassarnir treysta þess í stað á skipulagið, styrkinn og hörkuna. Þjálfararnir hafa líka ólíkar hugmyndir um fótbolta.

Argentínumenn hafa leikið liða best í keppninni, unnið alla fimm leiki sína og skorað sextán mörk. Liðið spilar sóknarknattspyrnu þar sem Juan Roman Riquelme stjórnar umferðinni og undrabarnið Lionel



**2004** Adriano var hetja Brasilíumanna þegar þeir unnu síðustu keppni. NORDICPHOTOS/AFP

Messi nýtir hvert tækifæri til að leika á varnarmann.

Þjálfari liðsins er Alfio Basile, sem er þekktur fyrir að setja fegurð knattspyrnunnar á oddinn. „Þetta snýst ekki bara um að vinna leikina. Það að vinna leikina eins og við erum að gera gerir fyllir mig stolti,“ sagði Basile eftir 4-0 sigur á Perú í átta liða úrslitunum.

Brasilíumenn töpuðu fyrsta leiknum í keppninni, fyrir Mexíkó, og þurftu síðan vítakeppni til þess að vinna Úrúgvæ í undanúrslitunum. Þjálfarinn Carlos Dunga hugsar meira um árangurinn.

„Ef við ætlum að byrja á ný að velja það að spila fallegan fótbolta yfir árangursríkan fótbolta eða þá þyrftum við væntanlega í 24 ár til viðbótar,“ sagði Dunga og vísaði þá til að Brasilía vann ekki HM frá 1970 til 1994 þrátt fyrir að spila á þeim tíma flottasta fótboltann að margra mati. Dunga segir Argentínumenn vera sigurstranglegrir, þeir séu með lið sem hefur verið lengi saman en brasilíska liðið sé að byrja að spila saman auk þess sem að í liðið vanti leikmenn eins og Ronaldinho, Ronaldo og Kaka.

Argentínumenn hafa ekki unnið titil síðan 1993 og það er óhætt að segja að menn þar á bæ sé farið að lengja eftir titli, ekki síst þar sem á meðan hafa nágrannar þeirra í Brasilíu unnið heimsmeistarakeppnina tvisvar (1994 og 2002), Suður-Ameríkukeppnina þrisvar (1997, 1999 og 2004) og Álfukeppnina tvisvar (1997 and 2005).

Brasilíumenn hafa reyndar haft gott tak á nágrönnum sínum; þeir hafa unnið tvo síðustu leiki með þriggja marka mun og síðustu þrjár viðureignir þjóðanna í Suður-Ameríkukeppninni. Þar á meðal er úrslitaleikurinn í síðustu keppni þar sem Brasilía vann í vítakeppni.



# MILLJÓN Á MÁNUÐI?

- ▶ Ertu fær í samskiptum og með ríka þjónustulund?
- ▶ Einstakt tækifæri í sölu- og markaðssetningu á fasteignamarkaði.
- ▶ Metnaður og vandvirkni í vinnubrögðum frumskilyrði.
- ▶ Reynsla á fasteignamarkaði ákjósanleg.
- ▶ Aðeins 25 ára og eldri koma til greina.

**Sendið ítarlegar upplýsingar um menntun og fyrri störf til [box@frett.is](mailto:box@frett.is) merkt Fasteignir 2007.**

**5125050** Auglýsingasími



## Landið er fallegra á löglegum hraða



KOSTA SITT EN GETA EKKERT Leikmenn New York Knicks. NORDICPHOTOS/GETTY

New York Knicks í NBA-deildinni í körfubolta:

## Skulda lúxusskatt upp á 2,8 milljarða

**KÖRFUBOLTI** NBA-liðið New York Knicks er líklega að gera eigendur sína gráhærða. Knicks komst ekki í úrslitakeppnina á síðasta tímabili og vann aðeins 33 af 82 leikjum sínum þótt launakostnaður sé mestur þar af liðunum í NBA.

Liðin í NBA-deildinni þurfa að borga lúxusskatt fari þau yfir launabakið og nú er komið að skuldadögum. Eigendur New York Knicks þurfa að borga rúmar 45 milljónir dollara í lúxusskatt eða um 2,8 milljarða íslenskra króna.

Fimm lið þurfa að borga lúxusskatt en hin 25 sem voru undir launabakinu fá útborgaðan 1/30 hluta af skattinum, sem er um 114 milljónir íslenskra króna. - óóó

### LIÐIN Í SKATTASKULD:

(í Bandaríkjadöllum)

1. New York Knicks	45.142.002
2. Dallas Mavericks	7.204.968
3. Denver Nuggets	2.022.418
4. Minnesota Timberwolves	998.536
5. San Antonio Spurs	196.082

# Næstbest í heimi í sínum árgangi í sjöþraut

Helga Margrét Þorsteinsdóttir náði 5. sæti í sjöþraut á HM unglunga 17 ára í gær, sem er besti árangur Íslendinga frá upphafi á móti. Helga Margrét er bara sextán ára og aðeins ein jafnaldra hennar var ofar í þrautinni.

**FRJÁLSAR ÍPRÓTTIR** Helga Margrét Þorsteinsdóttir varð fyrst Íslendinga til að komast meðal fimm bestu á HM unglunga þegar hún náði 5. sætinu í sjöþraut á HM unglunga í Ostrava í Tékklandi í gær.

Helga Margrét var einu ári yngri en flestir keppendur og það var aðeins silfurhafinn Carolin Schafer frá Þýskalandi sem var ofar af þeim sem voru fæddar 1991. Helga Margrét hlaut samtals 5405 stig. Hún sigraði í síðustu grein þrautarinnar með yfirburðum, hljóp á pesónulegu meti 2:17,72 mín. og var aðeins 27 stigum frá 4. sætinu og aðeins 89 stigum frá bronsverðlaunum á mótinu.

Þetta er nýtt meyjamat og líka þremur stigum yfir Íslandsmeti Kristínar Birnu Ólafsdóttur (5402 stig) í kvennaflokki, en þar sem hæð á grindum er 76,2 cm í þessu móti, en ekki 84 eins og í kvennapraut, er ekki um Íslandsmet kvenna að ræða, en það er eini munurinn á þessari þraut og sjöþraut kvenna.

„Þetta er í fyrsta sinn sem við eignumst stelpu sem lítur út fyrir að geta komist í heimsklassa. Hún er búin að sanna sig sem ein af efnilegustu sjöþrautarstelpum heims,“ sagði Þráinn Hafsteinsson, þjálfari hennar í ferðinni, en



SLÓ Í GEGN Helga Margrét Þorsteinsdóttir er engin venjuleg sveitastelpa. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

þjálfari hennar undanfarin ár, Guðmundur Hólmar Jónsson, á mikió í stelpunni.

„Fyrri dagurinn var betri en sá seinni. Hún setti þrjú persónuleg met. Kúluvarpið og spjótkaðið voru bæði undir væntingum miðað við það sem hún hefur gert og það gerði það að verkum að hún var aðeins frá því að ná í verðlaun í lokin,“ sagði Þráinn. „Hún gerði frábæra hluti í 800 metra hlaupinu, bætti sig þar og kom langfyrst í mark. Hún vakti mikla athygli í síðustu greininni,“ sagði Þráinn og

bætur við. „Ég segi hiklaust að það hafi ekki komið fram efnilegri frjálsþróttakona á Íslandi.“

Árangur Helgu bætir eins dags met Einarar Daða Lárussonar yfir besta árangur Íslendinga á þessu móti en Einar endaði í 7. sæti í áttþraut. Þráinn er líka ánægður með frammistöðuna. „Við erum alveg í skýjunum með árangur krakkanna. Þau sýndu það bæði Einar og Helga að þau eru hörku keppnisfólk undir mikilli pressu,“ sagði Þráinn að lokum.

ooj@frettabladid.is

Fjarðabyggð heimsækir Grindavík í 1. deild karla:

## Toppliðin mætast

**FÓTBOLTI** Sannkallaður stórleikur verður í 1. deild karla í fótbolta klukkan 14 í Grindavík í dag þegar topplið Grindavíkur tekur á móti Fjarðabyggð sem er í öðru sæti deildarinnar.

Þetta er lokaleikur liðanna í fyrri umferð og með sigri fara

Grindvíkingar langt með að tryggja sér sæti í Landsbankadeildinni að ári. Vinni Austfirðingar leikinn verða þeir jafnir Grindvíkingum að stigum á toppnum. Grindvíkingar hafa unnið alla heimaleiki sína í vetur og eru erfiðir heim að sækja. - óóó

Botnlið KR-inga heimsækir Keflvíkinga í Landsbankadeild karla í kvöld:

## Hafa ekki unnið þá í fimm ár

**FÓTBOLTI** Það er ekki að ástæðulausu sem KR-ingar tala um að Keflavíkurgrýla hafi hreiðrað um sig í þeirra liði.

KR heimsækir Keflavík í kvöld í 10. umferð Landsbankadeildar karla og þarf nauðsynlega á öllum þremur stigunum að halda enda er liðið í botnsæti deildarinnar, þremur stigum frá því að komast upp í öruggt sæti.

KR hefur ekki unnið Keflavík síðan 10. júní 2002 eða í rúm fimm ár. Sigurður Ragnar Eyjólfsson skoraði sigurmark KR-liðsins í leiknum með skoti fyrir utan teig.

Tapleikurinn á KR-vellinum í fyrri umferðinni var áttundi deildarleikurinn í röð sem KR nær ekki að vinna Keflavík og það sem meira er, Keflvíkingar hafa unnið



GÓÐUR GEGN KR Keflvíkingurinn Guðmundur Steinarsson hefur skorað fjögur mörk gegn KR síðustu þrjú tímabil. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

fimm þessara leikja og alls tekið 18 stig á móti 3 stigum KR út úr þessum átta viðureignum. Auk

þessa mættust liðin í bikarúrslitaleiknum síðasta haust og þá vann Keflavík 2-0.

Keflvíkingar hafa unnið þrjá heimaleiki í röð á móti HK (3-0), Fram (2-1) og Fylki (1-0) og þurfa líka á öllum stigunum að halda ætli þeir að halda í við FH og Val í toppþáttu deildarinnar. - óóó

### SÍÐUSTU 8 DEILDARLEIKIR

2007 KR-Keflavík 1-2	Keflavík
2006 KR-Keflavík 2-2	Jafntefli
2006 Keflavík-KR 3-0	Keflavík
2005 KR-Keflavík 1-3	Keflavík
2005 Keflavík-KR 2-1	Keflavík
2004 KR-Keflavík 1-1	Jafntefli
2004 Keflavík-KR 3-1	Keflavík
2002 KR-Keflavík 2-2	Jafntefli

## Með ÍT ferðum og Icelandair á enska boltann 2007-2008

**Meðal ferða:**

<b>17. - 20. ágúst:</b> Liverpool - Chelsea Man. City - Man. Utd.	<b>24. - 27. ágúst</b> Man. Utd. - Tottenham	<b>31. ágúst - 3. sept.</b> Liverpool - Derby Man. Utd. - Sunderland
<b>21. - 24. sept.</b> Liverpool - Birmingham Man. Utd. - Chelsea	<b>5. - 8. okt.</b> Liverpool - Tottenham Man. Utd. - Wigan	<b>26. - 29. okt.</b> Liverpool - Arsenal Man. Utd. - Middlesboro
<b>2. - 5. nóv.</b> Arsenal - Man. Utd.	<b>9. - 12. nóv.</b> Liverpool - Fulham Man. Utd. - Blackburn	<b>30. nóv - 3. des.</b> Liverpool - Bolton Man. Utd. - Fulham
<b>14. - 17. des.</b> Liverpool - Man. Utd.	<b>11. - 14. jan</b> Man. Utd. - Newcastle	<b>18. - 21. jan</b> Liverpool - Aston Villa
<b>1. - 4. feb.</b> Liverpool - Sunderland	<b>22. - 25. feb.</b> Liverpool - Middlesboro	<b>7. - 10. mars</b> Liverpool - Newcastle Man. Utd. - Bolton
<b>14. - 17. mars</b> Liverpool - Reading	<b>21. - 24. mars</b> Man. Utd. - Liverpool	<b>28. - 31. mars</b> Liverpool - Everton Man. Utd. - Aston Villa
<b>11. - 14. apríl</b> Liverpool - Blackburn Man. Utd. - Arsenal	<b>2. - 5. maí</b> Liverpool - Man. City Man. Utd. - West Ham	

**Nánari uppl. og bókanir:** **Samstarfsaðili ÍT ferða:**

Íþróttamiðstöðin í Laugardal  
Sími 588 9900  
boltaferdir@itferdir.is

www.icelandair.is

www.itferdir.is

## LÉTTKAUP – SUMARBÚSTAÐARLÓÐIR – EIGNARLÓÐIR!

7 EIGNARLÓÐIR EFTIR TIL SÖLU VIÐ APAVATNI! - Vertu þinn eigin herra á þínu eignarlandi!

Um er að ræða skipulagða 22 lóða frístundarbyggð við ána Hólá rétt við Apavatn, farið inn afleggjarann hjá Útey. Í boði eru síðustu 7 eignarlóðirnar sem eftir eru. Lóðirnar raðast allar við árbakkann í einni röð. Stórt skógræktarsvæði. Lóðirnar liggja allar við Hólá sem er lygn og breið á við enda Apavatns. Heitt- og kalt vatn, rafmagn við lóðarmörk. Búið er að malbika alla leið frá þjóðvegi með Útey inn að Austurey. Í ánni er silungsvæði. Apavatn er mjög miðsvæðis og það er mjög stutt í alla þjónustu á Laugarvatni, sundlaugar, golfvelli o.fl. Hægt að sigla á báti niður ána og inn á Apavatn. Um klukkustundar akstur er frá Reykjavík og ef farið er Lyngdalsheiði þá ca. 45 mín akstur.

Lóðanr.	Fm	Verð
12	9.062	kr. 3.150.000
14	8.841	kr. 3.100.000
16	8.269	kr. 2.900.000
18	7.738	kr. 2.700.000
20	7.059	kr. 2.500.000
22	6.222	kr. 2.180.000
32	5.131	kr. 1.800.000

MÖGULEIKI AÐ LÁN FRÁ 1 - 1,5 MILLJ. HVÍLI Á HVERRI LÓÐ.

Nánari upplýsingar gefur Ingvar Ragnarsson 822 7300



Einstakt fjárfestingartækifæri á besta stað við Þingvallavatn

# Opið hús á sunnudag

Á sunnudaginn verður opið hús í Skálabrekku frá kl. 16 til 18. Þar gefst færi á að skoða einstaklega fallegar lóðir fyrir sumarhús sem og heilsárshús á besta stað við Þingvallavatn. Þú einfaldlega ekur Þingvallavegin, beygir niður Skálabrekkuafleggjara og við tökum vel á móti þér.



DYNAMO REYKJAVÍK



## Lóðirnar

Nú eru aðeins örfáar lóðir undir frístundahús eftir í Skálabrekku landi, á besta stað við Þingvallavatn. Lóðirnar, sem eru 8-12.000 fermetrar, hafa allar aðgang að vatninu hvort sem fólk vill veiða, kafa, synda eða sigla á vatninu. Þetta eru á meðal síðustu frístundalóða sem seldar verða við Þingvallavatn, þessa stórkostlegu útivistarparadís.

## Hús og lóð

Einnig er mögulegt að fá geysilega vandað og glæsilegt heilsárshús ásamt lóð. Húsið, sem er 173 m<sup>2</sup> að meðtöldu gestahúsi og klætt með harðvið og báruáli, er tilbúið til innréttinga.

## Skálabrekku land

Landið er vestan við vatnið á skjólsælum og afar fallegum stað. Skálabrekku landið er aðeins í um 30 mínútna fjarlægð frá Reykjavík og er greiður aðgangur að landinu allt árið.

## Hafðu samband!

Kynntu þér málið á [www.skalabrekka.is](http://www.skalabrekka.is) eða fáðu frekar upplýsingar hjá ráðgjöfum okkar.



Hilmar Jónsson  
Sölufulltrúi  
Sími 695 9500  
hj@remax.is  
www.remax.is



Sigurdór Bragason  
Sölufulltrúi  
Sími 663 3300  
sb@remax.is  
www.remax.is



Þórarinn Jónsson  
Löggiltur fasteignasali  
www.remax.is

**RE/MAX**  
Lind

## > Salma Hayek

Fornafn Sölmú Hayek er fengið úr arabísku og þýðir sú friðsæla eða sú rólega. Hayek er fædd í Mexíkó og komin af ríkri fjölskyldu enda enda hefur hún oft víðurkennt að hafa verið ofdekrúð í æsku. Hún sló fyrst í gegn í sápuóperu í heimlandi sínu en kynntist síðan leikstjóranum Robert Rodriguez og hafa þau unnið saman að nokkrum myndum. Er Hayek meira að segja guðmóðir barna Rodriguez. Hayek leikur í myndinni After the Sunset sem mynd er á Stöð 2 Bíó í kvöld.



# dagskra



## VIÐ TÆKIÐ SÓLVEIG GÍSLADÓTTIR LÆRIR EITHVAÐ NÝTT

### Hrært í heilagrautnum

Einstaka sinnum, þegar heilinn er orðinn að graut eftir of stóran skammt af America's Next Top Model, Survivor og Everybody Loves Raymond, dett ég niður á alveg frábæra þætti á borð við þann sem ég sá á Stöð 2 á mánu-daginn.

Um var að ræða heimildarmynd um líf og störf Robert McNamara sem var varnarmálaráðherra Bandaríkjanna í Víetnamstríðinu. Það er ekki oft sem ég læri eitthvað af sjónvarpinu en vel gerður heimildarþátturinn sem blandaði saman gömlum myndum, víðtali við McNamara og frábærri tónlist, fékk mig til að límast við skjáinn, og heilann til að hugsa og meðtaka.



McNamara er greinilega sterkáfaður maður með ótrúlegan feril að baki. Hann hafði verið forstjóri Ford-bílaframleiðandans í fimm

vikur, sá fyrsti utan Ford-fjölskyldunnar til að fá starfið, þegar John F. Kennedy hafði samband við hann og bað hann að verða varnarmálaráðherra.

Mjög áhugavert var að heyra sjónarmið McNamara um Víetnam. Þó hann væri dulur á mörg atriði skein í gegn að hann var ekki sáttur við aðferðir Johnsons forseta. Taldi hann til dæmis að Kennedy hefði farið allt öðruvísi og betur að. Eftir sjö ára setu sem varnarmálaráðherra hætti McNamara og gerðist forstjóri Alþjóðabankans. „Ég hef aldrei verið viss um hvort ég hætti eða var rekinn,“ sagði McNamara gleittinn við spyrilinn og ég hló með. Hver segir að heimildarmyndir geti ekki verið skemmtilegar? Nú þarf ég bara að muna það næst þegar valið stendur milli slíks uppbyggilegs sjónvarpssefnis og nýrrar seríu af Dr. 90210.

## EKKI MISSA AF



### ▶ 19.35 Út og suður

SIJÓNVARPIÐ



### ▶ 20.35 Cold Case Lokapáttur

STÖÐ 2



### ▶ 20.00 Kicking and Screaming

STÖÐ 2 BÍÓ



### ▶ 19.55 Kitchen Confidential

SIRKUS



### ▶ 20.10 Póstkort frá Arne Aarhus

SKJÁREINN

## SIJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstunden okkar** 08.01 Matti morgunn 08.13 Kólabræður 08.23 Pósturinn Páll 08.37 Friðþjófur forvitni 09.00 Disneystunden 09.01 Stjáni 09.23 Sf-gildar teiknimyndir 09.30 Alvöru dregi 09.53 Arthur 10.18 Evintýri HC Andersen

### ▶ 10.45 Út og suður (6:16) e.

11.15 Hlé

16.20 Á flakki um Norðurlönd (4:8) e.

16.50 Svart kaffi - Baunin ómótstæðilega (1:3) e.

17.50 Tákn málsfréttir

18.00 Stundin okkar (9:32)

18.27 Upp í sveit (1:4)

18.35 Krakkar á ferð og flugi (8:10) e.

19.00 Fréttir

19.30 Veður

19.35 Út og suður (7:16) Í þetta skiptið spjallar Gísli við Guðbrand Þór Jónsson, fyrrverandi landpóst í Fljótum og Sigurjón Magnússon þúsundþjalasmið í Ólafsfirði.

20.05 Meistari dýrahingsins (9:10) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.

21.00 Góðan dag, nótt (Buongiorno, notte) Ítölsk bíómynd frá 2003. Hér er ranið og morðið á Aldo Moro, formanni Kristilega demókratafloksins, árið 1978 séð með augum eins árásarmannanna í Rauðu herdeildunum. Leikstjóri er Marco Bellocchio og meðal leikenda eru Maya Sansa, Luigi Lo Cascio, Roberto Herlitzka.

22.45 Sönn íslensk sakamál - Steingrímur Njálsson (1:4) e.

23.45 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## BIÓ STÖÐ 2 BÍÓ

06.00 Dirty Dancing: Havana Nights

08.00 Hackers

10.00 First Daughter

12.00 Kicking and Screaming

14.00 Dirty Dancing: Havana Nights

16.00 Hackers

18.00 First Daughter Bráðfjörug gamanmynd fyrir alla fjölskylduna.

▶ 20.00 Kicking and Screaming Bráðfyndin gamanmynd með Will Ferrell og Robert Duvall í aðalhlutverkum.

22.00 Back in the Day

00.00 The Four Feathers

02.10 U.S. Seals II

04.00 Back in the Day



07.00 Pocoyo

07.10 Töfrastígveilin

07.15 Barney

07.40 Fifi and the Flowertots 1

07.50 Funky Valley

07.55 Addi Paddi

08.00 Véla Villi

08.10 Stubbarnir

08.35 Doddi litli og Eyrnastór

08.45 Kalli og Lóla

09.00 Könnuðurinn Dóra

09.25 Camp Lazlo 1

09.50 Camp Lazlo 1

10.15 Tracey McBean 2

10.25 Sabrina - Unglingsnormin

10.50 Hestaklúbburinn

11.40 W.I.T.C.H.

12.00 Hádegisfréttir

12.45 Nágrannar

13.05 Nágrannar

13.25 Nágrannar

13.45 Nágrannar

14.05 Nágrannar

14.30 So You Think You Can Dance

15.20 Pirate Master (5:14)

16.10 Beauty and the Geek (7:9)

17.05 Matur og lífsstíll

17.45 Oprah

18.30 Fréttir

19.00 Íþróttir og veður

19.15 60 mínútur (60 Minutes)

20.00 Örlagadagurinn Amal Tamimi er íslenskur ríkisborgari sem flúði hingað til lands frá Palestínu með börnin sín fimm.

▶ 20.35 Cold Case (24:24) Hörkuspennandi lokapáttur þar sem Lily og félagar hennar rannsaka morð á heilli fjölskyldu. Í miðri rannsókn tekur málið skelfilega stefnu þegar teymið er tekið í gíslingu og svo virðist sem öll von sé úti. Bönnuð börnum.

21.20 The 4400 NÝTT (1:13)

22.05 Sally Lockhart Mysteries

23.35 After the Sunset

01.10 The Kiss

02.40 The Kindness of Strangers (I)

03.50 The Kindness of Strangers (II)

04.55 Cold Case (24:24)

05.40 Fréttir

06.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVI

## SIRKUS TV

16.00 Live From Abbey Road (11:12)

16.55 True Hollywood Stories (2:8) (e)

17.40 Jake In Progress 2 (2:8) (e)

18.05 George Lopez Show (2:18) Bráðskemmtilegur gamanmyndaflökkur fyrir alla fjölskylduna með grínistanum George Lopez í aðalhlutverki.

18.30 Fréttir Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá á samtengdum rásum Stöðvar 2 og Sirkuss.

19.00 Bestu Strákarnir (11:50) (e)

19.30 My Name Is Earl (21:23) (e) Earl snýr aftur. Önnur serían af einum vinælustu gamanþáttum heims og er þessi fyndnari en fyrri!

▶ 19.55 Kitchen Confidential (8:13) Gamanþættir um Jack Bourdain var eitt sinn þekktur kokkur en eftir eina villta nótt tókst honum að klúðra öllu því sem hann hafði afrekað. Einn daginn fær hann upp úr þurru tilboð og er boðin staða yfirkokks á flottum veitingastað í New York. Það er þó einn haengur á. eigandinn gefur Jack einungis 48 klukkustundir til að fullmanna eldhúsið og vera tilbúinn til að elda ofan í 300 manns, þar á meðal matargagnrýnanda The New York Times. Jack ræður gamla vini sína í vinnu og munu þau reyna allt til þess að hjálpa honum að ná takmarki sínu með hlægilegum afleiðingum.

20.25 Young Blades (10:13) (e)

21.15 Night Stalker (10:10) (e)

22.00 So You Think You Can Dance (8:23) Í þættinum stíga 18 keppendur dans á sviðinu en kröfur dómaraanna verða meiri með hverri viku. Í lok þáttarins kjósa áhorfendur sinn uppáhaldsdansara. 2007.

23.30 So You Think You Can Dance (9:23) Nú kemur í ljós hvaða tveir keppendur fengu fæst atkvæði í lok síðasta þáttar og verða því sendir heim. 2007.

00.15 Kitchen Confidential (8:13) (e)

00.40 Hooking Up (5:5) (e)

01.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

## SIJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Magasinþáttur - mannlíf og menning á Norðurlandi. Samantekt um fjallana vikunnar. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á mánudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

07.45 Vörutorg

08.45 MotoGP Bein útsending frá Sachsenring í Þýskalandi þar sem tíunda mótið í MotoGP fer fram.

13.15 High School Reunion (e)

14.00 Charmed (e)

15.00 Queer Eye (e)

16.00 America's Next Top Model (e)

17.00 Design Star (e)

18.00 The Bachelor. Rome (e)

18.55 Hack (e)

19.45 Backpackers (e)

▶ 20.10 Póstkort frá Arne Aarhus (2:5) Ofurhuginn Arne Aarhus vann hug og hjarta þjóðarinnar í þáttunum Adrenalín á Skjá einum fyrir nokkrum árum. Nú endurnýjum við kynnin við þennan ofurhuga og ferðumst með honum víða um heim þar sem hann lifir á ystu nóf. Í þessum þáttum lætur hann sér ekki nægja að fljúga fram af hæstu hæðum og leitar uppi hættulegum íþróttir af ýmsum toga. Sýndir verða fjórir hálftrúa þættir frá ferðalögum kappans en fimmti þátturinn er helmingi lengri og þar verður Arne heimsóttur í Noregi og við fáum að sjá hvernig lífi hann lifir í dag.

20.40 Robin Hood (8:13) Bresk þátta-röð fyrir alla fjölskylduna um hetjuna Hróa hött, útlagann sem rænr þá ríku til að gefa hinum fátæku. Hann berst gegn óréttlæti og kúgun og hjálpar þeim sem minna mega sín. Þessir þættir hafa slegið í gegn í Bretlandi og fengið mikið lof hjá gagnrýndum.

21.30 Nora Roberts Collection - Carolina Moon Rómantísk spennmynd sem byggð er á sögu eftir Noru Roberts. Claire Forlani (Meet Joe Black) leikur Tory, unga konu sem snýr aftur til heimabæjar síns til að takast á við skuggalegar minningar frá æskuárunum. Besta vinkona hennar var myrt og hún kemst fljótt að því að morðinginn er enn að. Tory er skyggn og henni birtast skuggalegar sýnir þegar hún kemur til heimabæjarinnar. Nú verður hún að nota dulræna hæfileika sína til að klófesta morðinginn eða eiga á hættu að verða næsta fórnarlamb hans. Þetta er sannkallaður spennu-tryllur en í sögunni er einnig sjóðheit rómantík því Tory fellur fyrir eldri bróður vinkonunnar sem var myrt. Það er Oliver Hudson, bróðir Kate Hudson, sem leikur hann.

23.00 Law & Order (e)

23.50 Runaway (e)

00.40 Sex, love and secrets (e)

01.30 Vörutorg

02.30 Óstöðvandi tónlist

Blaða-maður KK • starfsmaður blaðs, sá sem hefur atvinnu af að skrifa í blöð - Íslensk orðabók

„Ég heiti Sigurjón M. Egilsson og er ritstjóri DV.

Mér er ekki sama hvernig fjölmiðlum er stjórnað eða hvernig fréttir þeirra eru unnar. Sjálfstæði, kjarkur og sanngirni skiptir öllu hjá fjölmiðli eins og DV. Fólk á skilið dagblað sem talar þeirra máli. Ég tala þínu máli.“

**DV**  
Talar þínu máli

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 21.20

The 4400

Í kvöld hefur Stöð 2 sýningar á glænýrri seríu af The 4400. Síðastliðin 50 ár hafa 4.400 einstaklingar horfið frá heimilum sínum um gervöll Bandaríkin. Dag einn snúa þeir allir aftur þegar stór eldhnöttur fellur tiljarðar frá geimnum. Sumir hafa einungis verið týndir í nokkra mánuði en aðrir í nokkur ár. Í þessari þriðju seríu halda hinir 4.400 áfram að takast á við lífið með nýju hæfileikana en vandræðunum er langt frá því að vera lokið.



VIÐ MÆLUM MED

Argentína-Brasíla

Sýn kl. 20.25

Rosalegur úrslitaleikur í Suður-Ameríkubikarnum sem gárungarnir vilja kalla skemmtilegustu knattspyrnukeppni heims. Hér fá líka áhugamenn um knattspyrnu algjöran óskaúrslitaleik enda fáar þjóðir eins stórar í boltanum og Brasíla og Argentína. Þetta er leikur sem enginn ætti að láta fram hjá sér fara.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

- |  |  |
|--|--|
| <b>08.00</b> Morgunfréttir                               | <b>16.10</b> Sumartónleikar Sambands evrópskra útvarpsstöðva |
| <b>08.05</b> Morgunandakt                                | <b>18.00</b> Kvöldfréttir                                    |
| <b>08.15</b> Tónlist á sunnudagsmorgni                   | <b>18.25</b> Auglýsingar                                     |
| <b>09.03</b> Framtíð lýðræðis                            | <b>18.26</b> Í tilefni dagsins                               |
| <b>10.05</b> Veðurfreginir                               | <b>18.52</b> Dánarfreginir og auglýsingar                    |
| <b>10.15</b> Úlfaldar og myflugur                        | <b>19.00</b> Söngvar af sviði: Edith Piaf                    |
| <b>11.00</b> Guðsþjónusta í Skálholtskirkju              | <b>19.50</b> Óskastundin                                     |
| <b>12.00</b> Hádegisútvarp                               | <b>20.35</b> Minningar um merkisfólk                         |
| <b>12.20</b> Hádegisfréttir                              | <b>21.15</b> Í grænni lautu                                  |
| <b>12.45</b> Veðurfreginir                               | <b>21.55</b> Orð kvöldsins                                   |
| <b>13.00</b> Sakamálaaleikritið: Sá yðar sem syndlaus er | <b>22.10</b> Veðurfreginir                                   |
| <b>14.00</b> Sumarsalat                                  | <b>22.15</b> Leitinn að eldsneytinu                          |
| <b>15.00</b> Kampavín og kaloríur                        | <b>23.00</b> Andrarímur                                      |
| <b>16.00</b> Síðdegisfréttir                             | <b>00.10</b> Útvarpað á samtengdum rásum til morguns         |
| <b>16.08</b> Veðurfreginir                               |  |

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

SYN

- 09.30 Evrópumótaröðin** (Scottish Open) Útsending frá þriðja deginum.
- 12.30 Gillette World Sport 2007**
- 13.00 Landsbankadeildin 2007** Þáttur sendur út frá Laugardal þar sem fyrri hluta Íslandsmótsins er gerð skil. Fjallað verður um allt það helsta og sérstaklega verður tekið fyrir markið umdeilda á Akranesi á dögnum.
- 14.00 Evrópumótaröðin** Bein útsending frá lokadegi opna skoska mótsins á Evrópumótaröðinni í golfi.
- 17.00 Copa America 2007** Útsending frá leik Mexíkó og Úrúgvæ um bronsið.
- 18.45 Suður-Ameríku bikarinn** Útsending frá leik Brasílu og Argentínu í Suður-Ameríku bikarum árið 2004.
- 20.45 Copa America 2007** Bein útsending frá sjálfum úrslitaleiknum í Suður-Ameríkubikarum í knattspyrnu. Draumaúrslitaleikur fyrir knattspyrnuáhugamenn þar sem stórveldin Argentína og Brasíla komust bæði í úrslitin.
- 23.20 Evrópumótaröðin** Útsending frá lokadegi á opna skoska mótinu á Evrópumótaröðinni í golfi.

BBC PRIME

- 10.00** The Life of Mammals **11.00** Wild New World **12.00** Red Cap **13.00** Great Romances of the 20th Century **13.30** Great Romances of the 20th Century **14.00** Home From Home **14.30** Garden Invaders **15.00** Cash in the Attic **15.30** The Life Laundry **16.00** EastEnders **16.30** EastEnders **17.00** Days that Shook the World **18.00** Himalaya with Michael Palin **19.00** Ray Mears' Bushcraft **20.00** Son of God **21.00** Secrets of Lost Empires **22.00** EastEnders **22.30** EastEnders **23.00** Days that Shook the World **0.00** Himalaya with Michael Palin **1.00** Secrets of Lost Empires **2.00** Ray Mears' Bushcraft **3.00** Passport to the Sun

DR 1

- 9.00** Unge Rødder i Frilandshaven **9.30** Et mål for livet **10.10** Boxen **10.25** Speedway: Hold VM kvalifikation **12.00** Gudstjeneste i DR Kirken **13.10** Elskede Christian **14.00** Støv for alle pengene **15.30** Sigurd og Symfoniorkesteret **16.00** Radiserne **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Nikolaj og Julie **18.00** Jane Eyre **19.00** TV Avisen **19.10** Aftentour 2007 **19.35** Dødens Detektiver **20.00** Bornholms stemme **21.50** Höök **22.50** Eksistens

NKI

- 7.00** Klassiker fra Disney **7.10** Den amerikanske dragen **7.35** Jimmy Neutron **8.00** Totalt genialt! **8.25** Frilandshagen **8.55** Sport Jukeboks **10.00** Jukeboks: Autohil **11.00** Jukeboks: Ekstremvær **12.00** Jukeboks: Jazz **13.05** Dronning Sonja på nært hold **14.05** Prinsengracht-konsert 2005 **15.00** V-cup roing **15.30** Åpen himmel **16.00** Jenny og Ramiz **16.25** Tryll natten inn - godnattsang **16.30** Dyreklinikken **17.00** Dagsrevyen **17.30** Sportsrevyen **17.50** På tur med Lars Monsen **18.20** Broadway - musikalens storstue **19.20** Miss Marple **21.00** Kveldsnytt **21.15** Kunstens sprengkraft **22.05** Ingen grunn til begeistring **22.35** Larry Sanders-show **22.55** Alfred Hitchcock presenterer

SVT 1

- 11.00** Grattis Victoria **12.30** Anna-Lena på duk **13.00** Sossen, arkitekten och det skruvade huset **14.00** Drottning Sonja fyller 70 år **15.00** Barnet och orden - om språk i förskolan **15.30** Garage - Ålska film! **16.00** BoliBompa **16.25** KatjaKaj och BenteBent **16.30** Dr Dogg **16.45** Desmond **17.00** Pip-Larssons **17.30** Rapport **18.00** Djurgalen **18.30** Sportspegeln **19.00** Musikministeriet **19.30** Världens modernaste land **20.15** Ramp **20.45** Big Words **21.15** Rapport **21.25** Vid kungens bord **22.25** Sändningar från SVT24

Developed with

# Shell V-Power

## Þróað með Ferrari

Upplifðu ánægjuna sem fylgir eldsneyti sem þróað er í samstarfi við Ferrari.

Made to move

Fotomark: Shell er með af Shellþingi með leyfi Shell Brands International AG.



Það sem mér fannst standa upp úr í vikunni er áhugi Disney á Nylon-flokknum. Og ætli meg ekki draga þann lærdóm af því að við getum þetta víst og erum alveg jafn góð og allir hinir.

Jóhannes Haukur Jóhannesson leikari

HIN HLÍÐIN ELÍN EDDA ÁRNADÓTTIR LEIKMYNDA- OG BÚNINGAHÖFUNDUR

Vildi gjarnan vera völundarsmiður

**Hvað er að fréttu?** Ég er á leið til Prag og Berlínar til að vinna að myndlist og auðga andann. Svo var ég að opna sýninguna Persónur og leikendur í Árbæjarsafni í gær.  
**Augnýtur:** Hann er svona grænblár.  
**Starf:** Leikmynda- og búningahöfundur.  
**Fjölskylduhagir:** Ég hef verið gift sama manningum í yfir þrjátíu ár.  
**Hvaðan ertu?** Ég er fædd í Reykjavík og ættuð úr Vestmannaeyjum og af Kjalarnesinu.  
**Ertu hjátrúarfull?** Já. Ég bý í gömlu húsi í Grjótaborpi sem brakar mikið í og mér finnst heimilið vera lífvera. Svo eru ákveðnar tölur sem virðast fylgja mér, bæði 10 og 6.  
**Uppáhaldssjónvarpsþátturinn:** Ég hef mestar mætur á þáttunum með Helen Mirren, Prime Suspect. Og svo hvers kyns heimildabættir.  
**Uppáhaldsmatur:** Japanskur matur. Þeir kunna


að fara með hráefnið. Þegar margir borða saman er gas á borðinu og fólk eldar sitt hráefni sjálf. Það er skemmtilegt og dýnamískt borðhald.  
**Fallegasti staðurinn:** Mosaf læmi á leið austur í Skálholt. Það er fallegast fagurgrænt á haustin.  
**iPod eða geislaspilari:** Ég er nýkomin með iPod. Það er ótrúlegt fyrirbæri og mikið notað.  
**Hvað er skemmtilegast?** Að vera sæll í sinni.  
**Hvað er leiðinlegast?** Þegar ég sé hörmulega misbeitingu í heiminum, sem er allt of mikið af, og óréttlæti gagnvart þeim sem mega sín lítils.  
**Helsti veikleiki:** Að kunna ekki að segja nei og ætla mér of mikið.  
**Helsti kostur:** Hvað ég er dugleg að koma hlutum í verk.  
**Helsta afrek:** Að koma börnum mínum til manns. Ég er afskaplega stolt af þeim. Svo er stórkostlegt að vera orðin amma.

**Mestu vonbrigðin:** Að geta ekki sungið eins vel og maðurinn minn.  
**Hver er draumurinn?** Að vera völundarsmiður. Ég ber mikla virðingu fyrir handverki.  
**Hver er fyndnastur/fyndnust?** Mér finnst hún Ólafía Hrönn alveg ofsalega fyndin. Ólafur Darri og Eggert Þorleifs líka.  
**Hvað fer mest í taugarnar á þér?** Yfirgangur, hroki og tillitsleysi.  
**Hvað er mikilvægast?** Að vera sjálfum sér samkvæmur og bera virðingu fyrir sjálfum sér og þeim sem maður umgengst.



FRÉTTIR AF FÓLKI

Fjölskylda söngkonunnar Andreu Gylfa-dóttur stækkaði í vikunni þegar Bjartur sonur hennar eignaðist sitt fyrsta barn, fallegan son. Blúsdrottning Íslands, sem alltaf virðist jafn ung, er því orðin amma, 45 ára að aldri.



Tónlistarmaðurinn Daniel Ágúst Haraldsson og myndlistarkonan Gabriela Friðriksdóttir bætast fljótlega í hópinn með Andreu því dóttir þeirra á átjándra ári er nú með

barni. Gabriela er nýorðin 36 ára og Daniel verður 38 ára í næsta mánuði. Friðrik Sophusson, forstjóri Lands-

virkjunar og faðir Gabrielu, verður því langafi síðar á árinu. Hann er 66 ára. - hdm

RAGNHEIÐUR GRÖNDAL: KOMIN HEIM EFTIR NÁMSDVÖL Í NEW YORK

Bjó með blóðheitum ítölum og draugi

„Það voru mikil viðbrigði að flytja úr þægilega smábænum Reykjavík til New York,“ segir söngkonan Ragnheiður Gröndal, en hún fór til Bandaríkjana síðasta haust til þess að stunda söng- og píanónám við New School of Jazz and Contemporary Music. Ragnheiður kom heim í lok maí og segist vera alkomin þótt hún hafi ekki lokið náminu. „Ég varð fyrir ákveðnum vonbrigðum með skólann og komst að því að námið þar var ekki það sem ég var að leita að. Reyndar hafði ég grun um það fyrir fram en mig langaði til New York og ekki var ég með atvinnuleyfi,“ segir hún og hlær. Ragnheiður hyggst þó ekki hætta alfarið í námi því hún er búin að skrá sig í tónsmíða- og klassískt píanónám við Tónlistarskólann í Reykjavík í vetur.

Ragnheiður bjó með Birnu Önnu Björnsdóttur í Greenwich Village á Manhattan, en Birna stundar mastersnám í bókmenntafræði í New York. „Ég ætla að skreppa til hennar í haust, við erum með íbúðina þangað til í október. Hverfið er eitt það skemmtilegasta á Manhattan, með kaupmanninum á horninu og tiltölulega rólegt. Íbúðin er lítil, 45 fermetrar, en það fór vel um okkur.“ Ragnheiður ber nágrönnum sínum vel söguna, að minnsta kosti flestum þeirra. „Við spilum á píanó og sungum öll kvöld og allar nætur. Enginn sagði neitt enda er fólk í New York vant stöðugum hávaða. Maður var líka farinn að þekkja nágrannana og spjalla við þá á götu. Einn þeirra var maður af ítölskum ættum sem hafði búið í húsinu í hálfra öld. Hann sat úti með hundinn sinn Seif á hverju kvöldi og fylgdist með mannlífínu. Mæðgurnar sem bjuggu í íbúðinni við hliðina á okkur voru líka af ítölskum ættum og vel blóðheitar. Þær hnakkristu alla daga.“ Eitt kvöldið gerðu mæðgurnar þó hlé á rifrildinu til að segja Ragnheiði að í íbúðinni hennar leyndist húsdraugur. „Þær sögðu mér að þar hefði ungr



BJÓ Í GREENWICH VILLAGE Á MANHATTAN Ragnheiður bjó ásamt Birnu Önnu Björnsdóttur í lítilli íbúð á Manhattan. Þær sungu og spiluðu öll kvöld en nágrannarnir létu það ekki á sig fá enda vanir hávaða af götum borgarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

maður látist af of stórum lyfjaskammti. Ég var reyndar búin að grínast með það að ég hefði fundið neikvæða strauma frá húsdraugi áður en þær sögðu okkur frá manningum. Hann var víst drykkfelldur og ekki vinsæll meðal nágrannanna. Við Birna kölluðum hann „The Sad Young Man“.

Ragnheiður kom sem fyrr segir til Íslands í lok maí. Hennar beið þéttskipuð dagskrá út sumarið en athygli vakti að hún afbodaði komu sína á alla tónleika júnímánáðar. Meðal þeirra voru tónleikar með Sinfóníuhljómsveit Íslands

og Eivöru Pálsdóttur. Ragnheiður hætti við með viku fyrirvara og sú óvenjulega staða kom upp að Eivör þurfti einnig frá að hverfa með skömmum fyrirvara vegna þrálátrar hálsbólgu. Diddú og Dísella hlupu í skarðið. „Ég veiktist þegar ég kom heim frá New York. Ég ofkeyrði mig og líkaminn sagði stopp. Úti er endalaus ys og þys og ég hætti að geta sofið. Þegar maður hvílir ekki endar maður í vítahring sem erfitt er að rjúfa. Heilsan verður að ganga fyrir og ég náði að hvíla mig vel í júní og safna kröftum. Hins vegar var

hræðilega erfitt að þurfa að sleppa þessum tónleikum enda var ég búin að hlakka til allan veturinn. Það var fyrir mig huggun harmi gegn að Eivör komst ekki heldur því með Diddú og Dísellu varð konseptið allt annað. Ég vona bara að Sinfónían endurtaki þetta við tækifæri þegar allir eru frískir.“

Ýmislegt er í farvatninu hjá Ragnheiði, til dæmis ný plata. „Þetta er í fyrsta skipti sem ég er ekki búin að plana útlínurnar nákvæmlega, ég ætla bara að leyfa þessu að gerast með einhverjum góðum mannskap.“

*Weislusetrið*

**Fundaaðstaða**  
Smaréttahlaðborð  
Konfektökukur  
Smurt brauð

*Weislupjónusta*  
*Weislusalur*

Borgartúni 6  
S. 699-1653 • 517-0102

Lýður Oddsson eldist vel

Lottóvinningshafinn Lýður Oddsson, sem leikinn er af Jóni Gnarr, er orðinn einn lífseigasti karakter íslenskrar auglýsingasögu. Lýður kom fyrst fram á sjónarsviðið í apríl árið 2005 og er því orðinn rúmlega tveggja ára gamall. „Það eru til herferðir sem hafa verið keyrðar lengur en kannski ekki samfelld eins og raunin er með Lýðu,“ segir Stefán Pálsson, markaðsstjóri Íslenskr-

ar getspar, en það er auglýsingastofan ENNEMM sem á heidurinn að auglýsingunum og hugmyndinni á bak við þær.

Spurður hvort herferðin vinsæla hafi skilað tilhlýðilegum árangri segir Stefán að erfitt sé að meta slíkt. „Það skiptir svo miklu máli í lottósölu hversu stór potturinn er. En það varð 5-7% söluaukning á milli árunna 2004 og 2005 hjá okkur. Þetta skilar sér líka í skemmtilegri ímynd fyrir Lottó í heild.“ Stefán segir Getspármenn ánægða með að hafa hitt svona vel á þjóðarsálinu. „Fólk virðist ekki verða leitt á Lýðu og vitnar mikið í hann. Síðasta dæmið er konan hans Bjarna Ármanns sem kallaði hann víst Lýðu sinn Oddsson. Okkur fannst mjög gaman að því.“ - sök




LÝÐUR ODDSSON Lýður er orðinn einn langlífasti karakter íslenskrar auglýsingasögu.

**VELJUM LÍFIÐ**

NÚ ER KÁTT Í HÖLLINNI

# RISA

## MARKAÐUR



Í LAUGARDALSHÖLLINNI



SUMAR  
**Svali**  
SYKURSKERTUR  
FYRIR BÖRNIN  
\*meðan bírgötir endast



HOPPUKASTALI  
& RISARENNIBRAUT

Íslensk tónlist

### TÓNLIST

- erlend tónlist - klassík - jazz

Grid of music CD/DVD covers with prices:

- KR. 499
- KR. 699
- KR. 1499
- KR. 999
- KR. 899
- KR. 499
- KR. 999
- KR. 1499
- KR. 1299
- KR. 1599
- KR. 999
- KR. 999
- KR. 1299
- KR. 1499
- KR. 699
- KR. 1299
- KR. 1299
- KR. 1999
- KR. 899
- KR. 1299

*Dú sundir  
titla í boði*

### TÖLVULEIKIR

### DVD MYNDIR

Leikir á allar leikjarvélar  
PC - Playstation 2 - PSP - Xbox - Nintendo

**KR. 899**  
HVER MYND

Game covers with prices:

- KR. 1999
- KR. 1499
- KR. 1999

Game covers with prices:

- KR. 1999
- KR. 999
- KR. 1999

*Nóg af  
bílastæðum*

Movie DVD covers:

- BO RAT
- caso kale
- with me sunshine
- erogod
- DEVIL PRADA
- TUCKER DIE
- ISÖL 2

**OPHD 11 - 19 ALLA DAGA VIKUNNAR**



## BAKÞANKAR

JÓNS ARNAR MARINÓSSONAR

### Biljónsdagbók 15.7.2007

OMXI15 var 8.701,60, þegar heilinn bílaði í sjálfvirku garðsláttuvélinni, og Dow Jones var 13.577,30 þegar vélin var búin að tæta 70 sentímetra skarð í gegnum dalíubeðið og mér tókst loks að stöðva hana mitt inni í rósareitnum sem Mallí var verðlaunuð fyrir á ársþingi Garðyrkjufélagsins í september. Mallí fór í rúmið og vélin fór í viðgerð. Mallí er ekki enn komin fram úr núna um miðnættið en vélin á að koma úr viðgerð ekki á morgun heldur hinn.

ÉG bankaði á svefnherbergishurðina um kvöldmatarleytið og spurði vingjarnlega hvort Mallí vildi ekki fá grillaða nautalund með bernes og öllu tilheyrandi. Ég lagði eyrað við hurðina ef vildi til að Mallí tuldraði undan sænginni. Ég dauðsé eftir að hafa lagt höfuðið svona þétt upp að hurðinni því að Mallí kastaði einhverju niðþungu í hurðina. Það syngur enn í eyranu á mér. Það er eins og áhugafólki um garðyrkju sé fyrirmunað að skilja að hátæknihlutir eins og sjálfvirkar garðsláttuvélar geta bílað. Rétt eins og við mannfólkið. Ég vona bara að Mallí komist í lag.

ÉG hefði ekki haft neinn að tala við í allan dag (ég kalla það ekki að tala að babbla við Elzbietu upp úr pólsk-íslenska orðalistanum) ef Stebbi í Neptúnus hefði ekki litið inn. Ég varð feginn að sjá hann birtast því að Stebbi veit allt um einkaþotur eftir að hann keypti sér eina í félagi með nokkrum útgerðarmönnum. Ég hef í meira en mánuð verið að reyna að ákveða hvort ég ætti heldur að kaupa Gulfstream 450 eða Gulfstream 550 og þarna birtist svo allt í einu maðurinn sem gat gefið mér sérfræðiálit og endanlegt svar.

ÞVI miður var Stebbi ófáanlegur til að segja mér hvort væri flottara að eiga Gulfstream 450 eða 550. Hann þusaði í tvo tíma út af sjávarútvegsráðherra og skerðingunni á þorskkvótanum og lýsti því fyrir mér hvað það væri skelfilegt að neyðast til að segja upp fólki. Ég sagði að það fylgdi bíssness að þurfa að taka óvinsælar ákvarðanir. Það væri okkar hlutverk að hugsa um rekstrargrundvöllinn og ég hefði samúð með honum en ég væri spenntari fyrir að fá álit hans á því hvort ég ætti að kaupa þotu sem hefði flugdrægni í einum rykk suður í Karíbahaf.

STEBBI sagði taktlaust að vera að hugsa um einkaþotur. „Kvótaskerðingin á eftir að skilja mig eftir jafn sundurtættan og dalíubeðið þarna. Ég hef enga áþægju af að segja upp fólki sem vinnur vel og sættir sig við lág laun.“ – Kæra dagbók, við erum engu nær um hvora Gulfstream-þotuna er rétt að kaupa. Mallí var að koma fram.

Auglýsingasími

512 50 50

- Mest lesið

www.icelandexpress.is/afangastadir

# Farðu þvers og kruss um Skandinavíu!



## Flug með Iceland Express, bíll frá Budget og heim frá öðrum áfangastað

Skandinavía er dásamleg og Iceland Express býður þér ódyrt flug til Stokkhólms, Gautaborgar, Óslóar, Kaupmannahafnar og Billund. Skelltu þér út, leigðu ódyran bílaleigubíl og kannaðu fögur svæði Svíþjóðar, Noregs og Danmerkur, allt í sömu ferðinni. Svo er ekkert mál að fljúga til eins áfangastaðar og fara heim frá öðrum.

Þú bókar ódyrt fargjald til Skandinavíu á [www.icelandexpress.is](http://www.icelandexpress.is) og bílaleigubílinn á [www.icelandexpress.is/bilaleiga](http://www.icelandexpress.is/bilaleiga)



» BÖRN:

50%

Börn, 11 ára og yngri í fylgd með fullorðnum, fá heimingsafslátt af verði fyrir skatta og gjöld.

Iceland Express, Grimsbæ, Efstalandi 26, Sími 5 500 600

[www.icelandexpress.is](http://www.icelandexpress.is)

HEILSÁRSFLUG  
TIL KØBEN  
OG BILLUND!

